

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

BB
Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 22. desember 2004 · 52. tbl. · 21. árg.

Egill rauði strandar

– hálf öld liðin frá björgunarafrekinu mikla undir Grænihlíð. Sjá viðtöl við skipbrotsmann, og björgunarmenn á bls. 10-17



Skáldið með hattinn

– sjá viðtal við rithöfundinn og skáldið Eirík Örn Norðdahl á bls. 29

Árin með Rabba

Friðgerður Guðmundsdóttir, ekkja Rafns Jónssonar segir frá ævi þeirra saman. Sjá miðopnu.

Gleðileg jól!

Samkaup úrval

OPIÐ:
virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21

Verið velkomin!

Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að landi-, sjó- og flugflutningi, vöruðreilingu og geymslu. Sérstök áherslu er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og félagsins að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

EIMSKIP
Korngarðar 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

Og Vodafone þjónusta í Netheimum á Ísafirði

Í Netheimum við Silfurtorg hefur verið opnuð Og Vodafone verslun þar sem starfsfólk Netheima veitir viðskiptavinum Og Vodafone alla þá þjónustu sem stendur til boða í verslunum fjarskiptafyrirtækisins í Reykjavík. Netheimar ehf. varð nýr umboðsaðili Og Vodafone á Ísafirði fyrir skemmstu. „Móttökurnar hafa verið mjög góðar og hafa á annað hundrað manns fært sig yfir til Og Vodafone frá því að Netheimar tóku við sem umboðsaðili. Við höfum ekki verið með eiginleg opnunartilboð enda dettur þetta inn í jólavertíðina. Og Vodafone, og forverar þess fyrirtækis, hafa löngum verið þekktir fyrir jólatilboð langt út fyrir sína sveit. Þau standa nú Ísfirðingum og nágrönnum til boða í sinni heimabyggð", segir Magnús Hávarðarson í Netheimum.

Starfsleyfi bílapartasölu í Hnífsdal samþykkt

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt starfsleyfi fyrir bílapartasölu að Stekkjargötu 21 í Hnífsdal.

Það er Þorbjörn Steingrímsson, landsþekktur bílasafnari, sem þarna hyggst starfrækja partasölu. Umhverfisnefnd samþykkti notkun lóðarinnar til þessarar starfsemi „enda verði bílum lagt á bílastæði við norðaustur hlið hússins og bílastæðið girt af með a.m.k. tveggja metra hárri heilklæddri girðingu", segir í bókun nefndarinnar.

Lýsa áhyggjum vegna breytinga á rekstri ratsjárstöðva

Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykki samhljóða ályktun í síðustu viku þar sem lýst er yfir verulegum áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli. „Bæjarstjórn Bolungarvíkur leggur áherslu á að störfum fækki ekki í Bolungarvík og óskar eftir því að skoðað verði hvort mögulegt geti verið að öðrum ratsjárstöðvum á Íslandi verði fjarstýrt frá Bolafjalli í stað Miðnesheiðar. Einnig að skoðað verði hvort önnur störf á vegum Ratsjárstofnunar geti flust til Bolungarvíkur" segir í ályktuninni.

Vestfirðingar aka um 4-6 hálkuvarnarflokka á leið sinni frá Reykjavíkur

Á leiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar eru því sex hálkuvarnarflokkar í gildi

Vegfarendur sem aka frá Reykjavík til Vestfjarða aka á leiðinni um fjóra til sex flokka í hálkuvörnum án þess að slíkt sé með nokkru móti auglýst eða kynnt á leiðinni. Reglur um vetrarþjónustu hafa ekki farið mjög hátt og því ekki ólíklegt að misjafnar reglur valdi ruglingi og fölsku öryggi hjá vegfarendum. Eins og kemur fram á öðrum stað hér í blaðinu er þjóðvegum landsins skipt í flokka í vetrarþjónustu Vegagerðarinnar og er því misjafnt eftir svæðum hvernig staðið er að hálkuvörnum. Breytingar á veðurfari undanfarinna ára hafa gert það að verkum að nú þarf mun oftar að grípa til hálkuvarna en áður.

Vegfarandi sem leggur af stað keyrandi frá Reykjavík áleiðis til Patreksfjarðar ekur upp á Kjalarnes á vegum þar sem allri hálku er eytt allan sólarhringinn. Frá Hvalfjarðargöngum og að gatnamótum Bröttubrekku er ekið á vegarkafla þar sem allur vegurinn er hálkuvarinn komi flughálka upp. Vegurinn um Bröttubrekku að Búðardal er hins vegar einungis hálkuvarinn á varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður þegar flughálka kemur upp. Eftir Búðardal og alla leið til Patreksfjarðar er ekið á vegum sem aðeins eru hálkuvarðir á mjög varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður.

Þegar vegfarandi sem ekur frá Reykjavík til Ísafjarðar ekur um Borgarfjörðinn og kemur að gatnamótum Bröttubrekku breytast hálkuvarnarreglurnar og yfir Holtavörðuheiði og að Brú í Hrútafirði er ekið á vegi sem hálkuvarinn er á varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður þegar flughálka kemur upp. Frá Brú í Hrútafirði og til Súðavíkur er ekið á vegi sem aðeins er hálkuvarinn á mjög varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður í flughálku. Í Súðavík skiptir aftur um flokk og þá er hálkuvarinn vegurinn í botn Skutulsfjarðar á varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður. Frá Holtahverfi og útá Eyri við Skutulsfjörð er ekið á vegi sem allur er hálkuvarinn komi flughálka upp. Á leiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar eru því sex hálkuvarnarflokkar í gildi.

Vegafarendur sem um þjóðvegina fara verða því ekki aðeins að vera vel að sér í landafræði til þess að vita hvar hálkuvarnarreglur breytast heldur einnig að vita hvar mjög varasamir staðir eru til þess að geta hagað akstri í samræmi við aðstæður. *– hj@bb.is*

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2005

Launakostnaður eykst

Heildartekjur Ísafjarðarbæjar og stofnana hans eru áætlaðar rúmar 2.086 milljónir króna á næsta ári og er það tæp 9% hækkun á milli ára. Rekstrarútgjöld bæjarins hækka úr 1.918 milljónum króna frá áætlun þessa árs í 2.133 milljónir króna á næsta ári eða um 11,2%.

Laun og launatengd gjöld eru áætluð 1.064 milljónir króna í stað 970 milljóna króna á þessu ári. Hækkunin nemur því 94 milljónum króna eða um 9,7%.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á sama tíma úr 948 milljónum króna í 1.069 milljónir króna eða um 12,7%. Afskriftir nema rúmum 95 milljónum króna eða sömu fjárhæð og áætlað er að þær verði á yfirstandandi ári. Rekstur bæjarins er því neikvæður um 47 milljónir króna áður en kemur að afskriftum, fjármagnsgjöldum og afborgunum lána.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda verður reksturinn neikvæður um tæpar 152 milljónir króna á næsta ári en í ár er hann áætlaður rúmar 124 milljónir króna.

Í lok næsta árs er reiknað með að heildarskuldir Ísafjarðarbæjar að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum verði um tæpar 1.329 milljónir króna og munu því aukast um rúmar 177 milljónir króna á árinu. *– hj@bb.is*

Bæjarráð vill hafna tilboði í Grunnskólann á Núpi

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vill hafna eina tilboðinu sem barst í húsnæði Grunnskólans á Núpi en það var auglýst til sölu öðru sinni á dögunum. Jafnframt vill bæjarráð skýringar á því hvers vegna eignin var auglýst að nýju og hvort rætt hafi verið við fyrri tilboðsgjafa. Þegar húsið var auglýst í fyrsta sinn bárust sjö tilboð og var það hæsta að upphæð 8,85 milljónir króna. Næst hæsta tilboðið var að upphæð 8 milljónir króna. Þegar sá aðili sem átti hæsta tilboðið gat ekki staðið við það var ákveðið að auglýsa húsið að nýju. Það var gert með þeim árangri að aðeins eitt tilboð barst. Það var frá Rnes ehf. að upphæð 1,7 milljónir króna.

Sjaldgæft skordýr fannst í Húsasmiðjunni á Ísafirði

Skortíta af tegund sem ekki er til hérlendis fannst í timbursölu Húsasmiðjunnar á Ísafirði í síðustu viku. „Skordýrið fannst með sendingu af þakpappa frá Ítalíu og því teljum við að hún sé þaðan komin", segir Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða en þar er paddan nú í vörslu. Umrædd skortíta var af algengri ætt skortíta, Pentatomidae. „Flestar af þessari ætt sjúga plöntusafa, þó eru sumar sem sjúga blóð. Til eru yfir 3000 tegundir af þessari ætt og við höfum ekki náð ennþá að greina hana til tegunda", segir Þorleifur. Að hans sögn berast stöðugt flækingar af ýmsum tegundum til landsins en það sé yfirleitt ekkert áhyggjuefni. „Þó kemur fyrir að skordýr ílengist hérlendis eins og við sjáum með geitunginn sem nú er orðinn landlægur hér."



Skortítan er til vörslu hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

Skortítan verður geymd hjá Náttúrustofunni og sett í alkóhól og geymd þar til frambúðar. „Hugsanlega munum við leita til erlendra sérfræðinga til að afla okkur upplýsinga um skortítuna ef ske kynni að fleiri hennar tegundir myndu flækjast á þessar slóðir", segir Þorleifur. Hægt er að greina skortítur á því að frambolurinn myndar þykkildi, nokkurs konar skel við vængrætur, sem gengur aftur í brodd og myndar þríhyrning.

Fasteignagjöld í Ísafjarðarbæ

Hækka um 11-14% samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun

Fasteignagjöld í Ísafjarðarbæ hækka samtals um 11-14% á næsta ári miðað við óbreytt fasteignamat nái tillögur meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar fram að ganga við seinni umræðu um fjárhagsáætlun bæjarins. Fyrri umræða fór fram í síðustu viku. Hækkanir þessar geta orðið ennþá meiri ef fasteignamat hækkar á milli ára, en það kemur í ljós á miðvikudag. Af einstökum gjöldum hækkar sorpgjald um rúm 28% og holræsagjald hækkar um rúm 22%. Í síðustu viku fór fram fyrri umræða um fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Útsvarsprósentan er óbreytt enda hefur verið innheimt hámarksútsvar lögum samkvæmt eða 13,03%.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði hækkar úr 0,41% í 0,43% af fasteignamati eða um 4,87%. Lóðarleiga helst óbreytt, 1,5% af fasteignamati lóðar íbúðarhúsnæðis. Vatnsgjald hækkar úr 0,28% af fasteignamati í 0,30%.eða um 7,14%. Þá hækkar holræsagjald úr 0,18% í 0,22% eða um 22,2% og sorpgjald hækkar úr 11.000 krónum á íbúð í 14.100 kr. á íbúð eða um 28%.

Misjafnt er hvernig þessar hækkanir koma niður á fasteignaeigendum. Af einbýlishúsi af algengri stærð á Ísafirði nemur hækkun fasteignagjalda 13-14%. Af íbúðum í fjölbýlishúsum nemur hækkunin 11-12% á íbúð eftir stærð þeirra. Þessar tölur eru miðaðar við fasteignamat á þessu ári. Hækki það á milli ára verður hækkun gjaldanna meiri. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins mun nýtt fasteignamat liggja fyrir í dag, miðvikudag.

– hj@bb.is

Ísafjörður.

Magni Örvar Guðmundsson afhenti Jóni Páli ritið.

Stjórn Sögufélags Ísfirðinga

Heiðraði formann sinn með afmælisriti

Stjórnarmenn í Sögufélagi Ísfirðinga afhentu Jóni Páli Halldórssyni, formanni félagsins, fyrsta eintakið af ritinu Vestanlæðum við athöfn í Safnahúsinu á Eyrartúni á föstudag. Vestanlæður er afmælisrit tileinkað Jóni Páli í tilefni af 75 ára afmæli hans þann 2. október og inniheldur ritverk vina hans og samferðarmanna.

Jón Páll tók sæti í stjórn Sögufélagsins árið 1960 og með aðalstarfi sínu sem framkvæmdastjóri Norðurtangans hf. til 1996 hefur hann verið formaður Sögufélagsins frá 1979. Hann hefur skrifað greinar og sagnfræðirit auk þess að vera ötull málsvari verndunar gamals fróðleiks og minja.

– thelma@bb.is

Hafist handa við að steypa nýtt íþróttahús á Suðureyri

Fyrstu steypunni í nýtt íþróttahús á Suðureyri var hellt í mótin á laugardag. Það voru starfsmenn Ágúst og Flosa ehf. sem unnu við verkið í fimm gráðu frosti og luku verkinu á laugardagskvöld.

Til þess að fyrirbyggja frostskemmdir var segl breitt yfir mótin og þeim haldið heitum með kraftmiklum hitablásurum. Hið nýja íþróttahús verður á sjötta hundrað fermetrar að gólffleti og mun kosta Ísafjarðarbæ 57 milljónir króna. Byggingu á að vera lokið í sextándu viku næsta árs. Fyrsta skóflustunga var tekin að húsinu í lok ágúst.

– hj@bb.is

Fyrsta steypan rennur í mótin. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hrossasmölun í Hnífsdal

Hnífsdælskum hrossum var smalað í gerði á laugardag, alls um 60 talsins. Flest hrossin voru á beit í austanverðum dalnum og voru þau rekin með aðstoð lögreglu þvert yfir Hnífsdal og að hesthúsum. „Þetta er yfirleitt gert viku fyrir jól, þá er öllum hestunum sem geymd hafa verið í haustbeitinni í dalnum smalað í gerði. Þar sortera menn hrossin, taka sína hesta og fara með þá í hús", segir Ingibjörg María Guðmundsdóttir, hestaeigandi.



Hrossunum var smalað í gerði. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Maggý hefur lamast nær algjörlega

– Vestfirðingurinn Magnea Karlsdóttir greindist með MND sjúkdóminn fyrir tveimur árum. Upplestur verður á Langa Manga á Þorláksmessu til styrktar MND félaginu í nafni Magneu

Magnea Karlsdóttir greindist með taugasjúkdóminn MND fyrir um tveimur árum síðan. Líftími sjúklinga sem greinast með MND er eitt til sex ár. Magnea verður 45 ára gömul í lok janúar á næsta en hún er fædd og uppalin í Ísafjarðardjúpi. Eiginmaður Magneu eða Maggý eins og hún er jafnan kölluð er Halldór Jónsson húsasmíðameistari og eiga þau þrjú börn. Maggý og Halldór bjuggu á Ísafirði í 8 ár. Samskipti Magneu við umheiminn fara fram í gegnum tölvu. Hún hefur misst nær allann mátt í líkamanum og hún skrifar á tölvuna með sérstakri höfuðmús með því að hreyfa höfuðið. „Ég er alveg máttlaus en næ að stjórna höfðinu og hef einhvern ofurkraft í vinstri vísifingri sem ég get notað á músin í tölvunni, en bendilinn hreyfi ég með höfuðmúsinni," skrifar Magnea en annar Vestfirðingur, Rafn Jónsson lést eftir áralang baráttur við sjúkdóminn í sumar. Bæði bera þau miklar tilfinningar til Vestfjarða og margir ættingja þeirra búa á Vestfjörðum. „Við byrjuðum okkar búskap á Ísafirði haustið 1978, krakkar að aldri, finnst mér núna, ég 18 og Halldór 21. Þetta voru góð, skemmtileg og viðburðarík ár fyrir vestan. Eldri dætur okkar tvær eru fæddar þar," skrifar Maggý og bætir við. „Mér er oft hugsað vestur." Á Þorláksmessu mun Elfar Logi Hannesson veitingamaður á Langa Manga lesa Jólasögu Dickens. Elfar Logi hefur tvívegis áður lesið jólasöguna og látið allan aðgangseyri renna til líknarmála, auk þess sem styrktarreikningur hefur verið opnaður. Í ár verður MND félagið styrkt í nafni Magneu Karlsdóttur.

Hvað finnst Magneu um það? „Já, það er góð tilfinning að geta lagt lið, þannig að félagið njóti góðs af. Það hefur verið ómetanlegt að hafa félagið, fyrir okkur sjúklingana og aðstendur," skrifar Maggý en Friðgerður Guðmundsdóttir, ekkja Rafns Jónssonar er framkvæmdastjóri MND félagsins. Maggý sendir vinum og vandamönnum á Vestfjörðum kveðjur. „Ég sendi þeim öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsældar á komandi árum, einnig til starfsfólksins á sjúkrahúsinu, en þar dvaldi ég í tvö seinustu skiptin sem við komum vestur." Upplesturinn á Langa Manga hefst klukkan 16:00 á Þorláksmessu og á klukkustundarfresti verða pásur þar sem ýmis atriði verða flutt. Styrktarreikningur hefur verið opnaður í Landsbanka Íslands og eru einstaklingar og fyrirtæki hvött til að styrkja MND félagið. Allur aðgangseyrir af upplestrinum og því sem safnast á styrktarreikninginn rennur til framkvæmdasjóðs MND félagsins. Meðal þess sem framkvæmdasjóðurinn hefur keypt upp á síðkastið eru sérsakök rúm sem gefin hafa verið á líknardeild Landspítalans og taugadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss.

Maggý í hjólastólnum fyrir framan tölvuna. Á enni hennar er spjald og með höfuðhreyfingum hreyfir hún bendil tölvunnar en sérstakt lyklaborð er á skjánum. Maggý er algjörlega lömuð að öðru leyti, utan þess að hún hefur kraft í vísifingri vinstri handar sem hún notar til að smella á músahnappinn. Halldór eiginmaður hennar stendur fyrir aftan hana. Ljósmynd/Jóhannes Kr. Kristjánsson.

Vegurinn um Ísafjarðardjúp frá Súðavík og um Strandir að Brú í Hrútafirði

Einungis hálkuvarinn við sérstakar aðstæður

Vegurinn um Ísafjarðardjúp frá Súðavík og um Strandir að Brú í Hrútafirði er í svokölluðum fjórða flokki þegar kemur að hálkuvörnum á vegum. Í þeim flokki er vegur einungis hálkuvarinn á mjög varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður þegar flughálka kemur upp eða hætta er á að slík hálka geti myndast. Á þeim stöðum má svokallaður hálkustuðull aldrei vera lægri en 0,15 þ.e. að stöðvunarvegalengd ökutækis má ekki vera meiri en 100 metrar sé ekið á 60 km/klst. Sem dæmi um slíkan stað má nefna Kambsnes milli Álftafjarðar og Seiðisfjarðar í Djúpi. Á milli þessara mjög varasömu staða er því ekki hálkuvarið sé reglum fylgt.

Vetrarþjónustu Vegagerðarinnar er skipt í fimm flokka. Flokkaskiptingin ræðst m.a. af fjarlægð á milli staða og fjölda bifreiða sem um vegina fara. Í fyrsta flokki er yfirborði vegar haldið hreinu af snjó og ís allan sólarhringinn, allan veturinn. Vegir í þessum flokki eru hálkuvarðir hvenær sem hálka kemur upp eða hætta er á að hálka geti myndast. Í þessum flokki eru vegir í kringum Reykjavík þ.e.a.s. Reykjanesbraut, vegurinn upp á Kjalarnes og Hellisheiði. Með minnkandi umferð fer þjónustustigið lækkandi. Í öðrum þjónustuflokki er einungis einn vegarkafli á Vestfjörðum þ.e. vegurinn milli Hnífsdals og Holtahverfis í Skutulsfirði. Í þriðja flokki eru vegirnir á milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðum Vestfjörðum. Í þessum flokki skulu vegir hálkuvarðir á varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður þegar flughálka kemur upp eða hætta er á að slík hálka geti myndast. Viðnámsstuðull skal þar aldrei vera lægri en 0,15, þ.e. að stöðvunarvegalengd ökutækis má ekki vera meiri en 100 m sé ekið á 60 km/klst og á mjög varasömum stöðum aldrei lægri en 0,25, þ.e. að stöðvunarvegalengd ökutækis má ekki vera meiri en 60 m sé ekið á 60 km/klst.

Undanfarnir vetur hafa verið öðruvísi á Vestfjörðum en menn eiga að venjast. Snjóalög eru mun minni en í venjulegu árferði og umhleypingar hafa aukist. Þessar breytingar hafa mjög sagt til sín í færð á vegum. Stöðugar breytingar í veðurfari hafa fjölgað mjög hálkudögum á landinu öllu. Á sama tíma hefur umferð um þjóðvegi aukist mjög mikið og þá sérstaklega umferða flutningabíla. Aukin hálka hefur kallað á síauknar hálkuvarnir og þar sem mestur kraftur fór á árum áður í snjómokstur eins og á leiðinni frá Brú í Hrútafirði og til Ísafjarðar þurfa nú starfsmenn Vegagerðarinnar að hálkuverja af miklum móð. En það dugir ekki til eins og vegfarendur á þeirri leið hafa fundið fyrir undanfarna vetur. Er nú svo komið að vegfarendur eiga í miklum erfiðleikum með að aka þessa leið. Ekki vegna snjóa heldur vegna mikillar hálku. Eru fjölmörg dæmi þess að fólk treysti sér ekki og sé hreinlega ráðið frá því að aka um Ísafjarðardjúp og Strandir vegna hálku. Einnig hafa flutningabílstjórar átt í miklum vandræðum á sinni leið.

Flokkaskiptingin getur ein og sér einnig valdið vegfarendum vandræðum. Eins og fram kom áður eru vegir á milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðum Vestfjörðum í þriðja flokki. Þegar hálka myndast eru slíkir vegir settir í forgang gagnvart vegum í lægri flokkum eins og um Ísafjarðardjúp. Því hefur sú staða komið upp að hálkuvarnir á vegum í Ísafjarðardjúpi hafa þurft að bíða á meðan barist er við hálku á vegum í þriðja flokki. *– hj@bb.is*

Vegirnir milli Ísafjarðar og Súðavíkur annars vegar og Ísafjarðar og Bolungarvíkur hins vegar falla báðir í þriðja flokk.

Bensínstöðvar Atlantsolíu á Skeiði

Framkvæmdir hefjast fljótlega

Geir Sæmundsson framkvæmdastjóri Atlantsolíu ehf. segir að bygging bensínstöðvar fyrirtækisins á Ísafirði hefjist mjög fljótlega en sem kunnugt er hefur umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkt byggingarleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð félagsins á Skeiði í Skutulsfirði. Geir segir að stöðin á Ísafirði sé sú næsta í röðinni í uppbyggingu stöðva félagsins en nú nýverið hófst bygging stöðvar við Sprengisand í Reykjavík.

„Þessa dagana erum við að leysa ýmis mál er tengjast tæknilegri útfærslu við bygginguna og erum að byrja viðræður við hugsanlega verktaka við framkvæmdina. Því vonumst við til þess að framkvæmdir geti hafist mjög fljótlega. Okkar keppikefli er að opna sem allra fyrst fyrir vestan til þess að þar geti hafist raunveruleg samkeppni á eldsneytismarkaði. Við höfum fundið fyrir miklum væntingum vestra og okkar takmark er að valda fólki þar ekki vonbrigðum. Því munum við opna eins fljótt og aðstæður leyfa“, segir Geir. *– hj@bb.is*

Áskriftarsíminn er 456 4560

HG styrkir Sigurvon

Stjórnendur Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., hafa ákveðið að senda ekki út jólakort til starfsmanna eða viðskiptavina fyrirtækisins fyrir þessi jól, né vera með aðrar sérstakar kveðjur fyrir hátíðarnar. Þess í stað færði fyrirtækið Krabbameinsfélaginu Sigurvon, andvirði kortanna að gjöf, og tók Sigurður Ólafsson, formaður Sigurvonar við gjöfinni. Sigurður segir félagið afar þakklátt HG fyrir gjöfina sem renna mun óskipt í styrktarsjóð fyrir krabbameinssjúka á starfssvæði félagsins á norðanverðum Vestfjörðum. Styrktarsjóðurinn var stofnaður fyrr ár þessu ári er Bónus færði félaginu eina milljón að gjöf sem stofnframlag.

Sigurður Ólafsson, formaður Sigurvonar veitir gjöfinni viðtöku úr hendi Einars Vals Kristjánssonar, framkvæmdastjóra HG.

Skipstjóra- og stýrimanna-félagið BYLGJAN

Aðalfundur félagsins verður haldinn á veitingahúsinu Langa Manga á Ísafirði 31. desember nk. (á gamlársdag) kl. 14:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Önnur mál.

Félagar fjölmennið. Stjórnin.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Felur bæjarráði að móta tillögur vegna úthlutunar byggðakvóta

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti samhljóða að heimila bæjarráði að ganga frá tillögu vegna úthlutunar byggðakvóta þess er í hlut sveitarfélagsins kom við úthlutun sjávarútvegsráðuneytisins á dögunum. Þá úthlutaði ráðuneytið 120 þorskígildistonnum til Ísafjarðarbæjar alls auk þess sem úthlutað var 60 þorskígildistonnum sérstaklega til Þingeyrar og 30 þorskígildistonnum til Hnífsdals.

Sveitarfélög hafa frest til 1. janúar til þess að móta tillögur að reglum er gilda skulu við úthlutun byggðakvótans. Komi ekki fram tillögur eða fallist sjávarútvegsráðuneytið ekki á tillögur sveitarfélaganna úthlutar Fiskistofa byggðakvótanum til allra skipa í sveitarfélaginu í hlutfalli við kvótaeign þeirra. Á síðasta ári er byggðakvóti kom í hlut Ísafjarðarbæjar setti bæjarstjórn ekki reglur um úthlutun hans og var honum því úthlutað af Fiskistofu. *– hj@bb.is*

ritstjórnargrein

Gleymum þeim ekki

„Það væri mikill hroki að halda að ekkert sé æðra manni sjálfum. Ég hef einhvern tíma sagt að sá sem hefur sjálfan sig að hugsjón getur ekki þjónað öðrum. Það held ég að sé ekki mjög eftirsóknarverð hugsjón.“

Framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fundaði nýverið í Reykjavík. Forvitnilegt mun þeim þótt hafa, er þar standa við stjórnvöl, að heimsækja land,sem framan af tuttugustu öldinni var ekki fjarri því að teljast vanþróað, en státar nú af því að vera í fremstu röð á fjölmörgum sviðum og ofarlega á lista hinna auðugustu ríkja.

Á næsta ári eru liðnir sex áratugir síðan mesta hildarleik mannkynsins, seinni heimsstyrjöldinni, lauk. Á þeim tíma hafa þjóðirnar sem verst urðu úti í stríðsátökunum náð að rísa úr öskustónni, þótt með mismunandi hætti og árangri hafi verið.

Þegar styrjöldinni lauk sögðu leiðtogar heimsveldanna að slíkar hörmungar mætti aldrei aftur leiða yfir heimsbyggðina. Stríðsátök áratuganna sex benda þó ekki til þess að orð þessara manna hafi verið tekin alvarlega. Blóðug saga margra styrjalda á þessum árum er dapur vitnisburður. Við höfum lítið lært.

„Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarkalausa trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt.“(1Kor)

Meginverkefni þjóðastofnunarinnar með langa nafnið er að útrýma fátækt og hungri í heiminum. Háleitt markmið. Og ekki skal efast um góðan vilja. En hvernig hefur til tekist? Þrátt fyrir allt ríkidæmið í veröldinni sveltur helmingur allra barna í heiminum.

Hvað veldur þessum hörmungum? Er sú mikla þekking sem maðurinn býr yfir ef til vill í molum? Erum við ef til vill of mörg, sem höfum okkur sjálf að hugsjón? Jólin eru hátíð friðar og fögnuðar. Hátíð barnanna, segjum við. Gleymum þeim ekki. Látum sönginn um Guð í hæstum hæðum hljóma áfram þótt jólunum ljúki.

Bæjarins besta sendir landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól.

s.h.

Tilv.: Njörður P. Njarðvík í blaðaviðtali.

orðrétt af netinu

Alvarleg atlaga að frelsi og réttindum einstaklinga

Fáar hugsjónir njóta góðs af því að vera í tísku. Nú á dögum er t.d. í tísku að styðja „frelsið“. Augljóslega er þó misjafnt hvað það merkir eftir því hver talar. T.d. segja George Bush Bandaríkjaforseti og taglhnýtingar hans í öllum löndum það vera í þágu frelsisins að saklaust fólk sé sprengt í tætlur. Undir þetta taka margir sem kalla sig frjálshyggjumenn

En það eru ekki einungis stríðsæsingar sem valda því að ekki er hægt að taka þá, sem kenna sig við frjálshyggju á Íslandi, alvarlega. Þar skiptir meira máli að þeir styðja við bakið á ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokksins. Og sú ríkisstjórn hefur gert eina alvarlegustu atlögu að frelsi og réttindum einstaklinga í sögu lýðveldisins með samþykkt svo kallaðra „útlendingalaga“.

murinn.is – Sverrir Jakobsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Fréttastjóri:** Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, *halfdan@bb.is* – **Blaðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Stefnubreyting vegna byggðakvóta Ísafjarðarbæjar?

Bæjarstjóra falið að gera tillögur að skiptingu kvótans

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að vinna tillögur að skiptingu byggðakvóta þess er úthluta var til bæjarins fyrir stuttu. Þá úthlutaði sjávarútvegsráðuneytið 120 þíg.tonnum til Ísafjarðarbæjar alls auk þess sem úthlutað var 60 þíg.tonnum sérstaklega til Þingeyrar og 30 þíg.tonnum til Hnífsdals. Sem kunnugt er hafa sveitarfélög frest til 1. janúar til þess að móta tillögur að reglum er gilda skulu við úthlutun byggðakvótans. Komi ekki fram tillögur eða fallist sjávarútvegsráðuneytið ekki á tillögur sveitarfélaganna úthlutar Fiskistofa byggðakvótanum til allra skipa í sveitarfélaginu í hlutfalli við kvótaeign þeirra.

Til Hnífsdals var veitt 30 tonna byggðakvóta.

Á síðasta ári þegar byggðakvóta var úthlutað hafnaði meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar því að setja reglur til úthlutunar og bókaði þá meðal annars: „Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á að úthlutun byggðakvóta er ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar. Það er verkefni sjávarútvegsráðherra að ákveða forgangsröðun og úthlutun samkvæmt henni. Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að 118,9 tonn af 1.500 fyrir þetta fiskveiðiár komi til úthlutunar innan Ísafjarðarbæjar. Til stuðnings þeirri ákvörðun styðst ráðherra við ákveðið kerfi, sem gefur til kynna mismunandi vægi milli byggðarlaga innan sveitarfélagsins. Bæjarstjórn hafði engin áhrif á það kerfi ráðherra, sem forgangsraðar milli sveitarfélaga og byggðarlaga. Þess vegna er eðlilegast að ráðherra úthluti sjálfur byggðakvótanum og geri það með þeim hætti, sem hann telur nýtast viðkomandi útgerðum best. Ráðherra hefur áður úthlutað byggðakvóta, hann hefur sett fordæmið og þess vegna eðlilegast að hann ljúki málinu sjálfur án íhlutunar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Aðalatriðið er að byggðakvótinn komi til viðkomandi sveitarfélags og nýtist atvinnulífinu þar til uppbyggingar.“

Það verður því um stefnubreytingu að ræða hjá meirihluta bæjarstjórnar ef niðurstaðan nú verður sú að setja reglur um skiptingu kvótans. Hvort af því verður kemur í ljós síðar. *– hj@bb.is*

Þolinmæði ófaglærðra starfsmanna leikskóla Ísafjarðarbæjar er þrotin.

Mikil óánægja hjá ófaglærðu starfsfólki leikskóla Ísafjarðarbæjar

„Finnst við hafa verið dregin á asnaeyrunum“

Mikil óánægja ríkir meðal ófaglærðra starfsmanna á leikskólum Ísafjarðarbæjar vegna þess að dregist hefur að greiða út samkvæmt nýju starfsmati á opinberum stofnum. „Fólk er mjög reitt og öll okkar þolinmæði er löngu þrotin. Okkur finnst við hafa verið dregin á asnaeyrunum“, segir Bryndís Gunnarsdóttir, trúnaðarmaður leikskólans Sólborgar. Lokið var við að launatengja starfsmatið í lok nóvember en þá áttu launafulltrúar sveitarfélaganna eftir að skoða útkomuna. Starfsmatið nær aftur til 1. desember 2002 og reikna þarf leiðréttingu launa aftur um þann tíma. Í októbermánuði lagði ófaglært starfsfólk leikskóla Ísafjarðarbæjar fram undirskriftarlista hjá fræðslunefnd þar sem krafist var leiðréttinga á launum þeirra. Fékk starfsfólkið svör þess efnis að beðið væri eftir starfsmati sem var verið að vinna.

„Í október þegar rætt var um launamál okkar var okkur sagt að starfsmatið tæki gildi í nóvember. Í nóvember var okkur sagt að það tæki gildi í desember, eða eins og sagt var, eins fljótt og auðið er. Í byrjun desember kom fram að það yrði tilbúið um miðjan mánuðinn, 15. desember, en núna er okkur sagt að vinnan við starfsmatið sé ekki búin og að einhver bið verði á að borgað verði út samkvæmt því. Hið fræga svar, eins fljótt og auðið er, er það eina sem við fáum frá bænum, en það er í raun ekkert svar í okkar augum“, segir Bryndís.

– thelma@bb.is

NOKIA

Diesel Industr
DENIM DIVISION

3.000 kr.
Diesel ávísun
fylgir öllum GSM tilboðum.

NOKIA 3220
Tilboð 16.900 kr.

NETHEIMAR

og
vodafone

Aðventan í augum miðaldra manns

Maður er víst orðinn gamall þegar tíminn virðist fljúga áfram. Fyrsti sunnudagur í aðventu er nýliðinn og jólin á næsta leyti! Ég er alla vega orðinn miðaldra því að ég man þá tíð þegar allt var öðrum blæ en nú er. Í mínu ungdæmi var nefnilega aldrei neitt skreytt fyrr en á Þorláksmessu. Þá settum við pabbi upp jólatréð og aðrar skreytingar í stofunni. Ljósasería var sett á króka í svefnherbergisglugganum og upplýstum dverg, sem við höfðum fengið sendan frá útlöndum, var komið fyrir í stofuglugganum. Aðventan í þá daga var sannkallaður biðtími. Þá beið ég óþreyjufullur eftir jólunum þegar ljósin og allar skreytingarnar yrðu settar upp og lokið tekið af smákökukassanum.



Ég man líka eftir því þegar þetta breyttist. Einn daginn kom mamma heim og dró upp úr innkaupapoka rauða burst með sjö rafmagnsljósum. Sagði hún að þetta væri aðventuljós og skyldi loga úti í glugga alla jólaföstuna. Um líkt leyti kom aðventukransinn á stofuborðið. Á honum var kveikt á sunnudögum og þá lesin saga um strák, sem hitti jólasveinana. Og það sem var best af öllu; við aðventukransinn mátti smakka á piparkökunum og vanilluhringjunum meðan mamma las upp söguna.

Nú mörgum árum seinna er allt breytt. Aðventan er hætt að vera jólafasta því að enginn fastar eða lætur neitt á móti sér. Engum dettur lengur í hug að spara og geyma smákökurnar til jóla. Þess í stað gerir fólk sér glaðan dag með jólahlaðborðum og jólaglöggi. Menn eru hýrir á brá, gleði og eftirvætning er í andlitum fólks. Öll hús eru skreytt að utan og innan. Það eru perur í trjám og runnum. Og í einu húsi, sem ég kom inn í, var meira að segja búið að setja ljósaseríu á klósettkassann. Í skammdegismyrkinu glitra marglit jólaljósin. Það er í raun fátt fegurra en að ganga um bæinn á kyrrlátu kvöldi og dást að jólaljósunum og skreytingunum. Ósjálfrátt kemur þessi litagleði og sköpunarmáttur fólks manni í gott skap og skammdegisdrunginn er á bak og burt.

Mér þykir nútíminn skemmtilegur. Það pirrar mig síður en svo þó að ég hafi rekist á jólavörur í Hagkaup í lok október. Það er köllun kaupmannsins hér í heimi að selja vörur og prestur með grátt í vöngum getur ekki sagt verslunarfólki hvernig það eigi að standa að vöruframsetningu. Stundum held ég meira að segja að þessi ofgnótt af jólaskreytingum og jólavörur í búðarglugganum allan nóvember og desember sé hrein himnasending fyrir kirkjuna því að þá fá jólin að vera það, sem þau eiga að vera.

Jólin eru friðarhátíð. Þá færist ró og friður yfir þetta erilsama vinnuþjóðfélag okkar. Á jólum eru fjölskyldur saman. Við köllum á ættingja okkar og vini. Við sendum þeim kveðjur og gjafir og gleðjumst með þeim yfir góðum veitingum. Þannig innsigla jólin bæði fjölskyldu- og vinabönd. Jólahald okkar er táknræn yfirlýsing um mikilvægi fjöskyldunnar og þeirra grunngilda, sem henni tilheyra, - gilda, sem nútíminn hefur stundið unnið gegn með hraða sínum og lífsháttum sem sundra kynslóðum fremur en að sameina þær.

Og jólin eru trúarhátíð. Þau vitna um ást Guðs á mannkyni. Sú ást er ekki tjáð með jólaljósum eða glingri heldur með því að rifja upp sögu barnsins, sem var vafið reifum og lagt í jötu af því að eigi var pláss fyrir það á gistihúsi. Jólin í einfaldleika sínum er andstæða alls tilstandsins og tildursins en þau flytja okkur mjög mikilvægan boðskap um að Guði þyki vænt um alla menn. Jólin verða heilög þegar kærleiksboðskapur Guðs tekur sér bólstað í hugum og hjörtum allra manna. Slík jól vil ég halda og þau eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld.

Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði.

Aðalsteinn Eiríksson afhendir Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, fyrsta eintak bókarinnar við hátíðlega athöfn. Einnig var Þröstur Sigtryggsson fyrrverandi skipherra frá Núpi í Dýrafirði og sonur Sigtryggs viðstaddur.

Vigdísi Finnbogadóttur afhent fyrsta eintak bókar um Skrúð á Núpi

Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, var afhent fyrsta eintak bókarinnar Skrúður á Núpi - græðsla og gróður í fjörutíu ár, við athöfn í Reykjavík í síðustu viku í tilefni útkomu bókarinnar sem byggð er á dagbók séra Sigtryggs Guðlaugssonar, prófasts á Núpi í Dýrafirði. Í bókinni segir séra Sigtryggur frá tilgangi og uppbyggingu garðsins. Rakin er 40 ára ræktunarsaga og því lýst hvernig urð breytist í fallegan, gróskumikinn og eftirsóknarverðan yndisreit sem nú er einn helsti viðkomustaður á ferð um þessar slóðir, enda einn elsti og merkasti skrúðgarður landsins.

Séra Sigtryggur gerði margvíslegar tilraunir með ræktun matjurta og var langt á undan sinni samtíð en garðinn átti að nýta í kennslu í jurtafræði og garðrækt í tengslum við ungmennaskólann að Núpi. Í Skrúði er minnisvarði um séra Sigtrygg og konu hans Hjaltlínu Guðjónsdóttur á Núpi.

Dagbókartextinn er meginefni bókarinnar en auk þess er hún prýdd fjölda gamalla og nýrri ljósmynda auk teikninga og skýringatexta. Framkvæmdasjóður Skrúðs gefur bókina út en rúmlega 600 einstaklingar og fyrirtæki skráðu sig á heiðursskrá, sem prentuð er í viðauka í bókinni, og tryggðu á þann hátt útgáfu hennar.

Þeir sem hafa áhuga á að styrkja sjóðinn og eignast bókina geta haft samband við; Garðyrkjufélag Íslands í síma. 552-7721 og/eða garðurinn@gardurinn.is, Skógræktarfélag Íslands í síma: 551-8150 og/eða netfang bj@skog.is, Skógræktarfélag Dýrafjarðar í síma: 456-8201 og/eða skjol skogar@netos.is.

Atvinna

Starfskraftur óskast í bókadeild Bókhlöðunnar á Ísafirði.

Vinnutími er frá kl. 13:00-18:00. Áhugi á bókum og bókalestri er nauðsynlegur. Tölvukunnátta.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega á nýju ári (í janúar til febrúar).

Allar nánari upplýsingar gefa Kristín eða Jónas.

Bókhlaðan Penninn
Sími 456 3123, Ísafirði

Bensínstöðin á Ísafirði

Opnunartímar um jól og áramót

23. desember kl. 07:30 – 23:30
24. desember kl. 07:30 – 15:00
25. desember LOKAÐ
26. desember LOKAÐ
31. desember kl. 07:30 – 15:00
1. janúar LOKAÐ

Sjálfsali opinn eftir lokun!

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Vaxtalaust
og fyrsta greiðsla í febrúar 2005
Ótrúlegt tilboð
HOME CINEMA
Best Buy
3.999
47.988
FYLGIR
Panasonic
Fjölkerfa heimabíókerfi
AS SEEN ON TV
Tölvutilboð
Rugl verð
MEDION
2.803
BT
EPSON
FYLGIR

Eins og sjá má fór brimið illa með skipið strax nóttia eftir strandið. Einnig má sjá hversu nærri landi skipið strandaði.

Texti: Halldór Jónsson.
Ljósmyndir: Bjarni Harðarson, Helgi Garðarsson og Halldór Jónsson.
Eldri ljósmyndir eru fengnar úr bókinni Þrautgóðir á raunastund.

Hálf öld liðin frá björgunar-afrekinu mikla við Grænuhlíð

Á árunum milli 1950 og 1970 urðu mörg mannskæð sjóslys við Vestfirði. Margir bátar og togarar fórust með allri áhöfn. En sem betur fer voru nokkur ljós í myrkri þessara miklu slysaára. Eitt af þeim skærustu er þegar tókst að bjarga 29 skipverjum af togaranum Agli rauða frá Neskaupstað sem strandaði undir Grænuhlíð norðan Ísafjarðardjúps. Grænahlíð nefnist hlíðin frá Sléttu í Jökulfjörðum og út að Ritaskörðum. Þrátt fyrir nafnið er þetta sæbrött hamrahlíð en með nokkrum grónum torfum sem hafa orðið til þess að hún fékk þetta hlýlega og jafnframt nokkuð villandi nafn.

Björgun mannanna á Agli rauða var mikið afreksverk. Þrettán þeirra var bjargað af sjó af djörfum sjómönnum á Andvara og Páli Pálssyni. Sextán sjómannanna var bjargað af sveit manna sem lagði á sig mikið þrekvirki til þess að komast á strandstaðinn. Fjóra skipverja tók út af skipinu skömmu eftir strandið og einn skipverja fórst er verið var að draga hann á milli skipa í björgunarstól.

Í næsta mánuði verða 50 ár liðin frá þessum atburði. Því þótti rétt að rifja hann upp með nokkrum þeirra sem í eldlínunni voru þessa óveðursdaga undir Grænuhlíð. Margir þeirra sem hvað mest á sig lögðu þessa daga eru nú látnir. Ekki verða allir nafngreindir sem tóku þátt í þessari mannraun.

Hér munu þrír þeirra sem komu að málum undir Grænuhlíð segja frá sinni reynslu. Sem eðlilegt er horfa þeir á atburðina frá ólíku sjónarhorni. Einn frá sjónarhorni unglingsins sem slóst í för með björgunarmönnum sem leiðsögumaður um æskustöðvar sínar. Annar segir sögu sína sem hinn óþreyjufulli björgunarmaður sem var á leið til þess að bjarga vinum sínum og kunningjum um borð í Agli rauða. Sá þriðji segir sögu unga bátsmannsins sem barðist fyrir lífi sínu um borð í flakinu af Agli. Sökum ungs aldurs gerði hann sér trúlega aldrei grein fyrir þeirri hættu sem hann var í.

Þessi umfjöllun hér er einungis ætluð til að bregða ljósi á þessa björgun sem telja verður með þeim frækilegustu í langri og gifturíkri sögu björgunarmála. Enginn þeirra þriggja sem hér segja sögu sína vildi segja hana einn. Gerðu það allir að skilyrði að talað væri við fleiri. Með því vildu þeir tryggja að saga þess breiða og ólíka hóps sem að þessari björgun stóð yrði sögð. Enginn einn skipti sköpum í þessari björgun. Hver og einn hafði sitt hlutverk og saman tókst þeim að bjarga þessum 29 skipverjum.

„Þann 26. janúar 1955 urðu mannskæð sjóslys við Vestfirði. Dagana á undan hafði geisað hið versta veður af norðaustri. Margir togarar leituðu vars undir Grænuhlíð í Ísafjarðardjúpi. Einnig var vitað um breska togara sem héldu sjó út af Vestfjörðum í fárviðri. Um kl. 13.30 heyrði Ísafjarðarradíó neyðarskeyti frá togaranum Lorella frá Hull. Í skeytinu sagði aðeins: „Liggjum á hliðinni, þörfnumst skjótrar hjálpar.“ Ekkert heyrðist frekar frá skipinu. Talið var að hann hefði verið 40-50 sjómílur NA af Horni. Um borð voru 25 menn. Á svipuðum slóðum voru þrír aðrir breskir togarar. Einn þeirra var togarinn Roderigo frá Hull. Hann fór þegar af stað til leitar að Lorella. Einnig fór til leitar flugvél frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Hún leitaði fram í myrkur án árangurs. Um kl. 17.30 heyrðist neyðarskeyti frá áðurnefndum togara, Roderigo. Það var stutt: „Er að hvolfa.“ Ekkert heyrðist frekar. Einnig þar um borð voru 25 menn. Á örfáum tímum höfðu 50 breskir sjómenn farist.

Nokkrir skipbrotsmanna á Agli rauða ásamt björgunarmönnum um borð í varðskipinu Ægi. Á myndinni sést vel hvernig menn voru búnir. Búnaður þeirra teldist ekki boðlegur í dag til erfiðra ferða í slæmum vetrarveðrum.

Eins og áður sagði voru margir togarar í vari undir Grænuhlíð þennan dag. Um morguninn hafði Guðmundur Ísleifur Gíslason skipstjóri á Agli rauða siglt skipi sínu út úr Djúpinu til þess að athuga veður. Ennþá var ekkert veðiveður og var skipinu aftur snúið undir Grænuhlíð. Um kl. 14.30 var skipið stöðvað tæpa eina sjómílu innan við Rit, um tvær sjómílur frá landi. Síðan var látið reka. Um klukkan 18 mun skipstjóri hafa gefið skipun um að færa skipið til. Um klukkan 18.30 tekur skipið svo niðri. Bað skipstjóri þá loftskeytamann þegar að hafa samband við togarann Austfirðing sem var þarna skammt frá og tilkynna hvernig komið væri. Skömmu síðar losnaði skipið en tók fljótt niðri aftur. Var þá ljóst að skipið var strandað. Mikil ólög gengu yfir skipið á meðan á þessu stóð og fyrst eftir strandið. Í þeim ólögum tók út fjóra skipverja. Um nóttina höfðust allir skipverjar við í kortaklefa skipsins og í stigagangi niður til skipstjóraíbúðar.

Strax og neyðarkallið barst frá Agli rauða fóru skip í nágrenninu að reyna að staðsetja hið strandaða skip. Um leið og það hafði tekist var kannað með björgun af sjó. Skipverjar á ýmsum skipum lögðu sig í hættu er þeir reru inn undir brimskaflinn til þess að kanna hvort hægt væri að komast að skipinu af sjó. Fljótlega var ljóst að björgun af sjó var óframkvæmanleg.

Um kvöldið fara björgunarsveitarmenn á Ísafirði að taka til búnað sinn. Tilgangurinn var að sigla yfir Djúp og reyna björgun frá landi. Á tíunda

16 síður

Morgunbladid

Togarinn Egill rauði strandaði við Grænuhlíð í gær í foráttubrimi — Óvíst um mannbjörg

Líklegt að tveir brezkir togarar hafi farizt með allri áhöfn

Björgun af Agli rauða ekki möguleg af sjó

Björgunarsveit frá Ísafirði á leið á strandstað

Umboð Ikes sampykkt í öldungadeildinni —

Friður í Formósu-sundunum verður að byggjast á samningum – ekki ofbeldi

Fyrsta skrefið er að koma í veg fyrir, að bardagar breiðist út, segir brezki utanríkisráðherrann

Formósu-stjórnin fellst á sáttatsi til vopnahlés

Öryggisráðið mun fjalla um Formósu-málin

16 síður

Morgunbladid

29 skipverjum af Agli rauða bjargað við hinar erfiðustu aðstæður

Fimm menn fórust, fjórir Íslendingar og einn Færeyingur

Frá Vestmannaeyjahöfn

42 fórust með brezku togurunum

Björgunarsveitirnar sýndu fúdæma dirfsku og þrek

Togarinn lá á hliðinni og var brotinn í tvennt

Dregur að uppsögn Noregs og Danmerkur á loftferðasamningi við Ísland

Uggur út af Formósumálum

★ Eisenhower fer heimleiðis

★ Öldungadeildarmenn óttast stríð

★ Flugveit til Formósu

Hræddir við stríð

Flugveit til Formósu

Góður sildarafli

Fimmburar

15 drepnir

Eden til Tyrklands

MORGUNBLAÐIÐ

Björgunarafrekið við Grænuhlíð tvímælalaust einstætt afrek

Frásögn af því er lítill vélbátur og sveit manna í landi bjargaði skipbrotsmönnunum af Agli rauða

eftir Jón Páll Halldórsson fréttaritara Mbl. á Ísafirði

Tvisvar varð hún að hafna Róm — en á boðið frá Gigli til góða

Stutt samtal við sænsku óperusöngkonuna Stínu Britta Melander

Fréttir Morgunblaðsins af strandi Egils rauða. Fréttirnar skrifaði ungur maður sem þá var fréttaritari Morgunblaðsins á Ísafirði, Jón Páll Halldórsson. Þar sem símasambandslaust var við Ísafjörð vegna veðurs varð Jón Páll að koma fréttunum suður með hjálp Gríms Jónssonar, sem þá var loftskeytamaður á Ísborginni.

tímanum um kvöldið leggur Heiðrún ÍS af stað með björgunarmenn frá Ísafirði. Siglt er til Hesteyrar þar sem fyrir var varðskipið Ægir. Þar um borð voru skipverjar af togaranum Austfirðingi sem ólmir vildu leggja lið við björgun félaga sinna á Agli rauða. Eftir að hafa rætt þá kosti sem í stöðunni voru var ákveðið að ganga með björgunarbúnaðinn frá Hesteyri og að Sléttu. Þaðan yrði svo gengið að strandstaðnum. Þessi ganga reyndi mjög á björgunarmenn. Veður var hið versta, skyggni lítið, snjóþungt og búnaðurinn mikill sem bera þufti. Hann þyngdist líka þegar leið á ferðina þar sem hankirnar tóku í sig bleytu og snjó.

Á meðan göngumenn brutust að Sléttu sátu menn ekki auðum höndum um borð í þeim skipum sem lónuðu fyrir utan strandstaðinn. Þegar birti um morguninn voru aðstæður örlítið betri þrátt fyrir að veður hefði lítið skánað. Um borð í brúnni á Agli rauða var ennþá líf. Það hvatti menn til dáða. Er leið á morguninn hófust tilraunir við að skjóta línu úr vélbátnum Andvara yfir í hið strandaða skip. Á endanum tókst að koma taug á milli. Hófst þá þegar björgun manna við hinar erfiðustu aðstæður. Til þess að flýta fyrir björgun voru mennirnir aðeins dregnir í gegnum brimskaflinn og teknir þar úr stólnum yfir í minni báta. Þannig voru þeir aðeins dregnir eins stutta leið og unnt var. Þrettán skipverjar björguðust þessa leiðina. Einn fórst er hann datt úr björgunarstólnum. Þegar hætta varð björgun þessa leiðina sást til björgunarmanna úr landi. Þeim hafði tekist að komast á strandstað við illan leik eftir um níu tíma þrotlausa baráttu í veðurofsanum. Fljótlega tókst að koma línu til skipbrotsmanna og björgun hófst í kjölfarið. Greiðlega gekk að draga þá sextán skipverja sem eftir voru um borð í land. Þeir voru mjög misjafnlega á sig komnir. Það var lán þeirra sem í fjörunni stóðu, að þegar björgun lauk var komin fjara. Það auðveldaði gönguna til Sléttu þar sem hlý húsakynni biðu.

Um kvöldið kom til Sléttu sveit skíðamanna frá Ísafirði og með þeim nokkrir togarasjómenn. Meðferðis höfðu mennirnir mat og fatnað. Gátu björgunarmenn og skipbrotsmenn þá loks matast. Um nóttina dvöldu því margir tugir manna á Sléttu. Morguninn eftir var mannskapurinn ferjaður um borð í varðskip sem hélt til Ísafjarðar. Þegar varðskipið kom í höfn á Ísafirði voru liðnir tveir sólarhringar frá því að björgunarmenn lögðu af stað frá Ísafirði. Lokið var einni frækilegustu björgun sem um getur hér á landi. Það er mjög erfitt, eða nánast útilokað, að átta sig í raun á því afreki sem unnið var þessa tvo sólarhringa undir Grænuhlíð.

Í fyrsta lagi er sú hetjudáð sem áhöfn Egils rauða vann með rósemi og yfirvegun. Það hlýtur að hafa verið erfitt að halda ró sinni og bjartsýni þegar nokkrum skipsfélaga hafði skolað fyrir borð. Þrjátíu talsins hírðust þeir í kortaklefanum og ganginum tímunum saman í myrkri og kulda.

Í öðru lagi sú þrautseigja sem áhafnir báta og skipa sem lónuðu úti fyrir hinu strandaða skipi sýndu. Allan tímann var með ýmsum ráðum reynt að komast að togaranum. Þar lögðu margir sjómenn sig í mikla lífshættu. Á meðan var reynt að lýsa upp strandstaðinn og með því var haldið lífi í von mannanna sem biðu bjargarlausir um borð.

Í þriðja lagi sú þrekraun sem björgunarmenn á landi sýndu. Það er hrikalegt landslagið við strandstaðinn í sumarblíðu. Hvernig menn fóru að því að komast að strandstaðnum í mjög slæmu veðri og miklum kulda er erfitt að skilja. Hvernig menn fóru að því að klífa skriðurnar í svo miklum bratta, að aðeins var hægt að komast niður í fjöruna með því að renna sér niður, er erfitt að skilja. Að leggja svo aftur á brattann til þess að sækja hjálp og fara um leið úr stígvélunum þar sem auðveldara var að klífa brattann á sokkunum. Allt hljómar þetta eins og vel saminn reyfari.

Í nokkur ár verður varla sagt að vetur hafi komið við Djúp. Maðurinn hefur mikla aðlögunarhæfileika. Einn af þeim hæfileikum er að gleyma því slæma. Því fennir fljótt í svipuð spor og stigin voru við Grænuhlíð fyrir fimmtíu árum. Með nútímatækni hafa skapast betri aðstæður til björgunar af sjó. Um leið og við rifjum upp þessa tveggja sólarhringa baráttu sem átti sér stað fyrir hálfri öld skulum við minnast þess, að enn gæti komið upp að björgunarfólk þurfi að leggja á sig viðlíka þrekraun við eins erfiðar aðstæður.

Eitt hefur ekki breyst á undanförnum fimmtíu árum. Ennþá er fjöldi fólks í björgunarsveitum tilbúinn að kasta frá sér sínum daglegu störfum og halda til björgunarstarfa við hvaða aðstæður sem er. Þá er ekki hugsað um eigin hag. Bíóferðirnar geta ennþá breyst í björgunarferðir. Það er gott að vita og gefur vissa öryggiskennd.

Togarinn Egill rauði frá Neskaupstað.

Síðan er aldrei haldið úr höfn á Neskaupstað á nýársdag

Togararnir Egill rauði og Goðanes frá Neskaupstað fórust með tveggja ára millibili. Egill rauði þann 26. janúar 1955 og Goðanes 2. janúar 1957. Bæði skipin héldu frá Neskaupstað í sína hinstu för á nýársdag. Þá var reglan sú að skip fóru ekki úr höfn fyrr en að lokinni messu á nýársdag. Eftir að Goðanesið fórst hættu skip að halda til veiða frá Neskaupstað á nýársdag og hafa aldrei gert það síðan.



Togarinn Goðanes frá Neskaupstað. Hann fórst í Skálafirði í Færeyjum í ársbyrjun 1957.

Aldrei upplifað svo óstjórnlega reiði og ofsalega gleði

Austur á Eskifirði býr Steinn Jónsson, 86 ára gamall maður. Fyrrum sjómaður og síðar embættismaður. Að ræða við hann gefur ekki tilefni til að ætla að þar fari maður hátt á níræðisaldri. Heimamenn, sem flestir eru mun yngri, segja hann heljarmenni og er þá ekki tekið tillit til aldurs. Hann hefur stundað hestamennsku um árabil. Til marks um þrek Steins má nefna, að hann fór ríðandi á landsmót sem haldið var norður í landi fyrir tveimur árum. Mun yngri menn en Steinn treystu sér ekki til þess að ríða svo langa leið heldur fóru keyrandi. Þegar mótinu lauk færðu menn það í tal við Stein hvort hann kæmi ekki með keyrandi til baka. Hann hélt nú ekki. Ferðin skyldi kláruð eins og hún hófst. Og svo reið hann til baka austur á Eskifjörð. Það hefur verið þessi einbeitni og þetta úthald sem hann hafði í farteskinu þegar hann ásamt félögum sínum gaf sig fram til björgunar á skipverjunum á Agli rauða. Þegar haft var samband við hann fyrir skömmu kom í ljós að hann hafði nánast aldrei rætt um þátttöku sína í þessari björgun. En nú fannst honum kominn tími til þess enda liðin 50 ár.

– frásögn Steins Jónssonar, 1. stýrimanns á togaranum Austfirðingi SU-3, sem tók þátt í björgun á landi

Þegar þessir atburðir gerðust var ég fyrsti stýrimaður á togaranum Austfirðingi og hafði verið á því skipi frá 1952. Kvöldið örlagaríka vorum við í vari undir Grænuhlíð og lágum fyrir föstu. Egill rauði lét hins vegar reka eins og fleiri skip á þessum slóðum. Þegar við fréttum af strandinu sjósettum við strax annan björgunarbátinn og rerum upp undir brimskaflinn. Við sáum hins vegar strax að ekkert var hægt að gera frá sjó. Skipverjar frá Aski reru líka upp undir og þeir voru sammála okkur að björgun af sjó væri óframkvæmanleg enda sáum við ekkert til skipsins.

Ef þeir fara, þá fer ég líka

Síðar um kvöldið gáfum við okkur fram til þess að reyna björgun af landi. Okkur rann blóðið til skyldunnar því á Agli rauða voru margir vinir okkar og ættingjar. Við fórum tíu saman af Austfirðingi yfir í varðskipið Ægi. Síðar bættust við nokkrir Ísfirðingar og ákveðið var að stýrimaður af varðskipinu færi einnig með okkur í land. Það var siglt með okkur rakleiðis inn að Hesteyri. Það verður að segjast eins og er, að við vissum í raun ekkert út í hvað við vorum að fara.

Þegar komið var að Hesteyri var farið að ræða för okkar á strandstað. Þá hófust bollaleggingar með hvaða hætti best væri að komast á strandstaðinn. Við Austfirðingarnir lögðum strax þunga áherslu á að lagt yrði strax af stað fótgangandi frá Hesteyri. Ísfirðingarnir ræddu hins vegar þann möguleika að bíða morguns og reyna þá landgöngu á Sléttu. Vissulega þekktu þeir aðstæðurnar betur og voru raunsærri en við. Okkar hugsun var auðvitað á meiri tilfinninganótum þar sem við þekktum flesta mennina um borð í Agli.

Formaður björgunarsveitarinnar tók þá ákvörðun að hann legði ekki sína menn í þá hættu að ganga þessa leið um nóttina enda var hið versta veður. Ég fór þá til minna félaga og tilkynnti þeim þessa ákvörðun. Menn voru ekki á eitt sáttir með þetta og því ákváðum við að fara sjálfir í land. Við báðum um að fá björgunarbúnaðinn lánaðan. Þegar þessi ósk okkar barst til Ísfirðinganna man ég að Ásgeir Guðbjartsson, einn Ísfirðinganna, sagði að ef við færum, þá færi hann líka. Hann tók því af skarið og þar með var ákveðið að allir færu í þessa ferð strax um kvöldið. Seinna kom í ljós að ekki var lendandi á Sléttu morguninn eftir þannig að það reyndist rétt ákvörðun að halda strax af stað fótgangandi.

Með því að rifja upp þessi skoðanaskipti er ég alls ekki að kasta rýrð á björgunarsveitarmennina frá Ísafirði, síður en svo. Þarna tókust á sjónarmið okkar sem ekkert þekktum til aðstæðna og hinna sem gjörþekktu aðstæður og vissu hversu mikil hættuför það var að fara fótgangandi alla þessa leið með björgunarbúnaðinn. Formanni þeirra bar auðvitað skylda til þess að leggja blákalt mat á aðstæður og leggja menn ekki í of mikla hættu. Því má segja að tilfinningar okkar hafi orðið raunsæi Ísfirðinganna yfirsterkara.

Gangan erfiða

Við lögðum því af stað um klukkan fimm um morguninn og Gísli Jónsson leiddi hópinn. Það var mjög erfitt hlutskipti. Hann varð að kafa í gegnum skafla og leiða okkur upp og niður á réttum stöðum. Það var mjög sérstök lífsreynsla að vera þarna á gangi klukkustundum saman í mjög slæmu veðri og sjá varla út úr augum. Við urðum því að leggja allt okkar á herðar þessa unga manns og hann stóð svo sannarlega undir því trausti. Ferðin sóttist ótrúlega vel miðað við aðstæður og við vorum komnir á Sléttu upp úr hádegi. Þar var ákveðið að skilja eftir menn til þess að kynda upp húsin þannig að menn kæmust í hlýju að loknum björgunarstörfum.

Það var því fljótlega haldið áfram til þess að finna skipið. Þegar við vorum komnir tölurert út eftir, þá urðum við að fara mjög ofarlega í hlíðina þar sem flóð var og fjaran því ófær. Veður var mjög slæmt og gangan mjög erfið. Menn fóru því að velta fyrir sér hvort raunhæft væri að vera að ganga þessa leið allir saman. Það sóttu auðvitað líka á menn hugsanir um hvort einhverjir um borð í Agli hefðu í raun lifað nóttina af. Við komum okkur því saman um að hópurinn myndi stoppa og nokkrir menn yrðu sendir áfram án búnaðar til þess að finna skipið. Þeir yrðu fljótari í för og gætu síðan hlaupið til baka og sótt björgunarbúnaðinn og hina björgunarmennina ef skipið fyndist og einhver væri á lífi um borð.

Niðurstaðan varð því að fjórir færu áfram. Að senda einmitt fjóra áfram kom til vegna þess að við vildum tryggja að ef skipið fyndist, þá yrðu tveir menn eftir á strandstaðnum svo áhöfnin vissi að verið væri að sækja hjálp.

Ég valdist í þessa ferð ásamt Gísla, Ásgeiri Guðbjartssyni og Helga Símonarsyni frá Norðfirði. Við komum fljótt í skaplegra veður því þarna utar var meira skjól. Við fundum skipið fljótlega og sáum okkur til mikillar gleði að það voru menn á ferli í brúnni. Því var ákveðið að Ásgeir og Helgi færu á strandstaðinn en við Gísli til baka til þess að sækja hina mennina og björgunarbúnaðinn.

Björgunarmennirnir horfnir

Þetta var mjög erfið ferð hjá okkur Gísla því við þurftum að klífa upp hlíðina. Þegar við komum að þeim stað þar sem við skildum við mennina voru þeir farnir. Ég var ofboðslega sár og reiður þeim fyrir það. Ég átti mjög erfitt með að skilja þá ráðstöfun og hef hugsað mikið um þennan atburð síðan. Síðar taldi Gísli að þeir hefðu fært sig til þess að komast í betra skjól. Ég fékk hins vegar enga skýringu á þessu atviki á þessum tíma. En við náðum þeim fljótlega og snerum þeim við. Þegar á strandstaðinn var komið var línubyssan strax tekin upp og skotið undirbúið. Við héldum tveir um byssuna enda var mjög hvasst og því veitti ekki af tveimur mönnum auk skotmannsins. Fyrsta skotið misheppnaðist en það næsta tókst mjög vel og línan fór beint á brúna. Þetta var mikið happaskot því skipið hafði brotnað í sundur þannig að mennirnir um borð hefðu ekki náð línunni nema á brúnni.

Það var um nónbil að taugin var komin um borð í Egil rauða og björgunin gekk ótrúlega vel. Ég velti því fyrir mér þegar áhöfninni hafði tekist að festa búnaðinn, hvort ekki væri rétt að fara út í skipið í fyrstu ferðinni til þess að aðstoða þá. Það var hins vegar svo mikill sjór að maðurinn í stólnum hefði fengið ölduna í fangið alla leiðina.

Þeir voru sextán sem við björguðum. Það var að vísu mjög erfitt að draga þá í land þar sem við þorðum ekki að setja fast í landi þar sem skipið hreyfðist mjög mikið. Við vorum því hræddir um að línan slitnaði. Það voru því tveir menn í landi sem héldu strekktu. Það var gríðarlega erfitt verk en hafðist þó.

Vel heppnuð björgun

Skipbrotsmennirnir voru mjög misjafnlega á sig komnir. Sumir voru mjög klæðalitlir og nú kom sér vel að við höfð-

Fyrsta skipti sem labb-rabb stöð var notuð

Fréttir af strandi Egils rauða og björgun flestra skipverja voru fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum dagana í kringum strandið. Minna fór fyrir fréttinni í Morgunblaðinu sem hafði fyrirsögnina „Litla talstöðin sannaði notagildi sitt“. Þar er sagt frá talstöð þeirri er Helgi Hallvarðsson stýrimaður á Ægi notaði í ferð sinni með björgunarmönnunum. Í fréttinni segir m.a.: „Í þessari ferð var Ægir í fyrsta skipti með hinar hreyfanlegu litlu talstöðvar, svonefnt Walkie-Talkietæki. Tækið kom að óumræðilega miklu gagni. Hefði það ekki verið til taks, hefði ekki verið mögulegt að hafa samband við björgunarleiðangursmenn, er þeir fóru á strandstaðinn. Rétt er að þetta komi fram, og sýnt er að hverju þarf að stefna með notkun þessara tækja í margs konar neyðartilfellum, eins og oftlega hefur verið bent hér á í blaðinu. Fleiri skip strandgæslunnar eru nú að fá þessi tæki“. Síðar voru stöðvar þessar kallaðar labb-rabb stöðvar og voru og eru mikið notaðar við ýmis störf.

um safnað saman fötum í poka um borð í Austfirðingi til þess að hafa til vara. Við gátum því klætt þá sem verst voru klæddir. Við gáfum þeim líka koníaksjúss hverjum og einum úr flösku sem skipstjórinn minn hafði afhent mér með þeim orðum, að flaskan yrði ekki tekin upp fyrr en fyrsti maður væri kominn í land. Það hressti vel koníakið við þessar aðstæður og þeir létu vel af því.

Ég hef oft hugsað um það síðan, hversu vel þeir stóðu sig í áhöfninni á Agli rauða að halda lífi við þessar ömurlegu aðstæður. Þegar síðasti maður er kominn í land var liðinn nærri því sólarhringur frá því að skipið strandaði. Það eru auðvitað heljarmenni sem gátu haldið lífið við þessar aðstæður og haldið sönsum.

Ferðin til baka

Þegar mennirnir voru komnir í land var farið að fylgja þeim að Sléttu. Fyrsti hópurinn fór af stað áður en allir voru komnir í land því það var auðvitað engin ástæða til þess að bíða eftir því að allir væru komnir í land. Ég fór í síðasta hópnum frá strandstað og ferðin að Sléttu gekk vel. Það sem bætti núna úr skák var að við komumst fjöruna. Það var mikið happ því ég veit í raun ekki hvort allir hefðu komist lifandi til baka ef flæði hefði verið. Menn voru nánast örmagna, bæði skipbrotsmenn og björgunarmenn. Menn urðu því mjög fegnir að komast í hlýjuna á Sléttu.

Þegar þangað var komið voru engar vistir komnar því við höfðum ekkert slíkt haft með okkur. Björgunarbúnaðurinn var svo mikill að menn gátu ekki borið meira. Menn gengu því flestir til hvílu og sofnuðu. Ég ákvað hin svegar að vaka til þess að passa eldinn. Um kvöldið kom síðan skíðasveit með vistir frá Ísafirði og það var dásamlegt að fá að borða eftir allan þennan tíma. Það var því orðið mjög þröngt í húsunum á Sléttu en við létum það nú ekkert á okkur fá. Ánægja yfir vel heppnaðri björgun gerði það að verkum að menn gleymdu öllu öðru.

Um borð í Austfirðing að nýju

Daginn eftir voru síðan allir ferjaðir um borð í varðskipið Ægi og við á Austfirðingi fórum svo til starfa um borð í okkar skipi. Þegar við komum til baka um borð voru liðnir nærri tveir sólarhringar frá því að við fórum frá borði. Ég komst þá í koju og það var ansi þreyttur maður sem sofnaði það kvöldið. Ég náði að hvílast því að ennþá var bræla og því lágum við áfram í vari.

Í þessari björgunarferð vorum við mjög vel búnir á þess tíma mælikvarða þó að það teldist nú ekki hentugur klæðnaður í dag. Við vorum búnir eins og við vorum búnir til sjós í vondum veðrum. Það voru allir í sjóstakk og klofstígvélum, sem reyndar er ekki mjög auðveldur fatnaður til langrar göngu. Ég man hins vegar ekki eftir því að hafa orðið kalt í ferðinni. Trúlega hefur mér verið kalt en ég hef örugglega ekki áttað mig á því. Hugsunin um að bjarga þessum félögum okkar var svo sterk.

Aldrei hvarflaði að okkur að gefast upp

Þrátt fyrir að þessi ferð hafi verið mjög erfið, þá hvarflaði aldrei að okkur að gefast upp. Eins og ég nefndi áðan má kannski segja að óraunsæi og ókunnugleiki okkar Austfirðinganna hafi ráðið því að þessi björgunarferð var farin strax um nóttina. Ég er viss um að áhöfnin á Agli hefði ekki lifað af aðra nótt um borð í skipinu. Hún reyndist því happasæl sú ákvörðun að leggja strax af stað frá Hesteyri.

Þrátt fyrir að þessi björgun hafi verið mikil raun, þá hefur hún aldrei haft nein áhrif á mig andlega. Mér hefur tekist mjög vel að lifa með þessari reynslu minni. Það er mjög misjafnt hvernig menn komast frá svona lífsreynslu og sem betur fer hafa menn fleiri tækifæri í dag til þess að auðvelda sér að takast á við slíka hluti.

Ég er sannfærður um að ferðin var Ísfirðingum erfiðari því þeir vissu hversu erfiðar þær aðstæður voru sem við vorum að fara út í.Við Austfirðingarnir höfðum ekki hugmynd um það og vorum því ekkert að velta því fyrir okkur. Ég hef oft síðan hugsað til Sléttu og í seinni tíð hef ég velt því fyrir mér að fara þangað til þess að rifja upp þessa atburði. Ég hef aldrei komið þangað síðan en er nú eiginlega ákveðinn að ná því að fara þangað áður en ég fer í aðra vist.

Hraustir menn

Ég hef alltaf hugsað hlýlega til þessara hraustu manna frá Ísafirði sem fóru þessa ferð. Þeir voru miklir afreksmenn sem leystu þetta verkefni vel af hendi, eins og vel og hægt var að ætlast til við þessar gríðarlega erfiðu aðstæður. Það var okkur mikið gleðiefni þegar ákveðið var að heiðra Gísla Jónsson á sjómannadeginum þá um sumarið. Það var mjög vel til fundið að yngsti maðurinn í ferðinni skyldi heiðraður fyrir hönd þeirra sem þar voru. Hann leiddi hópinn og með ratvísi sinni gerði hann það kleift að björgun þessi gæti tekist svo vel sem raun bar vitni.

Hvorki fyrr né síðar hef ég upplifað eins miklar skapsveiflur á einum sólarhring. Fyrst sú óstjórnlega reiði sem kom yfir mig þegar ég hélt að björgunarmennirnir hefðu yfirgefið okkur og síðan sú ofsalega gleði sem gagntók mig þegar síðasti maðurinn kom í land.

Strandstaður Egils rauða. Glöggt má sjá hversu þverhnýpt hlíðin er á þessum stað. Það hefur ekki verið neinn hægðarleikur að klifra hlíðina í slæmu veðri og lélegu skyggni.

Flestir skipbrotsmennirnir á skrifstofu Slysavarnafélagsins í Reykjavík. Á myndinni má sjá menn reifaða á höndum. Það eru þeir sem héldu á neyðarflugeldunum þegar þeim var skotið á loft.

Man ennþá eftir ilminum af kaffinu á Sléttu

– frásögn Guðmundar Arasonar, bátsmanns á togaranum Agli rauða

Á togaranum Agli rauða voru 34 skipverjar, þar af 15 Íslendingar. Tveir Íslendinganna eru enn á lífi, þeir Axel Óskarsson loftskeytamaður og Guðmundur Arason bátsmaður. Haft var tal af þeim báðum vegna þessarar samantektar. Axel er búsettur á Norðfirði en Guðmundur í Hveragerði. Báðir stunduðu þeir sjóinn áfram eftir strand Egils rauða. Axel var síðar loftskeytamaður á Goðanesi frá Norðfirði sem strandaði og fórst við Færeyjar tveimur árum síðar. Í báðum tilfellum, strandi Egils rauða og Goðanessins, þótti hann sýna mikinn kjark og stillingu. Hann bjargaði lífi sínu þegar hann synti frá sökkvandi Goðanesinu eftir að flestum öðrum skipverjum hafði verið bjargað. Einn skipverja fórst af Goðanesi. Það var Pétur Hafsteinn Sigurðsson skipstjóri. Hann vann mikið afrek við björgun skipverja af Goðanesinu en hugsaði ekki um sinn hag. Pétur Hafsteinn var 2. stýrimaður á Agli rauða þegar hann strandaði og var í þeim hluta áhafnarinnar sem bjargaðist af sjó. Það var hann sem hélt á neyðarflugeldinum um borð í Agli þegar prikin voru ekki nálæg og brenndist við það nokkuð. Pétur Hafsteinn og Axel voru einu mennirnir sem voru á báðum skipunum þegar þau strönduðu. Axel er mjög hógvær maður og segist hafa litið á þessa lífsreynslu sína sem hvert annað óhapp í lífinu sem ekkert væri hægt að gera við. Eftir samtöl við hann og Guðmund Arason var komist að þeirri niðurstöðu að Guðmundur segði sögu skipverjanna á Agli rauða. Eins og áður sagði býr Guðmundur nú í Hveragerði. Hann hefur haldið nokkru sambandi við þá sem voru með honum í þessum örlagaríka túr, þar á meðal suma þeirra skipverja sem voru frá Færeyjum.

Vegna veðurs höfðum við leitað vars undir Grænuhlíð og höfðum verið þar um tíma. Þennan örlagaríka dag höfðum við kíkt út úr Djúpinu en snúið við vegna veðurs og fórum því aftur í var. Skipið lagðist ekki við akkeri. Við vorum því að lóna fram og til baka. Þessa daga sem við lágum í vari vorum við að vinna við veiðarfæri á dekkinu. Við fórum yfir öll veiðarfæri um borð þessa daga og fórum yfir ýmsan annan búnað á dekkinu, þar á meðal björgunarbátana.

Þegar öllu þessu var lokið og ennþá var bræla settum við á siglingavaktir. Þær voru þrjár. Stýrimennirnir voru fyrir tveimur vaktanna og síðan var fundinn vaktformaður fyrir þriðju vaktina. Það var Berg Nielsen frá Færeyjum, sem var með full skipstjórnarréttindi. Ég var hins vegar á letivakt og þurfti ekkert að gera því að búið var að gera við allt sem þurfti.

Skipið tekur niðri

Ég var niðri í borðsal og var ásamt öðrum að borða kvöldmatinn. Áður en við höfðum lokið honum af kemur þessi rosalegi hnykkur á skipið. Margir héldu fyrst að það hefði orðið ketilsprenging í skipinu. En þegar þetta gerðist aftur og aftur varð okkur ljóst að skipið barðist í fjörugrjótinu. Ísleifur skipstjóri fór strax upp og í kjölfarið myndaðist þvaga við dyrnar því allir vildu fara út. Marteinn Hjelm, sem var annar matsveinn, tók að sér að stjórna umferð í gegnum dyrnar og gerði það vel.

Fyrr en varði var ég kominn út á þilfar stjórnborðsmegin. Þá voru ennþá ljós á skipinu. Sumir fóru fram í skipið og náðu sér í björgunarvesti en aðrir kíktu í lestarnar eins og gengur. Einnig fóru nokkrir menn að gera björgunarbátana á báðum síðum klára. Skipið lét mjög illa á þessum mínútum og allt var í raun stjórnlaust um borð. Menn gengu til þeirra starfa sem þeir héldu að þyrfti að framkvæma. Björgunarbátur inn á stjórnborðshliðinni slitnaði niður að framan og brotnaði í spón. Bakborðsbátur inn var einnig losaður en ekkert meira gert við hann þar sem bakborðshlið skipsins sneri upp í fjöruna.

Ég fór upp á bátadekkið ásamt nokkrum Færeyingum. Fyrir aftan bátana voru stórar körfur. Við fórum upp í bakborðskörfuna því við töldum betra að vera þeim megin sem sneri að landi.

Á milli ólaga lagðist skipið á stjórnborðhliðina. Á þessari stundu slokknuðu öll ljósin um borð. Þá stingur einn okkar upp á því að fara úr klofstígvélunum. Þetta höfðum við lesið um að borgaði sig að gera í sjávarháska og því fórum við allir úr stígvélunum. Rétt við hliðina á skipinu sáum við risastóra klöpp sem braut óskaplega á. Þá fór ég að velta fyrir mér hvernig í ósköpunum við færum að því að sleppa lifandi úr þessum ósköpum. Ég gleymdi mér um stund í þessum hugsunum og skyndilega sá ég að ég var einn orðinn eftir í körfunni. Ég ákvað því að fikra mig fram eftir skipinu og fram að vantinum. Á meðan lét skipið óskaplega því brotin dundu hvert af öðru yfir mig og ég varð að halda mér með höndum og fótum.

Að halda ekki kjafti

Krafturinn var óskaplegur og þarna lenti ég í því að geta ekki haldið kjafti, í orðsins fyllstu merkingu. Sjórinn var svo sterkur að hann spennti allt upp og munninn þar á meðal. Ég held ég hafi talið í það minnsta þrettán brot sem yfir okkur dundu. Þegar hægði aðeins færði ég mig framar og sá þá að skipverjarnir voru búnir að raða sér í röð alla leið að brúarvængnum. Þá var Vilmundur bræðslumaður að kalla veikum mætti á menn að fara inn í brúna því annars myndu allir deyja.

Mér tókst að klifra upp loftventla og stangir þeim tengdar og þaðan upp á brúarþak. Þar sem brúarvængurinn endaði lét ég mig falla niður. Þar sá ég skipstjórann í dyrunum. Ég spurði hvort mannskapurinn mætti ekki fara inn í brúna. Hann játaði því og ég kallaði því til manna að koma inn. Ég fékk ekkert svar en fór sjálfur inn í brúna.

Allir gluggar á stjórnborða voru brotnir og sjórinn gekk þar inn. Mér tókst að komast inn í loftskeytaklefann en þar gekk sjórinn líka inn. Ég klifraði upp á borðið sem þar var, eða réttara sagt upp á hlið þess því skipið hallaði mjög mikið. Axel loftskeytmaður var þarna inni með sjóinn í klof og hélt á loftskeytatækjunum til þess að reyna að halda sambandi við skipin í kring. Þegar ég var kominn inn leið mér mun betur. Í unggæðingshætti mínum spurði ég Axel hvort nú væri komið okkar síðasta. Hann svaraði mér ekki.

Ég sá að mannskapurinn var farinn að tínast inn í brúna og inn í kortaklefann þannig að ég færði mig þangað. Það var eins og í síldartunnu. Þarna höfðust menn við og einnig í stiganum niður í skipstjóraklefann. Við höfðumst þarna við í miklum þrengslum allan tímann sem við vorum í skipinu. Við reyndum að berja okkur til hita. Það hjálpaði okkur mikið að olíu-tankarnir höfðu brostið um leið og skipið brotnaði og olían lak öll út. Hún lagðist yfir allt og hlífði okkur í raun fyrir kuldanum. Um það er ég sannfærður. Þessi vera okkar þarna var frekar tilbreytingarsnauð og ömurleg, svo ekki sé meira sagt.

Fjórir skipverjar fórust við strandið

Enginn veit með vissu hvenær fjórir Íslendinganna um borð fórust en við teljum að þá hafi tekið út strax í upphafi. Þá þegar náðu nokkrir skipverja sér í björgunarvesti en þau gerðu lítið gagn á þessum tíma. Að vera með þessu stóru vesti hjálpaði ekki mikið þegar sjórinn gekk yfir, því þau tóku mikið í. Síðan þegar við vorum allir komnir í kortaklefann tóku þau óneitanlega mikið pláss. Einhverjir fóru því úr þeim til þess að skapa meira pláss.

Þegar við strönduðum var að byrja aðfall. Um klukkan tíu um kvöldið var háflóð en ég vissi nú ekki alveg hvað tímanum leið þar sem ég var ekki með úr á mér. Það varð eftir í klefanum. Á meðan flæði var urðum við að skiptast á að vera í ganginum en þar var mikið kul og bleyta. Skipið hallaði meira og meira við lætin og á tímabili vorum við hræddir um að því myndi hvolfa. Allt í einu hætti skipið að halla meira. Við töldum að það hefði lagst inn að katlinum og að hann hefði stoppað frekari halla. Sé það rétt hefur hann bjargað lífi okkar.

Ljós sjást frá öðrum skipum

Um kvöldið urðum við varir við að önnur skip höfðu fundið okkur því við sáum að farið var að lýsa upp strandstaðinn. Skipverjar annarra skipa fóru að reyna björgun af sjó og það var í fyrsta skiptið í strandinu sem ég varð verulega hræddur. Ástæðan var sú að menn reru á björgunarbátum upp undir brimskaflinn og við höfðum miklar áhyggjur af því að brimið tæki þá og bæri þá upp að okkur. Við vissum að við vorum algerlega ófærir um að bjarga þeim á nokkurn hátt.

Á fjörunni um nóttina hætti skipið að djöflast og við sáum að það var ekki langt í land. Því datt mönnum í hug að losa veiðarfærin og reyna og síga á þeim niður í fjöruna og klifra í land. Þetta var töluvert rætt um borð og menn hófust handa. En sem betur fer hættu menn við. Við vitum svo sem ekki hvort þetta hefði tekist. Mönnum hefði hins vegar verið bráður bani búinn í landi. Þar var ekkert skjól og menn hefðu því orðið úti. Af tvennu illu var skárra að hírast um borð.

Flugeldum skotið upp – úr höndunum

Sem dæmi um það hversu mikið menn leggja á sig í sjávarháska má nefna, að þarna um kvöldið skutum við upp neyðarflugeldum. Flugeldarnir og prikin voru af einhverjum ástæðum ekki á sama stað. Því brugðu menn á það ráð að halda á flugeldunum þegar þeim var skotið upp. Þeir voru þrír sem tóku þetta að sér og brenndust auðvitað töluvert á höndum.

Skipin hófu þegar kom fram á morguninn að skjóta til okkar línu. Það gekk illa að hitta skipið, sem von var, því allt var á fleygiferð. Að lokum tókst að koma línu um borð og hún var fest í radarinn. Okkur tókst ekki að koma upp öllum nauðsynlegum búnaði þannig að flutningur mannanna á þennan hátt var mjög erfiður.

Drátturinn byrjaði um kl. tíu um morguninn. Stóllinn var dreginn til baka á spili um borð í Andvara. Vegna þess hve illa okkur tókst að festa stólinn, þá snerist hann við á leiðinni og mennirnir fóru því allir í sjóinn og urðu nánast að hanga í stólnum til þess að bjarga lífi sínu. Einn færeyskur skipverji fórst þarna. Hann hefur trúlega verið þrotinn að kröfum og hefur ekki getað haldið sér alla leið blessaður.

Þessa leið komust þrettán lifandi en þá var allt orðið fast

Axel Óskarsson var loftskeytamaður á Agli rauða. Hann var einnig loftskeytamaður á Goðanesi þegar það fórst.

og um leið bilaði spilið um borð í Andvara. Því varð að hætta björgun af sjó. Það sýnir best hvað þetta var erfið og seinleg leið að það tók um fimm tíma að bjarga þessum þrettán mönnum á þennan hátt. Samt var sú aðferð notuð að vera með björgunarbáta klára og menn voru teknir úr stólnum um leið og þeir komu í gegnum brimskaflinn. Því fóru menn eins stutta leið í stólnum og hægt var.

Menn sjást í landi

Á sama tíma og hætta varð aðgerðum af sjó sáum við að menn voru komnir til björgunar í landi. Það var dásamleg sjón. Þar var vel staðið að hlutunum og stutt að draga. Þeir voru eldfljótir að hífa menn frá borði. Ég fór þriðji síðastur. Færeyingur kom á eftir mér og síðastur kom skipstjórinn. Þegar ég kom í land hljóp ég beint upp klöppina og rauk í Axel loftskeytamann og byrjaði að slást við hann. Það gerði ég til þess að ná í mig hita og Axel tók vel á móti. Þar sem ég var með þennan unggæðingshátt var ég sá eini sem ekki fékk koníakssjúss eins og allir hinir. Um leið og síðasti maður kom í land gat Helgi Hallvarðsson kallað til varðskipsins og sagt að allir væru komnir í land. Það kom síðan í fréttum útvarpsins kl. 16.

Þegar ég kom í land var hluti áhafnarinnar lagður af stað áleiðis að Sléttu. Það var ekki eftir neinu bíða og því lögðu menn strax af stað. Við vorum svo heppnir að það var fjara. Þegar við vorum lagðir af stað gerði ég mér fyrst grein fyrir því hversu mikið afrek þeir höfðu unnið sem komu landleiðina. Þeir voru mun verr á sig komnir heldur en við sem verið var að bjarga. Þeir höfðu lagt svo mikið á sig að þeir voru að niðurlotum komnir. Þeir höfðu lagt allt sitt þrek í að bjarga okkur og trúlega meira til.

Ég labbaði þessa leið léttur á fæti á sokkunum og fann ekki mikið fyrir því. Þegar ég hins vegar sá húsið á Sléttu tók ég að greikka sporið og missti af mér sokkana. Ég hirti ekkert um það en varð óskaplega kalt. Þegar ég stóð í dyrunum var Úlfur Gunnarsson læknir fyrir innan. Hann kallar strax: Færið manninn úr! Ég kallaði á móti að ég þyrfti bara sokka. Hann kallaði þá ennþá hærra: Færið manninn úr! Þá varð ég illur og sagði með þjósti að ég þyrfti ekkert nema sokka. Þá brosti hann og sagði lágt: Færið manninum sokka.

Gott að koma í hlýjuna á Sléttu

Það var dásamlegt að koma í húsið á Sléttu. Það var kappkynt og ég held mér hafi aldrei liðið betur á ævinni en einmitt þegar ég var kominn þar inn. Fyrst þegar við komum var ekkert matarkyns í húsunum en síðar komu skíðamenn með vistir. Það var dásamlegur matur. Ég hef aldrei verið kaffimaður. Kaffið sem var lagað þarna var ketilkaffi. Kaffinu var bara hellt í ketilinn og ég man ennþá hvað mér þótti þetta kaffi dásamlegt. Þrátt fyrir að hálf öld sé liðin, þá man ég ennþá eftir lyktinni og bragðinu af þessu dásamlega kaffi.

Strax var byrjað að þurrka fötin af okkur og skíðamennirnir fóru úr sínum fötum og létu okkur hafa. Þegar okkar föt fóru síðan að þorna fóru þeir bara í okkar. Þrátt fyrir alvarleika þessa dags gat ég ekki annað en brosað þegar mjög hávaxinn skíðakappi var kominn í föðurlandið mitt því seint verð ég talinn hávaxinn maður. Þetta sýnir bara hvað menn voru lítið að hugsa um sjálfa sig sem voru þarna að bjarga okkur.

Haldið til Ísafjarðar

Þegar menn fóru að spjalla á Sléttu gerðum við okkur fyrst almennilega grein fyrir því hvað björgunarmennirnir höfðu lagt á sig þennan sólarhring. Það var síðan rætt að við þyrftum hugsanlega að ganga til Hesteyrar og ég kveið fyrir því. Sem betur fer var komið gott veður um morguninn þannig að hægt var að ferja okkur um borð í Ægi. Þar fékk ég einn að vera í klefa stýrimanns. Af hverju einmitt mér var úthlutað slíkum lúxus veit ég ekki. Í klefanum var spegill. Ég hef aldrei séð fallegri mann en þann sem ég sá í speglinum. Við mér blasti múlatti sem var svo brúnn og sællegur eftir olíuna á strandstað. Ég hætti við að þvo mér.

Egill rauði á strandstað.

Þegar Páll Pálsson og Andvari lögðust upp að varðskipinu á Sléttu, þá slógust þeir utan í varðskipið. Um leið sótti að mér ónotatilfinning því að þetta voru svo svipuð hljóð og heyrðust um borð í Agli þegar hann barðist í grjótinu. Síðan hefur fennt í þessa reynslu og sem betur fer eru flestir menn fljótir að aðlagast. Aldrei síðan fann ég þessa ónotatilfinningu.

Veislan hjá Albertu og Marzellíusi

Þegar til Ísafjarðar var komið fórum við beint í sundlaugina og þar fengu menn gott bað. Eftir það var okkur boðið heim til Marzellíusar Bernharðssonar og Albertu konu hans. Dóttir þeirra var á þessum tíma sýslumannsfrú á Neskaupstað. Við áttum dásamlega stund hjá þeim heiðurshjónum.

Um kvöldið fórum við um borð í Ægi og hann lét úr höfn um miðnætti áleiðis til Reykjavíkur. Um leið og skipið rann frá bryggju fóru Færeyingarnir skipsfélagar okkar upp á brúarvæng og sungu sálm. Það var mjög eftirminnileg stund að sjá þarna sjómenn á öllum aldri standa í hóp og syngja sálm.

Ferðin suður var tíðindalaus. Þegar við hins vegar lögðum að Faxagarði var stútfull bryggjan af fólki sem komið var til þess að fagna okkur. Það var ógleymanleg stund. Ég var síðan heima í nokkrar vikur því ég komst ekki í neina skó vegna þessa kæruleysis að ganga berfættur síðasta spölinn að húsinu á Sléttu.

Aðeins tvisvar hræddur

Aðeins tvisvar sinnum þennan sólarhring varð ég hræddur um eigið skinn. Það var óvissan sem skapaði ótta þegar ég kom út úr borðsalnum á fyrstu mínútunum eftir strandið. Einnig þegar við vorum í körfunni skömmu síðar. Lengi vel á eftir taldi ég þetta strand í unggæðingshætti mínum einungis sem ævintýri.

Tveimur árum seinna var ég á togaranum Hafliða. Við björguðum þá áhöfninni á togaranum Fylki sem sökk eftir að hafa fengið tundurdufl í trollið. Við vorum við veiðar og hífðum í hvelli og sigldum í áttina til þeirra. Ég var frammi á bakka ásamt fyrsta stýrimanni. Þetta var seint að nóttu í október og þarna byrjaði ég skyndilega að kjökra. Ég skildi ekkert hvað var að gerast með mér. Síðar meir skildi ég að þetta hefur bara verið einhver uppsöfnuð spenna sem ég hafði ekki getað losnað við síðan úr strandinu á Agli rauða.

Sem betur fer var myrkur þannig að enginn sá hvernig komið var fyrir mér. Mér fannst það hin mesta skömm að standa þarna kjökrandi á leiðinni að bjarga heilli skipshöfn. Svona voru nú viðhorf manna á þessum tíma. Þetta er eina atvikið þar sem ég geri mér grein fyrir að eitthvað hafi látið undan hjá mér vegna þessa slyss undir Grænuhlíð. Samt sem áður hefur þessi atburður fylgt mér alla tíð og ég hef haft mikla þörf fyrir að ræða hann. En kannski ekki verið margir sem hafa viljað hlusta. Fyrstu árin þótti mér nokkuð til um að hafa lent í þessu en það hefur breyst með meiri þroska.

Trúlofunarfréttin og slysafréttin

Nú á tímum upplýsingabyltingar er gaman að rifja upp hvernig fréttirnar bárust til skyldmenna minna og rifja upp skemmtilega tilviljun í því sambandi. Morguninn eftir strandið sagði Morgunblaðið frá því eitt fjölmiðla. Kærastan mín var að vinna á saumaverkstæði og stúlkurnar þar sátu um að komast í Morgunblaðið þennan morgun. Ekki til þess að lesa um strandið og að óvíst væri um afdrif okkar. Inni í blaðinu var nefnilega lítil frétt um trúlofun mína og kærustunnar, Auðar Ingólfsdóttur. Þær voru svo spenntar að skoða trúlofunartilkynninguna að þær tóku hreinlega ekki eftir fréttinni á forsíðu blaðsins.

Tengdamóðir mín hringir síðan í vinnuveitanda kærustunnar og segir honum hvernig komið sé. Hann strunsaði fram og tók blaðið. Kærastan mín var síðan sótt í vinnuna um fjögurleytið til þess að tilkynna henni um atburðinn. Rétt í þann mund sem færa átti henni fréttirnar um að óvíst væri um afdrif mín, þá kom í útvarpsfréttum að allir væru komnir í land. Seinna var svo leiðrétt og sagt að fimm manna væri saknað.

Kransarnir í Hull

Rúmum níu árum eftir strandið undir Grænuhlíð var ég á fraktara og við komum í höfn í Hull. Við fengum okkur göngutúr um borgina, eins og gengur. Við komum á fallegt torg sem þar var en ég man ekki hvað heitir. Ég sé þá að þar er eitthvað um að vera. Þar var töluvert af fólki og þarna lágu margir kransar. Þegar fólkið fór löbbuðum við þangað að skoða hvað þetta væri.

Á krönsunum voru nöfn togaranna Lorella og Roderigo sem höfðu farist með allri áhöfn sama dag og við ströndum á Agli rauða. Þarna var því athöfn til að minnast sjómanna sem fórust við Vestfirði þennan afdrifaríka janúardag. Mér varð óneitanlega hugsað til þeirra sem ekki voru eins heppnir og við að komast upp í fjöru þar sem afreksmenn að vestan og austan biðu okkar.

Pílagrímsferð á Sléttu?

Ég átti eftir að koma oftar til Ísafjarðar. Fimm árum síðar var ég hjá Einari skipstjóra á Ísborginni og bjó um tíma á Ísafirði. Einnig vann ég hjá Netagerð Vestfjarða þar sem miklir öðlingar störfuðu. Ég hef hins vegar ekki komið á Sléttu eða í grennd við strandstaðinn þessi nærfellt fimmtíu ár sem liðin eru.

Nú er ég að velta því fyrir mér ásamt Axel loftskeytamanni að koma vestur og fara á Sléttu, svona hálfgerða pílagrímsferð. Vonandi tekst okkur að láta verða af því.

Fréttin um trúlofun Auðar Ingólfsdóttur og Guðmundar Arasonar birtist í Morgunblaðinu sama dag og fréttin á forsíðu um að togarinn Egill rauði væri strandaður við Grænuhlíð og óvíst væri með björgun áhafnarinnar.

• Hjónaefni •

• Skipafréttir •

Bíóferðin varð að tveggja sólarhringa björgunarferð

– frásögn Gísla Jónssonar frá Sléttu

Gísla Jónsson þekkja margir Ísfirðingar. Hann var alinn upp á Sléttu, sem er hluti sögusviðs björgunarafreksins undir Grænuhlíð fyrir hálfri öld. Þar sem hann var kunnugur þessum slóðum var hann kallaður til starfa með björgunarsveitinni sem hélt frá Ísafirði. Hann var leiðsögumaður í mikilli hættuför í vonskuveðri. Hann leiddi björgunarmenn gegnum sortann og vissi greinilega ávallt hvar hann var staddur. Fæstir hinna höfðu hugmynd um það. Gísli er af þeirri kynslóð sem kennt var að bera ekki tilfinningar sínar á torg. Sem óharðnaður unglingur lenti hann í þessari miklu þrekraun sem hér segir frá. Ekki er að efa að sú reynsla hefur mótað hann að nokkru án þess að hægt sé að átta sig á því með hvaða hætti það hefur verið. Hann hlýddi kallinu þar sem hann stóð á bryggjunni á Ísafirði. Kláraði verkefnið sem honum var falið og ekki orð um það meir. Hann var tregur til þess að ræða þennan atburð. Taldi engu við það að bæta sem áður hefði komið fram. Eftir frekara spjall féllst hann samt á að rifja upp þessa tvo sólarhringa fyrir fimmtíu árum. Það var þó gert með því skilyrði að rætt yrði við Austfirðinga sem hlut áttu að máli svo sagan yrði sögð frá fleiri en einni hlið. Þegar Austfirðingarnir fundust var honum ekkert að vanbúnaði.

Ég var á leiðinni í bíó í Ísafjarðarbíói. Þar sem ég var tímanlega á ferðinni labbaði ég niður á bryggju og þar voru þá björgunarsveitarmenn að fara um borð í Heiðrúnu ÍS frá Bolungarvík. Guðmundur Guðmundsson formaður björgunarsveitarinnar kallaði í mig og bað mig að koma með. Ég hljóp því um borð í Ásbjörn ÍS og sótti galla og föt. Ég stökk síðan um borð í Heiðrúnu. Það var lagt úr höfn um níuleytið um kvöldið og ferðin norður gekk mjög vel. Héðan fórum við að mig minnir þrettán að tölu en það fóru reyndar ekki allir í land á Hesteyri.

Þegar norður undir er komið var reynt að finna strandstaðinn en okkur tókst það ekki. Þegar við síðan komum á Hesteyri var ráðstefna um borð í varðskipinu hvað gera skyldi og það fannst mér taka langan tíma. Ég var orðinn nokkuð leiður á biðinni og var lagstur fram undir hvalbak enda tók ég ekki þátt í skipulagningu ferðarinnar.

Gengið á Sléttu

Á endanum var ákveðið að fara í land og ganga strax á Sléttu. Það var mikill búnaður sem fylgdi björgunarsveitinni sem vonlegt var. Búnaðinum var skipt á milli manna í skólanum á Hesteyri áður en lagt var af stað. Leiðin var frekar greiðfær þangað til komið var út undir Sléttubjargið. Þá var farið að flæða að og það gerði ferðina erfiðari þar sem við urðum að fara ofar í hlíðina. Þegar við komum síðan út undir hálsana við Sléttu þurftum við að fara hærra því þar er ekki hægt að labba fyrir. Þar er líka best að fara nógu hátt til þess að sleppa við skálarnar í hlíðinni. Það var betra að fara hátt upp þrátt fyrir að ofar væri meiri snjór og ófærð.

Sá sem fremstur fór bar ekkert og við skiptumst á að vera fremstir. Ég var nú látinn bera minna en aðrir því að oftast leiddi ég. Í björgunarbúnaðinum voru hankir sem voru mjög þungar og þyngdust enn frekar þegar leið á ferðina þar sem snjórinn settist í þær.

Sú leið sem við fórum er farin á einum til einum og hálfum tíma að sumri. Við vorum hins vegar að mig minnir fimm tíma að ganga hana. Þegar við komum á Sléttu sýndi ég mönnum húsakostinn og eldiviðinn. Það var nægur eldiviður í húsunum því þarna var mikill og glerharður mór. Það var tekin sú ákvörðun að kveikja upp og skildir eftir menn til þess að halda húsinu heitu. Það var mjög góð ákvörðun og hún skipti sköpum síðar. Það hefði ekki verið gott að koma með mannskapinn illa haldinn í köld húsin. Helgi Hallvarðsson varðskipsmaður fór út á nes og reyndi að ná sambandi við varðskipið í gegnum labb-rabb-stöð sem hann var með en það tókst ekki.

Togarans leitað

Síðan var fljótlega haldið af stað til þess að finna togarann. Við vorum í mjög slæmu veðri á leiðinni út með hlíðinni. Þegar við komum út í Engjarnar á þann stað þar sem slysavarnaskýlið er núna var ákveðið að skipta liði. Það var ekki komin fjara og því fannst mönnum óþarfi að vera að burðast með allan búnaðinn. Það kom dálítið vonleysi í hópinn þegar það kom í ljós að ekki var hægt að fara fjöruna. Við fórum því fjórir á undan til þess að reyna að finna skipið. Það var mjög erfið ferð því þarna í hlíðinni var mikið harðfenni. Þegar út eftir var komið urðum við að láta okkur renna niður hlíðina niður í fjöruna. Við höfum oft farið þarna þegar við vorum krakkar við smalamennsku en þá voru aðstæður ólíkt betri en þennan vetrardag.

Við fundum skipið á stað sem heitir Hafnir. Þar eru svokallaðar innri og ytri Hafnir. Egill rauði var í innri Höfninni. Hefði hann lent í ytri Höfninni hefði verið mikið erfiðara að komast að skipinu því þar var mikill klaki. Skyggnið var ekki meira en svo í þessari ferð, að þegar slotaði stundum, þá sáum við rétt grilla í ljós skipanna sem lónuðu fyrir utan. Notuðu þau þó alla sína ljóskastara til þess að lýsa í land.

Björgunin

Þegar við komum á staðinn vissum við ekki að búið var að bjarga hluta áhafnarinnar. Það var í rauninni mikið lán að við skyldum ekki hafa vitað það. Ég er viss um það að hefði Helgi Hallvarðsson náð sambandi úr talstöðinni þegar við vorum á Engjunum og fengið þær fréttir að björgun væri hafin af sjó, þá hefði okkur örugglega verið snúið við. Þá hefðu þessir menn sem eftir urðu trúlega ekki bjargast á lífi. Þessu gerir maður sér grein fyrir þegar maður fer yfir hlutina eftir á. Menn hefðu aldrei lagt það á mannskapinn að fara þessa hættulegu ferð ef við hefðum vitað að björgun á sjó væri hafin.

Gísli tekur við afreksverðlaunum Sjómannadagsins 1955.

Þegar við finnum skipið erum við orðnir mjög þreyttir en að sjá mennina veifa af brúarvængnum fyllti mann þvílíkum krafti að erfitt er að lýsa því. Maður fyllist einhverri orku sem maður telur sig ekki eiga til. Það er mjög

skrítin lífsreynsla. Við förum því til baka, Steinn Jónsson og ég, og til þess að flýta ferðinni fórum við úr stígvélunum því öðruvísi hefðum við ekki komist upp hlíðina. Hún var svo brött og sleip. Við vorum fljótir til baka enda fullir orku eftir að hafa séð mennina á lífi. Þegar við komum á Engjarnar voru hinir mennirnir farnir. Þeir voru þar á bersvæði og höfðu fært sig heim á sand til þess að komast í skjól, að ég tel. Fyrst varð maður reiður þegar maður sá að þeir voru farnir og þá bætti maður í ferðina til þess að ná þeim fyrr. Seinna fannst mér skýrast af hverju þeir færðu sig.

Þegar búnaðurinn var kominn á strandstaðinn skaut Hrefnu-Gestur úr línubyssunni og hitti brúna í öðru skoti. Björgun hófst strax. Við Steinn vorum til skiptis í fjörunni að taka á móti mönnum þegar þeir komu í land í stólnum. Það þurfti að hjálpa þeim á fætur og leiða þá upp fjöruna. Þeir voru mjög misjafnlega klæddir. Sumir voru einungis í nærbuxum.

Þeir voru að vonum mjög glaðir þegar þeir höfðu fast land undir fótum. Vistin um borð hlýtur að hafa verið hræðileg því skipið lét mjög illa. Það kastaðist til í fjörunni allan tímann. Mennirnir voru auðvitað mjög þreyttir en allir náðu þeir samt að ganga á eigin fótum. Þeir fóru mjög misjafnlega mikið í kaf þegar þeir voru dregnir í land. Sumir fóru alveg á bólakaf en aðrir aðeins upp að mitti. Mönnum hlýtur að hafa verið mjög kalt en nefndu það ekki, einfaldlega vegna þess að þeir hafa eflaust gleymt því í fögnuðinum yfir að hafa verið bjargað í land.

Fjaran gerði gæfumuninn

Gæfan var líka með okkur öllum að við skyldum ná þeim í land svo skömmu fyrir fjöru. Við gátum því labbað fyrir Standinn á fjöru. Það gekk því mjög greiðlega að komast heim á Sléttu. Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda hvernig farið hefði ef flóð hefði verið á þessari stundu. Mér er næst að halda að mennirnir hefðu þá verið betur komnir um borð í skipinu. Ég óttast að við hefðum ekki komist allir á lífi til baka ef við hefðum þurft að fara upp hlíðina.

Síðustu metrana heim að Sléttu var ég orðinn ægilega þreyttur. Ég var farinn að reika í spori. Það sem bjargaði mér var að rétt áður en komum að togaranum í fjörunni fann ég dós af Auðhumlu-mjólk sem hafði rekið. Ég gat gert á hana gat og drukkið úr henni. Sá sopi bjargaði miklu fyrir mig. Hún var kjarngóð dósamjólkin. Þetta var einkennileg en skemmtileg tilviljun því enginn matur var með í ferðinni og ég hafði lítið borðað um borð í Heiðrúnu áður en lagt var í hann.

Þegar við komum á Sléttu var farið að rökkva. Þá var enginn matur til þannig að það eina sem menn fengu var heitt vatn. Úlfur Gunnarsson læknir var með í ferðinni og hann hugaði auðvitað að mönnum. Úlfur fylgdi okkur reyndar alla leið á strandstað. Ég lagðist til svefns í rúmi Sölva heitins frænda míns og steinsofnaði. Um kvöldið vaknaði ég við það að mér var rétt kóteletta. Ég vissi ekkert í minn haus og því síður hvaðan hún kom.

Í millitíðinni hafði skíðasveitin komið með vistir og þetta var dásamleg máltíð sem við fengum þarna um kvöldið. Það fengu allir nægan mat en það var lítið af matarábyrgðum enda var ekki gert ráð fyrir mörgum tugum manna í mat á Sléttu. Þegar þetta gerist hafði Slétta verið í eyði í átta ár en við höfðum farið þarna í heyskap á sumrum. Rúm voru í húsinu og einhverjar dýnur. Þær voru allar með hálmi sem þætti ekki gott í dag. Mönnum fundust þetta hins vegar góðar vistarverur þessa nótt.

Einhverjum datt í hug að ganga til Hesteyrar en ég aftók það með öllu. Það hefðu menn aldrei getað, slík var þreytan. Það var ekkert vit í því fyrst menn voru komnir í heit hús og vistir komnar. Mun vitlegra var að bíða betra veðurs.

Þrátt fyrir hina erfiðu lífsreynslu áhafnarinnar fannst mér mikil ró yfir mönnunum. Það var mesta furða því þetta var auðvitað hrikaleg upplifun og ekki óeðlilegt að menn ærist við svona aðstæður.

Enginn ættingja vissi af ferðum Gísla

Það gekk vel að ferja mannskapinn um borð í varðskipið daginn eftir og ferðin á Ísafjörð gekk vel. Þangað vorum við komnir síðdegis. Það var nú svo skrítið, að enginn af mínu fólki vissi um mína ferð fyrr en að henni lokinni. Kannski sem betur fer. Það var nefnilega svo, að við bjuggum á þessum tíma inni á Strýtu og stundum gisti ég hjá Huldu systur minni í Sólgötunni. Þá voru ekki símar í hverju húsi og því héldu foreldrar mínir að ég væri hjá Huldu og Hulda hélt að ég væri innfrá. Þetta var því löng og óvenjuleg bíóferð hjá mér. Bíómiðann átti ég í mörg ár eftir þetta en hann glataðist því miður síðar.

Á þessum tíma var aldrei hugsað um líðan manna eftir svona lífsreynslu. Sumir sem fóru þessa ferð jöfnuðu sig aldrei líkamlega og báru þess merki ævilangt. Ég var mjög slæmur í baki lengi á eftir.

Í þessari ferð vorum við þrír af sama bátnum. Ég var í skiprúmi hjá Ásgeiri Guðbjartssyni og einnig var Hörður bróðir hans með í þessari ferð. Eins og ég sagði komum við síðdegis til Ísafjarðar og um kvöldið fórum við í róður. Ég stóð baujuna en þegar hálfnað er að draga var komið að mér að fara inn og fá mér hressingu. Þegar ég settist við borðið var ég gjörsamlega búinn. Það var eins og yrði spennufall hjá mér. Þá var maður búinn að vera í ofurspennu frá því að skipið fannst og ég gerði mér í raun enga grein fyrir því hvað ég var orðinn þreyttur andlega og líkamlega. Á þessum tíma hugsuðu menn sjaldnast um líkamlega heilsu og aldrei um andlega heilsu.

Auðvitað er misjafnt hvernig menn upplifa svona hluti. Ég var auðvitað bara óharðnaður unglingur og tók þetta fyrir vikið ekki eins inn á mig.

Að loknum björgunarstörfum

Á seinni árum er meira farið að huga að þessum hliðum björgunarstarfs. Nú er passað betur upp á menn. Það sást best í snjóflóðunum miklu fyrir nokkrum árum. Þar var passað að skipta mönnum út eftir ákveðinn tíma. Það verður auðvitað að gæta þess að menn keyri sig ekki út, ef það er hægt. Nú fá menn einnig andlega aðstoð ef menn telja þörf á því. Ég er nú reyndar viss um að á þessum tíma hefði ég ekki talið mig þurfa neina aðstoð eftir þessa reynslu. Í dag, þegar maður er lífsreyndari, þá hefði maður þegið hana. Ég var auðvitað ekki að missa neitt í þessu slysi en þetta er samt sem áður mikil reynsla, bæði andlega og líkamlega.

Í gegnum tíðina hef ég ekki mikið hugsað um þessa atburði. Þeir hafa ekki hvílt á mér. Ég hef síðan ekki mikið rætt þessa ferð við menn að fyrra bragði. Hins vegar vissi fólk auðvitað um þessa björgun og hún var í umræðunni hér um tíma á eftir. Á sjómannadaginn um sumarið fékk slysavarnasveitin á Ísafirði nýjan búnað þar sem sá fyrri var skilinn eftir á slysstað. Þessi nýi búnaður var úr nælóni sem var auðvitað mikil framför. Búnaðurinn var vígður á sjómannadaginn með því að ég var dreginn í honum af Olíumúlanum og yfir á bátahöfnina. Ég var síðan valinn til þess að taka við heiðursverðlaunum fyrir þessa björgun. Í raun var auðvitað verið að verðlauna alla þá sem tóku þátt í þessari björgun, bæði á sjó og í landi. Ég var trúlega valinn vegna þess að ég var yngstur í ferðinni. Ég tók því við þessum verðlaunum í nafni allra þeirra sem voru svo gæfusamir að taka þátt í að bjarga þessum mönnum.

Ég hef í gegnum tíðina fengið kveðjur frá ýmsum þessara manna en engan hitt. Ég hef rætt við Stein Jónsson í síma og einu sinni á leið minni fyrir austan reyndi ég að hitta á Stein en þá var hann í hestaferð. Mig hefur oft langað að hitta þessa menn en tíminn flýgur áfram og af því hefur ekki orðið. Þeir eru nú margir horfnir á braut, en hver veit hvað maður á eftir að gera í framtíðinni.

Árin með Ra

Texti: Hlynur Þór Magnússon
Myndir: Spessi og úr einkasafni

Rafn Jónsson tónlistarmaður, sem andaðist á liðnu sumri eftir mjög langvinn og erfið veikindi, var einn af kunnustu og virtustu sonum Ísafjarðar og Súgandafjarðar. Á þeim tveimur stöðum voru rætur hans og æskuspor. Hann fæddist á Suðureyri við Súgandafjörð 8. desember 1954 og hefði því orðið fimmtugur fyrr í þessum mánuði ef honum hefði auðnast að lifa um hálfu ári lengur. Rafn barðist við MND-taugahrörnunarsjúkdóminn og hélt velli lengur en flestir aðrir en var bundinn við hjólastól allmörg síðustu árin. Hann var jarðsettur á Ísafirði.



Þegar Rabbi var sex ára fluttist hann með móður sinni til Ísafjarðar og þar átti hann heima næstu tvo áratugina. Í uppvextinum var hann hins vegar jafnan á Súganda á sumrin og um páska enda var hann mikill ömmustrákur.

Eftirlifandi eiginkona Rafns Jónssonar er Friðgerður Guðmundsdóttir, jafnan kölluð Dedda. Hún er vestfirsk að ætt og uppruna eins og Rafn, fædd og uppalin á Ísafirði. Heimili þeirra hin síðari árin hefur verið í Hafnarfirði. Það var auðsótt mál að fá að eiga við Deddu samtal fyrir jólablað Bæjarins besta um árin hennar með Rabba. Árin sem reyndar urðu tuttugu og sjö eða þar um bil. Hér verður eiginlega ekkert fjallað um tónlistarferil Rafns Jónssonar. Það er allt annar hlutur.

„Við Rabbi vorum bæði alin upp í Dokkunni á Ísafirði að miklu leyti. Þetta var spennandi leiksvæði og við börnin vorum stöðugt að þvælast þar. Rabbi mundi vel eftir mér sem krakka að leik niðri í Dokku, þó að hann hafi verið fimm árum eldri, og ég man líka eftir honum þar. Síðan man ég mjög vel eftir honum þegar ég var tíu eða ellefu ára. Þá var hann að spila í Alþýðuhúsinu. Mig minnir að þetta hafi verið barnaskemmtun á sumardaginn fyrsta eða eitthvað slíkt. Auðvitað vissi ég alltaf af Rabba, vissi vel hver hann var og allt það, en þetta er fyrsta sterka minningin. Mér fannst hann svo æðislegur á trommunum! Ég man að Svanfríður Arnórsdóttir var þá að syngja með þeim.

Við Rabbi byrjuðum að vera saman árið 1977. Þá var ég bara á átjánda ári. Þetta tók okkur nú dálítinn tíma því að hann var alveg ákveðinn í því að hann ætlaði sko ekkert að fara á fast! Hann hafði áður verið í sambúð og vildi núna bara vera laus og liðugur.“

– Frá þeirri sambúð á Rabbi dóttur.

„Já, hana Helgu litlu“, segir Friðgerður. „Rabbi var óskaplega stoltur af henni. Hún átti nú sinn þátt í að draga okkur saman því að hún hændist svo að mér. Hún var þá tæplega tveggja ára og var hjá pabba sínum þetta sumar. Ég mátti helst ekki víkja frá, átti bara að vera þangað til hún var sofnuð. Ég er stundum að minna hana á hennar þátt í því að við pabbi hennar enduðum saman, svona lítil sem hún var þá. Hún hefur alltaf verið mikið hjá okkur og átt heima hjá okkur.

Og svo var Rabbi náttúrlega alltaf í músíkinni. Oft getur það verið vandamál að konunum finnst oft fara svo mikill tími í það þegar karlarnir þeirra eru að spila hingað og þangað. Auðvitað fer mikill tími í þetta en mér fannst það bara ágætt. Ég var þá bara með vinkonum mínum. Rabbi gerði mér strax grein fyrir því, sem ég auðvitað vissi, að þetta var hans líf og þetta ætlaði hann að gera. Þú verður bara að taka mig eins og ég er, sagði hann. Það var aldrei neitt annað í stöðunni en að hann væri einhvers staðar að spila og ég hélt mínu lífi áfram á meðan.“

Umkringd trommurum

– Hefurðu verið sjálf eitthvað í tónlist?

„Ég var auðvitað í Tónlistarskólanum í gamla daga eins og flestir Ísfirðingar en lítið annað. Reyndar var ég í skólahljómsveit í Menntaskólanum á Ísafirði. Meira að segja söng ég einu sinni á einhverri samkomu hjá hernámsandstæðingum. Þar kom líka fram meðal annarra Ólafur heitinn Guðmundsson og Rabbi var á trommunum. Já, ég kom aðeins við þetta.“

Útför Rabba fór fram frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 8. júlí í sumar að viðstöddu fjölmenni. Séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur jarðsöng. Við athöfnina voru meðal annars leikin lög Rafns en sjálfur annaðist hann lagavalið við athöfnina, eins og fram kemur hér í meginmáli. Kammerkórinn á Ísafirði söng og einnig sungu þau Andrea Gylfadóttir og Helgi Björnsson. Undirleik önnuðust Hulda Bragadóttir, Haraldur Þorsteinsson, Hjörtur Howser, Jón Ólafsson og Rúnar Þórisson. Rafn var lagður til hinstu hvílu í kirkjugarðinum á Réttarholti í Skutulsfirði.

Stúdentsprófi lokið vorið 1980. Ég var í fyrsta árganginum sem Björn Teitsson útskrifaði.

– Hjá hernámsandstæðingum, sagðirðu. Voruð þið Rabbi róttæk?

„Já, það held ég megi segja. Rabbi kaus alltaf Alþýðubandalagið og var kominn af kommúnistafjölskyldu, verkamannafjölskyldu á Súganda. Gummi Gísla heitinn fósturpabbi hans var mikill baráttumaður. Já, við sóttum alla fundi hjá Alþýðubandalaginu og hernámsandstæðingum á þessum tíma. Það var oft mikið fjör í kringum það. En við höfum ekki verið flokksbundin og höfum ekki skipt okkur mikið af pólitík síðan. Við létum aðra um það. En á þessum tíma var stemmningin á Ísafirði einhvern veginn þannig að allir tóku afstöðu. Líklega miklu frekar en núna.“

Já, ég kom aðeins við þetta, sagði Dedda áðan um tónlistina. En segja má að sjálf hafi hún verið umkringd trommurum um dagana. Ekki aðeins að Rafn hafi verið trommari og að sonur þeirra sé trommari. Halldór Guðmundsson bróðir hennar, Dúddi bifvélavirki á Ísafirði, er líka gamalkunnur trommari og lamdi húðir með hljómsveitum út um allar trissur á sínum tíma. En ofurlítið meira um fjölskylduna og upprunann.

Tímarnir breytast

„Foreldrar mínir fluttust til Ísafjarðar innan úr Djúpi árið 1947. Pabbi er reyndar fæddur í Bolungarvík og föðurfólkið mitt var þar. Hann missti foreldra sína ungur og var sendur inn í Djúp og dvaldist þar á nokkrum stöðum í uppvextinum. Mamma er frá Birnustöðum í Djúpi og þar voru hennar ættir. Amma mín í móðurætt var systir Hermanns Hermannssonar á Svalbarði í Ögurvík, föður Dóra Hermanns og Sverris og þeirra systkina. Þau fæddust og ólust upp á Krossnesi norður á Ströndum en fluttust síðan með foreldrum sínum yfir í Ísafjarðardjúp.“

Þeir búferlaflutningar voru nokkuð ólíkir því sem nú þekkist þó að ekki sé svo mjög langt síðan. „Pabbinn reri með eldri börnin“, segir Friðgerður. „Þetta er nú engin smávegis vegalengd fyrir Horn og Jökulfirði og inn Ísafjarðardjúp. Móðirin fór hins vegar gangandi yfir Drangajökul með yngri börnin og kúna. Þetta er eiginlega svo ótrúlegt að maður skilur varla hvernig fólk komst yfirleitt af við þessar aðstæður. Þvílíkar hetjur!“

Foreldrar Friðgerðar, þau Rebekka Jónsdóttir og Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur póstur eins og hann er jafnan kallaður, búa nú á Hlíf á Ísafirði. „Foreldrar mínir byrjuðu sinn búskap á Birnustöðum í Djúpi en bjuggu síðan um skeið á Bjarnastöðum í Ísafirði í Djúpi, sem nú eru í eyði. Mér finnst ég vera svo gömul þegar ég tala um þetta! Það hefur svo margt breyst á einni mannsævi“, segir Friðgerður.

„Eftir komuna til Ísafjarðar var pabbi fyrst vörubílstjóri. Hann var líka nokkrar vertíðir í Keflavík en var síðan póstafgreiðslumaður á Ísafirði í 25 ár, fyrst við útburð á pósti en síðan á pósthúsinu. Reyndar hætti hann ekki að vinna fyrr en hann varð 88 ára því að hann var stefnuvottur þangað til.“

Rabbi var ótrúlegur maður

– Hvernig maður var Rabbi?

„Hann var ótrúlegur maður. Hann var mjög heiðarlegur.

bba

Rabbi með dóttur sína, Helgu Rakel, 2ja ára, árið 1977.

Poppararnir sjálfsagt ekki í algeru fríi. Mig minnir að við höfum verið á fínu balli með mat þar sem þeir spiluðu síðan á. F.v. Dedda, Bryndís, Reynir og Rabbi.

Forðaðist deilur eins og heitan eldinn. Vildi hafa alla góða í kringum sig. Vildi hafa allt gott í kringum sig. Tók öll leiðindi mjög nærri sér. Hann var ofboðslega hugmyndaríkur, alltaf að fá nýjar og skemmtilegar hugmyndir. Ég spurði hann álits á öllu sem ég var að gera og hann hafði alltaf skoðanir á því og góðar hugmyndir.

Rabbi var alltaf ótrúlega bjartsýnn. Stundum jafnvel hálfpartinn á flugi. Ég sagði stundum að ég væri jarðfestan hans. Ég togaði sko stundum í hann þegar hann byrjaði að svífa og hélt honum niðri á jörðinni! En það var nú kannski ekkert svo mjög nauðsynlegt þó að ég hefði stundum á tilfinningunni að ég væri klettur inn sem héldi honum föstum.

En það góða var að hann hélt alltaf mikilli ró og var ekkert að stressa sig á hlutunum. Hafði alltaf yfirsýn þó að mikið væri um að vera. Hann bjó í rauninni alla tíð yfir þessu æðruleysi. Ég held að hann hafi skynjað eitthvað um framtíðina. Fljótlega eftir að við kynntumst tilkynnti hann mér að hann myndi aldrei ná því að verða sextugur. Hann vissi einhvern veginn að hann yrði ekki mjög langlífur."

Síðasta plata Rabba

Eins og áður segir hefði Rafn Jónsson orðið fimmtugur þann 8. desember. Þá var efnt til afmælistónleika og jafnframt haldið upp á útkomu síðustu plötunnar hans. Eins konar síðbúnir útgáfutónleikar.

„Við vorum búin að segja honum að við myndum gera það þó að hann væri farinn. Og hann vissi að hann yrði farinn þá."

Platan var að mestu leyti tekin upp í hljóðverinu heimsfræga Abbey Road í London á síðasta ári.

„Síðasti vetur fór í það hjá Rabba í að leika sér með upptökurnar, bæta inn í þær gíturum og söng og taka upp tvö viðbótarlög. Það er gaman að meðal laganna á plötunni er lag eftir gamlan félaga hans úr hljómsveitinni Náð, Ásgeir apótekara eins og ég kalla hann, tengdason Ingólfs Eggertssonar á Ísafirði. Þetta er lag sem þeir höfðu gjarnan viljað koma á plötu á sínum tíma en það varð ekkert úr því þá. Rabbi geymdi þetta alltaf þetta lag og vildi koma því loksins á plötu núna."

Tveir eldri synir Rabba og Deddu eru í lykilhlutverkum á nýju plötunni. „Þeir eru báðir mjög góðir", segir Friðgerður, „bæði Egill á trommunum og Ragnar sem leikur á gítar. Þeir eru mjög næmir tónlistarmenn, leyfi ég mér að segja, og geta farið víða á tónlistarsviðinu."

Píanóið í Abbey Road

Upptökuferðin til London í fyrra var reyndar fjölskylduferð í leiðinni. „Við vorum þarna öll", segir Friðgerður. „Rabbi ætlaði nú hálfpartinn að guggna á þessu þegar alveg var komið að því að fara. Þetta var auðvitað heilmikið ferðalag og hann í hjólastólnum. Það var mikið álag fyrir hann að láta brölta svona með sig. En þegar komið var að því að staðfesta og borga, þetta er auðvitað rándýrt stúdíó, þá gat ég ýtt á hann að fara. Enda í sjálfu sér ekkert annað í stöðunni. Það var búið að tala um þetta lengi, þetta var gamall draumur.

Og það sá enginn eftir þessu. Tónlistarmennirnir sem fóru með okkur voru alveg í skýjunum, brosandi allan hringinn og trúðu því varla að þeir væru þarna. Þetta var allt svo skemmtilegt og skrítið.

Þarna kom ég að gömlu píanói sem var ægilega ljótt og lúið. Fílabeinið á hvítu nótunum á miðju nótnaborðinu sem mest eru notaðar var svo gegnslitið af notkun að það var komið alveg niður í viðinn. Ég hef aldrei séð neitt annað píanó með svona slitnum nótum.

Ég hugsaði að þetta gæti nú varla verið flott græja og prófaði að slá nokkra hljóma en þá reyndist alveg rosalega flottur hljómur í því. Mér var svo sagt að ég hefði verið að spila á þetta fræga píanó sem Bítlarnir notuðu meðal annars í laginu Obladí, oblada. Það er dálítið sérstakur píanóhljómur í því lagi. Og þó að þetta píanó sé orðið allt svo óhrjálegt og ljótt að það er alveg ótrúlegt, að minnsta kosti væri það engin stofuprýði, þá er innvolsinu greinilega haldið mjög vel við.

Já, það er óneitanlega svolítið spes að hafa verið þarna."

Allir synirnir í tónlistinni

Rafn og Friðgerður fluttust frá Ísafirði árið 1980 – „þó að hvorugt okkar langaði neitt að fara þaðan. Rabba langaði að læra aðeins meira í trommuleik en okkur langaði alls ekki að fara til Reykjavíkur. Við ákváðum að fara til Svíþjóðar og fór hann að læra hjá Pétri Östlund. Svo fór samt að við fluttum til Reykjavíkur eftir að hafa verið eitt ár í Svíþjóð. Ég fór í Kennaraháskólann. Maður fór bara að mennta sig og eiga börn.

Tilhögunin hjá okkur var lengst af þannig, eða þangað til síðustu árin, að ég var fyrir vestan með strákana á sumrin meðan Rabbi ferðaðist um landið og spilaði eða var heima við upptökur eftir að hann byrjaði á því. Það var ekki nema síðustu fjögur til fimm árin sem hann gat ekki lengur verið einn. En lengst af vorum við strákarnir okkar eins og vorboðar á Ísafirði. Ég er búin að gera þá að svo miklum Ísfirðingum að þeir sjá bæinn eins og í hillingum. Og ég er mjög ánægð með það!"

Þau Rafn og Friðgerður eiga þrjá syni. Áður er getið um Egil og Ragnar en yngstur er Rafn Ingi, sem nú er tíu ára gamall. Hann er að sjálfsögðu líka kominn í músíkina. „Hann er að læra á bassa og kennarinn segir mér að hann sé mjög efnilegur. Auðvitað er hann með taktinn í sér og tilfinningu fyrir tónlist. Eins og við Rabbi bæði. En hvað hann leggur svo fyrir sig veit maður auðvitað ekki."

Tveir af sonum Rafns og Friðgerðar bera nöfnin Ragnar og Rafn. Sjálfur hét Rabbi fullu nafni Rafn Ragnar Jónsson enda þótt hann notaði yfirleitt ekki millinafnið. Hann hafði þó síður en svo nokkuð á móti Ragnarsnafninu, segir Friðgerður. „Hann hét eftir móðurbróður sínum sem hét Rafn Ragnarsson og dó rétt eftir að Rabbi fæddist. Hann drukknaði þegar togari keyrði niður súgfirskan fiskibát."

Við giftum okkur heima að Bugðulæk 31. desember 1990 að viðstöddum fjölskyldu og vinum. Séra Halldóra Þorvarðardóttir, vinkona mín, gaf okkur saman og Jón Ólafsson spilaði brúðarmarsinn og fleiri lög á hljómborðið.

Yndisleg ár en erfið

Þegar Friðgerður er spurð um bestu minningarnar frá árunum með Rabba segir hún:

„Ég veit ekki hvort hægt er að taka eitthvað ákveðið út úr. MND er óskaplega erfiður sjúkdómur og krefst þess að fólk tengi sig verulega vel saman. Ef fólk gerir það ekki, þá er ekki hægt að búa saman með þetta yfirvofandi öll þessi ár. Þó að sjúkdómurinn hafi verið mjög erfiður, þó að það sé óskaplega þungbært að horfa á ástvin sinn hrörna og visna og vita að hann er bráðum að hverfa á braut, þá varð hann líka til þess að dýpka samband okkar og gera það sterkara og betra.

Það er svo skrítið með þetta líf. Það sem er erfitt og þungbært getur líka haft eitthvað gott í för með sér. Erfiðleikarnir knýja mann til að skoða hug sinn og læra. Ég get sagt af heilum hug, að öll þessi ár hafi verið yndisleg þó að þau hafi verið mjög erfið og tekið vel á."

MND

Á Íslandi er starfandi félag MND-sjúklinga. Það var stofnað árið 1993 og Rafn Jónsson var formaður þess frá upphafi og til dauðadags. Skrifstofa félagsins er á heimili Rafns og Friðgerðar í Hafnarfirði og hefur verið þar síðustu sex árin eða svo. Friðgerður annast skrifstofuhaldið og heimasíðu félagsins (www.mnd.is) og samskipti við alþjóðasamtökin (International Alliance of ALS/MND Associations). Á heimasíðu þeirra samtaka kemur fram að ALS og MND eru skammstafanir fyrir *Amyotrophic Lateral Sclerosis* og *Motor Neurone Disease* sem eru raunar mismunandi nöfn á sama sjúkdómnum. Hér er um að ræða hreyfitaugahrörnun sem yfir 350.000 manns í heiminum þjást af hverju sinni.

Meðal annars sér Friðgerður um útgáfu fréttablaðs MND-samtakanna, skrifar fréttir, þýðir greinar og tekur viðtöl. „Þetta er hálfgerður heimiliserfiðnaður hérna!" segir hún. Meira að segja hefur komið fyrir að hún hefur líka borið fréttabréfið út til viðtakenda á höfuðborgarsvæðinu. Enda dóttir Guðmundar pósts. Yfirleitt lætur hún þó nægja að koma því í prentsmiðjuna.

Þegar íslenski MND-vefurinn er skoðaður kemur í ljós að þar er margvíslegt fræðsluefni sem Friðgerður hefur þýtt á íslensku.

„Þegar Rabbi greinist með þennan sjúkdóm er mjög lítið vitað um hann. Við vissum reyndar að þetta var til í ættinni hjá honum og vissum þannig út á hvað þetta gekk og hvernig það endaði. En það var ekki til stafkrókur á íslensku um þennan sjúkdóm. Ég réðst þess vegna í það verkefni go bæta úr því. Ég hef verið dugleg við það síðasta áratuginn að læra um sjúkdóminn, þýða fræðsluefni og koma því til skila sem ég hef lært um hann. Fræðsla stuðlar að öryggistilfinningu þeirra sem hlut eiga að máli."

MND-sjúklingar á Íslandi eru jafnan milli fimmtán og tuttugu hverju sinni. Fjórir til fimm greinast á hverju ári og fjórir til fimm deyja á hverju ári. Rafn Jónsson lifði meira en hálfan annan áratug eftir að hann greindist með sjúkdóminn en það er miklu lengri tími en venjulegt er. Friðgerður segir að MND-félagið sé dálítið sérstakt og erfitt félag að því leyti að endurnýjunin í því er mjög hröð. „En undanfarið hafa svo margir tiltölulega ungir og hressir verið með þennan sjúkdóm að það hefur verið mikill kraftur í því."

Friðgerður var á aðalfundi og árlegri ráðstefnu alþjóðlegu MND-samtakanna í Fíladelfíu í Bandaríkjunum um síðustu mánaðamót eða dagana 29. nóvember til 4. desember. Hún var því rétt komin heim aftur fyrir fimmtugsafmæli Rabba.

„Ég get ekki sagt skilið við félagið nema finna því öruggan samastað. Þetta er eins barnið okkar sem við höfum komið á legg en það getur ekki staðið í fæturna nema það sé haldið utan um það. Það er ekki víst að við séum alveg sloppin við MND-sjúkdóminn. Hann er ættgengur í föðurfjölskyldu Rabba og gæti skotið upp kollinum aftur. Ég er bjartsýn á að lyf finnist innan tíðar og það er ekki ólíklegt að það verði um svipað leyti og lyf finnst við Alzheimer og Parkinson. Allir þessir sjúkdómar eiga margt sameiginlegt og hafa undanfarin ár verið rannsakaðir samhliða. Ég fylgist vel með þessu öllu."

Andlátið

Rafn andaðist að morgni sunnudagsins 27. júní í sumar. Enda þótt líkaminn hafi verið mjög veikur hélt hann fullkomlega andlegum kröftum til hins síðasta.

„Algerlega", segir Friðgerður. „Við eigum myndir af honum sem eru teknar nokkrum klukkutímum áður en hann varð allt í einu veikur og dó. Hann veikist um klukkan tíu um kvöldið og deyr um klukkan hálfátta um morguninn. Hann var í rauninni ekki fárveikur nema þessa nótt, þó að hann hafi fyrir löngu verið orðinn mjög slappur og andstuttur. Hann fékk ekki nægilegt súrefni og það var raunverulega dánarorsökin. Vöðvarnir sem annast öndunina gáfu sig smátt og smátt. Þindin var búin að vera óvirk í nokkur ár og þá andaði hann með millirifjavöðvum og síðan axlavöðvunum. Það var komið að minnsta kosti eitt og hálft ár frá því að maður sá að þegar hann talaði lyfti hann öxlunum til að draga andann. Síðustu daganna notaði hann hálsvöðvana. Þetta var ótrúleg seigla og ótrúlegt æðruleysi. En hann hélt sínu striki og borðaði og talaði alveg fram undir síðustu stund.



Rabbi ásamt syni sínum Ragnari Zolberg.

Eftir að hann veiktist kvöldið áður en hann dó gat hann talað við okkur fram undir miðnætti.

Þar var bara síðustu dagana sem hann var farinn að vera mest í rúminu. Annars fór hann alltaf á fætur og var mjög umhugað um að byrjað yrði að hljóðblanda plötuna. Vinur hans Ken Thomas kom frá London í þeim tilgangi. Rabbi var að bíða eftir honum og vildi að hann færi að byrja að hljóðblanda. Og það var byrjað á því þennan laugardag, síðasta daginn hans. Hann fékk að heyra fyrstu hljóðblöndunina og var mjög sáttur við hana. Ég held að hann hafi verið mjög sáttur við að fara einmitt á þessum tímapunkti. Hann vissi auðvitað alveg að hverju dró. Þetta var búinn að vera mjög erfiður tími. Við vorum öll viðbúin því alveg frá áramótum að það færi eitthvað að bresta á.

Jón Ólafsson kom í heimsókn eitthvað um viku áður en Rabbi dó. Þeir sátu hérna inni í eldhúsi að spjalla og Jón segir allt í einu: Hérna Rabbi, varstu eitthvað búinn að spá í lagalistann í jarðarförinni? Það var eins og það væri verið að plana enn eitt giggið. Og svo var það neglt niður sem Rabbi var búinn að hugsa sér. Þannig voru bara opnar umræður um þetta, sem betur fer.

Sjö síðustu vikurnar sem Rabbi lifði vorum við öll hér saman, Helga dóttir hans, strákarnir þrír og við Rabbi.



Konurnar og börnin í ferðinni til Abbey Road í Lundúnum. F.v. Helga Rakel, en maðurinn hennar, Dagur Kári, tók alla ferðina upp á myndband, Arna Vignisdóttir, kona Rúnars Þórissonar gítarleikara, Dedda og Íris Kristinsdóttir, fyrrverandi sambýliskona Egils. Hjá okkur stendur Rafn Ingi.

Nóttina þegar hann dó lágum við öll saman í hrúgu uppi í rúmi hjá honum. Alveg eins og hann vildi hafa það.“

Snemma sáttur við dauðann

„Heimir Már Pétursson tók rétt fyrir 1980 viðtal við Rabba fyrir Emmí Jóns, skólablað Menntaskólans á Ísafirði. Meðal annars spurði hann Rabba þessarar spurningar: Hvað finnst þér um dauðann? Rabbi svaraði því til að hann

Á blogginu sem rætt er um í meginmáli segir m.a.: „Eftir kistulagningu fórum við keyrandi vestur með Rabba/kistuna í bílnum. Það var nú skrítin sjón að sjá okkur borða nestið við bílinn með kistunni í. Minnir á gamla daga þegar kistur voru fluttar á hestum milli fjarða. En ferðin var mjög góð og liður í þessu ferli öllu.“ Á myndinni er Egill Rafnsson við stýrið á líkbílnum.

Stiklað á tónlistarferli Rafns Jónssonar

Rafn Jónsson átti fjölbreyttan tónlistarferil og starfaði með fjölmörgum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Meðal hljómsveita sem hann stofnaði og lék með eru Náð, Ýr, Grafík, Bítlavinafélagið og Sálin hans Jóns míns. Sjálfur var hann trommuleikari en lagði einnig stund á tónlistarupptökur, upptökustjórn, hljóðblöndun og flest annað sem slíku viðkemur. Árið 1993 lagði Rafn trommukjuðana á hilluna vegna veikinda sinna.

Ferill Rabba á tónlistarsviðinu hófst opinberlega árið 1967 á Ísafirði þegar hann stofnaði hljómsveitina Perluna ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni, Guðmundi Baldurssyni og Þráni Sigurðssyni. Ári síðar stofnaði hann ásamt Reyni Guðmundssyni og fleirum rokksveitina Náð sem starfaði til 1973. Sama ár voru þeir félagar Rabbi og Reynir komnir í nýja hljómsveit, Ýr, sem starfaði til 1977. Í henni voru lengst af ásamt þeim tveimur þeir Hálfdán Hauksson og Sigurður Rósi Sigurðsson en þessi hópur stóð að upptökum á fyrstu og einu plötu sveitarinnar, Ýr var það heillin. Upptökur fóru fram í Soundcheck Studios í New York undir stjórn Jakobs Magnússonar. Platan kom út í desember 1975 undir merkjum ÁÁ Records og lagið Kanína vakti athygli almennings á hljómsveitinni.

Rabbi fluttist fyrst til Reykjavíkur um miðjan áttunda áratug liðinnar aldar til þess að vinna hljómplötu með hljómsveitinni Haukum. Platan sem fékk nafnið Fyrst á röngunni hafði m.a. að geyma lagið Fiskurinn hennar Stínu. Hauka skipuðu Gunnlaugur Melsted, Magnús Kjartansson og Rúnar Þórisson ásamt Rabba, þar til hann flutti aftur á Ísafjörð og endurreisti Ýr. Síðla árs 1977 stofnuðu nokkrir meðlimir Ýrar nýja hljómsveit, Danshljómsveit Vestfjarða, sem starfaði fram á mitt ár 1979. Nokkru síðar það flutti Rabbi til Svíþjóðar og settist á skólabekk í slagverksleik, meðal annars hjá Pétri Östlund.

Þegar Rabbi kom heim árið 1981 eftir ársdvöl í Svíþjóð stofnaði hann hljómsveitina Grafík sem starfaði við miklar vinsældir til ársloka 1987. Grafík varð til þegar Rabbi, Örn Jónsson bassaleikari og Rúnar Þórisson gítarleikari voru að gera prufuupptökur uppi á lofti í Félagsheimilinu í Hnífsdal á átta rása upptökutæki Rabba, sem má kalla fyrsta heimastúdíóið á Íslandi. Upptökum lauk vorið 1981 og bættust þá í hópinn Vilberg Viggósson og Ólafur Guðmundsson. Platan sem þarna varð til hlaut nafnið Út í kuldann. Hún fékk góða dóma jafnt innanlands sem erlendis en henni var dreift bæði í Ameríku og Evrópu. Vinna við næstu plötu hófst ári seinna en hún kom ekki út fyrr en í apríl 1983 og hlaut nafnið Sýn. Þær breytingar höfðu orðið á sveitinni að Ólafur var hættur og Ómar Óskarsson kom í hans stað. Í júní 1983 kom Helgi Björnsson í stað Ómars og um svipað leyti flutti hljómsveitin aðsetur sitt frá Ísafirði til Reykjavíkur.

Í september 1984 hélt Grafík í stúdíó Hljóðrita á Hafnarfirði til þess að taka upp sína þriðju plötu, Get ég tekið sjéns, og er skemmst frá því að segja að platan sló algjörlega í gegn með lögunum Þúsund sinnum, Mér finnst rigningin góð og Sextán. Þegar hér var komið sögu hafði Hjörtur Howser leyst Vilberg Viggósson af hólmi. Örn Jónsson bassaleikari og einn af stofnendum Grafíkur yfirgaf hljómsveitina í byrjun ársins og kom Jakob Smári Magnússon bassaleikari úr Tappa tíkarrassi í hans stað.

Árið 1985 var það viðburðaríkasta í sögu Grafíkur. Hljómsveitin spilaði á tvennum stórtónleikum í Laugardalshöllinni og var fulltrúi Íslands á Norrock-tónleikum í Árósum og Kaupmannahöfn, auk þess að fara í hálfs mánaðar hljómleikaferð um Ísland. Fjórða plata Grafíkur, Stansað, dansað og öskrað, kom út í desember 1985 og vakti mikla athygli og vann myndband við lagið Tangó til verðlauna sem besta myndbandið á Norðurlöndum í samkeppni sem haldin var í Svíþjóð. Árið 1986 tóku meðlimir Grafíkur sér nokkurra mánaða frí en um haustið kom sveitin saman aftur og urðu þær mannabreytingar að þau Andrea Gylfadóttir söngkona og Baldvin Sigurðarson bassaleikari komu í stað Helga Björnssonar og Jakobs Smára Magnússonar. Þannig skipuð fór Grafík í stúdíó til þess að taka upp fimmtu plötuna sína, Leyndarmál, í október 1986, en vinnslu lauk ekki fyrr en í ágúst 1987. Leyndarmál hlaut feiknagóðar viðtökur og þá sérstaklega lögin Presley og Prinsessan. Grafík kom síðast fram með þessari liðsskipan um áramótin 1987-88 á áramótadansleik á Hótel Íslandi.

Árið 1986 stofnaði Rabbi ásamt fleirum hljómsveitina Bítlavinafélagið, sem starfaði óbreytt með hléum allt til ársins 1989. Bítlavinafélagið skipuðu auk Rabba þeir Jón Ólafsson, Haraldur Þorsteinsson, Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hjörleifsson. Í einu af hléum Bítlavinafélagsins stofnuðu þeir Rabbi, Jón og Haraldur ásamt Stefáni Hilmarssyni og Guðmundi Jónssyni Sálina hans Jóns míns en þannig skipuð gaf hún út eina hljómplötu, Syngjandi sveittir, árið 1988. Þeir Stefán og Guðmundur héldu síðan áfram með Sálina en hinir spiluðu áfram með Bítlavinafélaginu. Seinni hluta ársins 1989 stofnaði Rabbi hljómsveitina Galíleó sem hann starfaði með allt til ársins 1993 er hann lagði kjuðana á hilluna vegna veikinda sinna, eins og áður sagði.

Rabbi gaf út tvær sólóplötur, Andartak árið 1991 og Ef ég hefði vængi árið 1993. Rabbi og Rúnar (Þórisson) gáfu út plötuna Í álögum árið 2000. Efnið á plötunni er byggt á kvæðum eftir Kristján Hreinsson skáld og íslenskum þjóðsögum en söngvarar á henni eru gamlir félagar Rabba og Rúnars úr Grafík, þau Andrea Gylfadóttir og Helgi Björnsson. Árið 1998 gerðu Rabbi og Rúnar einnig plötu um íslensku jólasveinana við ljóð Kristjáns Hreinssonar, sem heitir Jólasveinarnir okkar.

Árið 1993 sneri Rabbi sér alfarið að upptökustjórn. Hann rak ásamt Guðmundi Guðjónssyni stúdíóið Hljóðhamar og plötuútgáfuna Rym til ársins 1998. Ferill Rabba sem upptökustjóra var glæsilegur og hafa plötur sem hann hefur stjórnað upptökum á hlotið viðurkenningar á Íslensku tónlistarverðlaunum, svo sem Fólk er fífl með Botnleðju, Magnyl, einnig með Botnleðju, og plata Önnu Halldórs, Villtir morgnar. Meðal annarra sem hann hefur stjórnað upptökum hjá eru Grafik, Nýdönsk, Bítlavinafélagið, Sálin hans Jóns míns, Sixties, Woofer, Stolía, Ragnar Sólberg, Sign og Noise. Einnig má nefna plöturnar Íslandsklukkur og Legg og skel sem hann vann í samvinnu við Magnús Þór Sigmundsson. Rabbi gaf auk þess út af hugsjón út nokkra tugi hljómplata, flestar með nýjum listamönnum.

Síðust skal hér talin platan Fuglar geta ekki flogið á tunglinu, sem Rabbi vann að síðasta kafla ævi sinnar og kom ekki út fyrr en að honum látnum. Frá upptökunum í Abbey Road hljóðverinu í London og nánar frá vinnunni við þessa síðustu plötu segir nánar í meginmáli.

hefði verið dálítið reiður út í dauðann en væri búinn að taka hann í sátt. Þá var faðir hans nýdáinn en fósturfaðir hans hafði dáið fáum árum fyrr.

Rabbi sagðist ekkert vera hræddur við dauðann, hann myndi vilja fara þannig að hann vissi af því áður svo að hann gæti kvatt alla og verið í faðmi fjölskyldunnar. Og þetta fór nákvæmlega á þann veg sem hann talaði um í þessu viðtali. Hann náði að kveðja okkur og þakka fyrir sig og lýsa því hvað hann væri ánægður með fjölskylduna og alla góðu vinina sem hann átti. Hann var ánægður og mjög sáttur."

Bloggið

Friðgerður og Rafn komu sér upp bloggsíðu síðustu vikurnar sem Rabbi lifði (http://blog.central.is/rabbidedda/) og Friðgerður skrifaði inn á það. „Fyrst var hann ekkert hrifinn af því að vera með þetta blogg en svo var hann fljótlega farinn að biðja mig að gá hvort það væru komnar einhverjar orðsendingar til okkar. Það voru alltaf að koma kveðjur frá gömlum vinum sem hann hafði ekki heyrt eða séð lengi. Honum þótti mjög vænt um það."

Bloggsíðan er enn á sínum stað á netinu. Þar má sjá að Dedda skrifar þegar Rabbi var dáinn:

„Eitt lagið á nýju plötunni hans Rabba heitir Veðrið er gott fyrir vestan. Þetta var eitt af því síðasta sem hann sagði áður en hann hætti að tala. Við fjölskyldan áttum góða kveðjustund á laugardagskvöldið. Lágum uppí rúmi hjá honum alla nóttina. Honum var mikið í mun að koma því til skila hve hann væri ánægður með að eiga góða fjölskyldu og vini. Hann var sáttur og tilbúinn enda orðinn mjög máttfarinn. Aldrei smeykur eða hræddur, æðruleysið og þakklætið til enda. Ken Thomas og strákarnir, Egill og Ragnar, byrjuðu að mixa plötuna á laugardaginn hérna heima, þeir leiddu snúru úr stúdíóinu inn í rúm til hans þannig að hann gat hlustað á mixið. Honum leist vel á það og fannst takmarkinu náð, það sést fyrir endann á verkinu. Hann sagði eftir hádegi á laugardaginnn: Þetta er góður dagur, það eru forsetakosningar, það er byrjað að mixa plötuna, sala er hjá MND félaginu og.... Og hvað? sagði ég. Og bara.... lífið, sagði hann þá. Það sem er efst í okkar huga er þakklæti. Allir hafa gert eins vel og þeir geta, kveðjustundin falleg og dagurinn í gær góður. Hann var hér fram á kvöld og fjölskylda og vinir fengu tækifæri til að kveðja í rólegheitum."

Þakkir til svo margra

Friðgerður biður um að fá að nota þetta tækifæri til að koma til skila þakklæti til allra fyrir vestan. Þar á meðal til 1954-árgangsins hans Rabba á Ísafirði, svo og Ísfólksins, en þessi kraftmikli mannskapur sá meðal annars um erfisdrykkjuna. Og svo eru það Rabbabararnir svokölluðu.

„Rabbabararnir er hópur sem var myndaður af vinum og ættingjum að vestan sem stóð með formlegum hætti við bakið á okkur seinustu þrjú árin. Það er nauðsynlegt fyrir fólk sem fer í gegnum erfiðleika eins og þessa að finna fyrir sterku baklandi. Allir sem studdu okkur voru að okkar mati Rabbabarar, hvort sem þeir voru skráðir á blað eða ekki. En það er gott að hafa kerfi á þessu því að við mannfólkið virðumst eiga erfitt með að játa að við þörfnumst hjálpar og biðja um hana. Það er oft ekki fyrr en við hreinlega getum ekki bjargað okkur sjálf, eins og gerðist í okkar tilviki. Það var ekki fyrr en ég var búin að keyra mig algerlega í þrot að við sendum út kallið og í kjölfarið voru Rabbabararnir settir á stofn", segir Friðgerður.

„Við keyptum fyrir nokkrum árum gamalt lítið hús á Súganda til þess að geta haldið áfram að koma vestur. Aðgengið fyrir hjólastólinn bæði hjá foreldrum mínum og móður hans var þannig, að við hefðum annað hvort orðið að hætta að koma vestur eða orðið að búa á hótelinu. Við fengum alveg ótrúlega góða þjónustu þegar við vorum fyrir vestan í húsinu okkar á Súganda. Við fengum heimahjúkrun frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og ég gat alltaf farið þangað með Rabba í bað. Við hefðum ekki getað þetta nema vegna þess að allir voru svo yndislegir og hjálpsamir að taka á móti okkur."

Þegar Dedda er spurð hvort hún sé hissa á því að fólk hafi verið hjálpsamt við Rafn Jónsson segir hún:

„Nei, en fólk þarf ekkert að vera svona almennilegt og það á miklar þakkir skilið. Við Rabbi vorum óskaplega vel meðvituð um að þakka fyrir það sem maður hafði. Við vorum alltaf að tala um það hvað við hefðum það nú gott, þrátt fyrir öll veikindin. Við innprentuðum börnunum líka að gleyma ekki að þakka fyrir það góða. Þó er lífið sé oft erfitt, þá er líka alltaf svo margt sem er gott. Það skiptir svo miklu fyrir líðan okkar að horfa á þetta jákvæða og góða, muna eftir því og þakka fyrir það."

Margir vissu að Rafn Jónsson var mjög jákvæður að eðlisfari. Dedda er það líka.

„Já, ég held að ég hafi alltaf verið bæði jákvæð og bjartsýn. Ég hef vitað það eða haft þá tilfinningu í mörg ár, að þetta hafi verið verkefni sem okkur Rabba var ætlað að ganga saman í gegnum. Okkur var ætlað þetta báðum saman", segir Friðgerður Guðmundsdóttir frá Ísafirði, kölluð Dedda. Samtalið við hana hefur einkennst af rósemi og yfirvegun og einstakri ljúfmennsku. Minnir á Rabba. *– HÞM.*

Ragna Sólberg og hennar börn, Sóley Rabbi og Gísli. Gísli var hér um jól í fyrsta sinn í mörg ár en hann býr í London. Við Rabbi vissum bæði að þetta yrðu seinustu jólin hans þannig að hver mínúta var dýrmæt og þakkarverð.

Rabbabararnir góðu héldu grillveislu í garðinum hjá okkur. Að sjálfsögðu voru Rabbabarakökur og pæur í eftirrétt.

Árið 1994, níu árum áður en draumurinn varð að veruleika. Ragnar, Rabbi og Egill fyrir framan Abbey Road stúdíóið.

Í stjórnherbergi Abbey Road stúdíósins. Út um gluggann má sjá stigann sem liggur niður í stóra salinn þar sem hljóðfæraleikararnir eru. Alltaf voru ávextir og smá snarl á borðum frá stúdíóinu.

BB og Frummynd mæla með...

Raggi Bjarna
– Vertu ekki að horfa

Út er komin platan „Vertu ekki að horfa" sem er afmælisdiskur eins ástælasta söngvara landsins, Ragnars Bjarnasonar. Á plötunni eru 16 lög sem Raggi hefur sungið við góðar undirtektir á 50 ára ferli sínum á sviði. Meðal laga á plötunni má nefna, Úti í Hamborg, Vor við flóann og Capri Catarina.

Páll Rósinkranz
– Páll Rósinkranz

Einn allra vinsælasti söngvari þjóðarinnar sendir loks frá sér plötu sem hefur að geyma ný íslensk lög en þrjár síðustu plötur Páls, sem seldust gríðarlega vel, innihéldu eingöngu þekkt erlend lög. Meðal lagahöfunda má nefna Jóhann Helgason, Þorvald Bjarna, Jóhann G. Jóhannsson, Þóri Úlfarsson og Roland Hartwell. Frábær lög og textar í flutningi enn betri söngvara.

Diddú
– Ave Maria

Út er kominn diskur með einni ástælustu söngkonu landsins, Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Diddú, þar sem hún flytur nokkur lög við undirleik Blásarasextett Mosfellsbæjar. Á disknum eru flutt lögin Ave María, Máríuvers, Maríukvæði og Móðir Guðs í útsetningum 19 höfunda, s.s. Atla Heimis Sveinssonar, Gunnars Þórðarsonar, Sigvalda Kaldalóns, Páls Ísólfssonar, Karls Ottó Runólfssonar, Eyþórs Stefánssonar auk nokkurra erlendra útsetjara. Tilvalinn diskur í jólapakkann enda klikkar Diddú ekki nú frekar en fyrri daginn.

Eivör Pálsdóttir
– Eivör Pálsdóttir

Út er komin ný breiðskífa frá færeysku dífunni, Eivöru Pálsdóttur, sem sleglið hefur í gegn hérlendis á undanförnum árum sem og erlendis. Á þessum nýja disk eru 11 lög sem flest eru eftir söngkonuna. Þá eiga lög á plötunni þeir Bill Bourne, upptökustjóri hennar, Townes Van Zant og Oddgeir Kristjánsson. Meðal laga á plötunni má nefna Við gengum tvö og Veit þú kemur auk enskra og færeyskra laga. Óhætt er að segja að Eivör bregðist ekki aðdáendum sínum á þessum diski enda platan hugljúf og kraftmikil í senn.

Hjálmar
– Hljóðlega af stað



Íslenska raggae-sveitin Hjálmar hefur sent frá sér plötuna „Hljóðlega af stað", fyrstu hreinræktuðu raggae-afurð 21. aldarinnar á Íslandi. Lögin á disknum eru flest frumsamin, þó nokkrar erlendar perlur í líkingu við „Caution" eftir Bob Marley fái að fljóta með, í nýjum búningi og með íslenskum texta. Tilvalinn diskur fyrir aðdáendur raggae-tónlistar. Flottur diskur í jólapakkann.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
WWW straumur
Silfurgötu 5 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
TÆKNIÞJÓNUSTA Vestfjarða
Aðalstræti 26 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Mí
Sindragötu 2 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
lev LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Ísafirði og Hólmavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Lögfræðistofa Tryggva Guðmundssonar
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VÍS
Vátryggingafélag Íslands
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
☎ 456 4340 & 456 4760

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
LÖGSÝN EHF
Lögsýn ehf.,
Björn Jóhannesson hdl.,
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
NÚPUR
Ljóninu, Skeiði · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
KS BLIKK BLIKKSMIÐJA ehf
Árnagötu 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FRYSTIKERFI ehf
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
PRÝMUR HF.
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
PÓLLINN HF.
ADALSTRÆTI 9 – ÍSAFIRÐI – SÍMI 456 3092

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Hárkompaní
Silfurgötu 1 · Ísafirði sími 456 4363

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Grænagarði · Ísafirði
GUMMIBÁTAÞJÓNUSTAN ÍSAFIRÐI

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Skeiði · Ísafirði · Sími 456 6600 · Fax 456 6601

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Svæðisútvarp Vestfjarða
Aðalstræti · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Klofningur ehf.,
Aðalgötu 59 · Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

TRÉSMIÐJAN ehf HNÍFSDAL

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

PÓLS
Sindragötu 10 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19 · Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

3X STÁL
Sindragötu 5 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FMS
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
Bolungarvík – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

oddi hf
Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Aðalstræti 21 – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Bakkavík hf.
Hafnargötu – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Vélsmiðja Ísafjarðar
Mjósundi 1 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FMG FERÐAÞJÓNUSTA MARGRÉTAR OG GUÐNA

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KONUR MENN
verslun Neistahúsinu Hafnarstræti 9-13

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Ökuskóli Vestfjarða
Kristján – Auður – Gunnar

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Olíufélag útvegsmanna hf Hafnarhúsinu Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar Sindragötu 14

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

RÖRTÆKNI ehf
Sindragötu 12b – Ísafirði



Guðsþjónustur um hátíðarnar

Ísafjarðarkirkja:
Aftansöngur, 24. desember kl. 23:30
Jólamessa, 25. desember kl. 14:00
Aftansöngur, 31. desember kl. 18:00

Hnífsdalskapella:
Aftansöngur, 24. desember kl. 18:00

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði:
Jólamessa, 25. desember kl. 15:30

Hólssókn:
Aftansöngur, 24. desember kl. 18:00
Jólamessa, 25. desember kl. 14:00
Helgistund, 25. desember kl. 15:00
á sjúkrahúsinu
Aftansöngur, 31. desember kl. 18:00

Þingeyrarkirkja:
Aftansöngur, 24. desember kl. 22:30
Hátíðarguðþjónusta, 1. janúar kl. 17:00

Núpskirkja:
Jólamessa, 26. desember kl. 14:00

Suðureyrarkirkja:
Aftansöngur, 24. desember kl. 18:00

Staðarkirkja:
Aftansöngur, 31. desember kl. 18:00

Súðavíkurkirkja:
Jólamessa, 26. desember kl. 14:00

Flateyrarkirkja:
Aftansöngur, 24. desember kl. 22:30
Aftansöngur, 31. desember kl. 17:00

Holtskirkja:
Jólamessa, 25. desember kl. 14:00
Nýársguðþjónusta, 1. janúar kl. 14:00

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Skóverslun Leós í 100 ár Ísafirði

Uppsagnir í aðsigi meðal starfsmanna á Bolafjalli

Uppsagnirnar áfall fyrir atvinnulíf í Bolungarvík

Fjöldauppsagnir eru í aðsigi hjá tæknimönnum Ratsjárstofnunar sem meðal annars rekur ratsjárstöðina á Bolafjalli. Verðandi forstjóri Ratsjárstofnunar segir breytingar í rekstri stöðvanna gerðar að fyrirmælum Bandaríkjamanna sem greiða fyrir rekstur þeirra. Tæknimenn við ratsjárstöðina á Bolafjalli eru átta og má búast við því að nokkrum þeirra eða öllum verði sagt upp á næstunni. Hliðstæðar stöðvar erlendis hafa um nokkurra ára skeið verið fjarstýrðar.

Í Morgunblaðinu var sagt frá því að forsvarsmenn Ratsjárstofnunar hafi átt fund með trúnaðarmönnum starfsmanna vegna fyrirhugaðrar hópuppsagnar hjá stofnuninni. Fyrirtæki eru skyld til þess að kynna uppsagnir fyrir trúnaðarmönnum ef segja skal upp fleiri starfsmönnum en tíu. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins verða þeir nokkuð fleiri. Starfsmenn stofnunarinnar eru alls tæplega 80. Stofnunin rekur fjórar ratsjárstöðvar, á Miðnesheiði, á Bolafjalli, á Gunnólfsvíkurfjalli og á Stokksnesi.

Í samtali við blaðið staðfesti Ólafur Örn Haraldsson verðandi forstjóri Ratsjárstofnunar að fyrirhugaðar væru uppsagnir meðal tæknimanna hjá stofnuninni. Hann segir fyrirhugað að auka sjálfvirkni í rekstri ratsjárstöðvanna líkt og gert hefur verið víða á Vesturlöndum á undanförnum árum. Hann segir flestar slíkar stöðvar í dag mannlausar og að þeim sé fjarstýrt. Hann segir þessar fyrirhuguðu breytingar á rekstri tilkomnar vegna fyrirmæla frá bandarískum stjórnvöldum sem greiða fyrir allan rekstur stöðvanna. Ólafur var ófáanlegur til þess að segja til um fjölda þeirra sem sagt verður upp og einnig vildi hann ekki tjá sig um hvort stefnt væri að því að stöðvarnar verði fjarstýrðar í framtíðinni.

Í ratsjárstöðinni á Bolafjalli ofan Bolungarvíkur standa átta tæknimenn vaktir allan sólarhringinn og auk þess eru aðrir starfsmenn hjá stofnuninni í Bolungarvík sem sinna viðhaldi og þjónustu við stöðina. Ljóst er að fyrirhugaðar uppsagnir verða töluvert áfall fyrir atvinnulíf á svæðinu.

– hj@bb.is



Ratsjárstöðin á Bolafjalli.

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík

„Uppsagnirnar eru mikið högg fyrir Bolungarvík“

Einar Pétursson, bæjarstjóri Bolungarvíkur segir fyrirhugaðar uppsagnir starfsmanna Ratsjárstofnunar mikið högg fyrir bæjarfélagið. Þarna sé um að ræða sérhæfð hátekju- og hátæknistörf sem ekki séu á lausu. Um fjörutíu íbúar Bolungarvíkur tengjast starfsmönnum á Bolafjalli og um 5% af útsvarstekjum sveitarfélagsins fást af starfseminni. Bæjarstjórinn telur ekki rétt að berjast gegn tækniframförum en við þessa skipulagsbreytingu gefist stjórnvöldum fágætt tækifæri til þess að sýna vilja sinn til uppbyggingar starfa á landsbyggðinni með því að fjarstýra ratsjárstöðvunum af Bolafjalli en ekki af Miðnesheiði.

Einar Pétursson.

Í síðustu viku tilkynntu stjórnendur Ratsjárstofnunar um fyrirhugaðar fjöldauppsagnir starfsmanna stofnunarinnar m.a. starfsmanna við ratsjárstöðina á Bolafjalli. Í frétt frá stofnuninni segir að þessar uppsagnir tengist þeim áformum að fjarstýra þremur ratsjárstöðvanna frá þeirri fjórðu á Miðnesheiði.

Einar segir þessar fréttir mikið högg fyrir bæjarfélagið en hann hafði ekkert um þetta mál heyrt fyrr en haft var samband við hann frá fjölmiðlum. Hann segir að starfsmenn stofnunarinnar í Bolungarvík séu 11 talsins og þrátt fyrir að ekki liggi fyrir hverjum eða hversu mörgum verði sagt upp á hverjum stað óttist fólk hið versta. Hann segir að fjölskyldur starfsmanna telji 40 manns og um 5% af útsvarstekjum sveitarfélagsins komi frá starfsmönnum og fjölskyldum þeirra. „Þetta eru sérhæfð hátekju- og hátæknistörf sem ekki eru á lausu hér um slóðir og reyndar líklega ekki á landinu. Þetta er mjög vel menntað fólk sem mikil eftirsjá verður af ef það fer héðan“, segir Einar.

Aðspurður hvort bæjaryfirvöld geti eitthvað gert til þess að koma í veg fyrir þessi áform segir Einar svo ekki vera. „Það er mjög erfitt og ekki viturlegt að hamla gegn tækniþróun. Hitt má benda á eins og oft er nefnt við aðstæður sem þessar að við svona breytingar skapast ákveðin sóknarfæri. Ég sé þau liggja í því að eins og fram hefur komið eru stöðvarnar allar samtengdar. Ef hægt er að fjarstýra stöðinni á Bolafjalli af Miðnesheiði þá er líka hægt að fjarstýra stöðinni á Miðnesheiði héðan. Því vil ég meina að þarna gefist stjórnvöldum fágætt tækifæri til þess að sína vilja sinn í verki við uppbyggingu starfa á landsbyggðinni. Ég trúi því að verkkaupanum, sem í þessu tilfelli er Bandaríkjastjórn, sé alveg sama hvar starfsemin fer fram svo fremi sem þeir fá þær upplýsingar sem þeir vilja. Starfsfólk þessarar stöðvar flutti hingað á sínum tíma og vill búa hér áfram. Því vil ég meina að sannað sé að svona sérhæfð störf sé hægt að staðsetja hvar sem er. Fólk með rétta menntun leitar störfin uppi. Því vil ég meina að framsýnum stjórnmálamönnum gefist þarna gott tækifæri til þess að sýna hvað í rauninni þeir meina með uppbyggingu starfa á landsbyggðinni“, segir Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

– hj@bb.is

Séð yfir Bolungarvík.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Vélsmiðjan Þristur verslun
Sindragötu 8 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

ÁGUST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Árnagötu 3 · Ísafirði

F.O.S. Vest óskar félagsmönnum sínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

F.O.S. Vest.

Ef tónninn er sannur skipta g

Æskujólin voru alltaf ánægjuleg og í minningunni var ekkert að finna nema gleði og tilhlökkun. Lyktin af eplunum var öruggt merki um að jólin væru í nánd. Þegar kassarnir komu í hús með bílnum úr þorpinu, allt þetta óvenjulega og bragðgóða, þá var víst að hátíðin nálgaðist. Húsin tvö voru skreytt með máluðum ljósaperum og rafstöðin sömuleiðis. Það var nóg rafmagnið og ekki spillti ljósum prýtt jólatréð þar sem það stóð milli þessara tveggja nýtízku steinhúsa þar sem allt tréverkið var úr tekki, ekki dugði minna til þess að hafa almennilega umgjörð um glugga og dyr. Friðurinn var beztur, kyrrðin sem fylgdi þessum stöðuga nið af rafstöðinni var einstök. Ef hún stöðvaðist vaknaði maður um leið. En fyrir og um jól mátti það ekki gerast. Fólkið í borginni varð að fá að elda matinn sinn. Hann hafði heyrt föður sinn tala um það nokkrum sinnum, að sjá mætti nákvæmlega á mælum stöðvarinnar hvenær eldamennskan byrjaði vestan heiðarinnar.

Skólinn var búinn fyrir nokkru og ekkert nema að leika sér og undirbúa jólin, fara í borgina og kaupa jólagjafir fyrir takmarkaða aura. Það var svo gaman að ganga Laugaveginn, jafnvel bæði upp og niður, og reyna að finna eitthvað nógu gott og þó ódýrt handa pabba og mömmu og systkinunum. Galdurinn var fólginn í því að láta þau ekki sjá hvað keypt var. Svo voru ættingjarnir heimsóttir og haldið á heiðina til þess að halda áfram leik og skreyta jólatré og hvaðeina sem þurfti til að gera jólin hátíðleg.

Þetta var áhyggulaust líf, engin vandkvæði, allt leystist af sjálfu sér. Oftast snjóaði nóg til þess að hvítt var yfir öllu. Skemmtilegast var að ganga út með vatninu og yfir að hinum bakkanum og horfa á ljósin speglast í lygnum vatnsfletinum þegar skipti urðu birtu og myrkurs. Skrautið af ljósunum margfaldaðist eftir því sem dimmdi. Einstök sýn sem alltaf var hægt að kalla fram í huganum um hver jól og dugði til þess að komast í rétta skapið. Útvarpsmessan var heilög og þótt langbylgjan jafnaðist engan veginn á við stafrænt útvarp nútímans var útsendingin úr Dómkirkjunni dásamleg. Kórinn söng svo fallega og orgelið var snöggtum betra en það litla með götóttum belgnum í sveitakirkjunni við hinn enda vatnsins. Kannski var ekkert betra að gera en að hlusta, því fjölskyldufaðirinn varð að sinna skylduverkum þegar kirkjuklukkurnar hringdu inn jólin. Ekki mátti rafmagnið fara af meðan allir voru að setjast til borðs. Það hefði eyðilagt jól margra. Í dag heitir þetta að taka hagsmuni fjöldans fram yfir hina fáu. En jólin áttu að vera fyrir alla, ekki satt?

Til að stytta biðina eftir jólunum og slá á óþreyjuna var það regla móðurinnar að leyfa að einn pakki skyldi opnaður fyrir hátíð. Venjulega var það sá sami ár eftir ár, frá frændanum sem starfaði við hitt orkuverið. Svo kom maturinn, stundum hangikjöt, hryggur eða rjúpur. Ekki var örgrannt um að hans væri neytt af lítilli meðvitund fyrir gæðunum, en móðirin lagði allt í matseldina. Síðar var maturinn í frekari hávegum hafður. Borðhaldið hófst ekki fyrr en öruggt var að búið væri að elda í Reykjavík, en það sást víst á mælunum í stöðinni. En aldrei brást að spennan var í hámarki þegar kom að möndlugrautnum. Börnin vildu öll fá möndlugjöfina, sem var vegleg, oftast vönduð myndskreytt bók um dýralíf, lönd og fólk eða fræðibók. Sá sem fékk hina eftirsóttu möndlu reyndi að leyna því fyrir hinum og svo hófst mikil spurningahríð með ágizkunum og ásökunum. Stundum var látið í veðri vaka að hún hefði einfaldlega verið gleypt. En alltaf kom hið sanna í ljós.

Þá fór nú fyrst að verða skemmtilegt, að vísu þurfti að vaska upp áður en upptaka jólapakkanna hófst. Uppvaskið gekk hratt en samt varð að vanda til þess. Ef slegið var slöku við gat farið svo að endurtaka þyrfti þessa athöfn, sem var nokkurs konar lægð í jólahaldi barnanna. Þau lögðu sig því fram, vitandi að pakkarnir með óvæntu gjöfunum og gleðinni biðu. Hvað var hulið öllum þessum glansandi pappír? Diskarnir runnu um hendur barnanna án þess að þau tækju eftir því, slíkur var áhuginn og ákafinn að ljóstra upp leyndardómunum sem komu víða að. Frá afa og ömmu, bæði í borginni og vestur á fjörðum, kom alltaf eitthvað umtalsvert, stundum peningar með. Svo reyndust systkinin drjúg við að finna eitthvað sem kom sér vel, að ógleymdum gjöfunum frá foreldrunum, sem bæði virtust vita hvað hvert þeirra langaði í og einnig hvað vantaði.

Þegar búið var að taka upp pakkana færðist friður yfir. Bækurnar voru lesnar fram eftir nóttu, jólaölið drukkið og nartað í sælgætið. Ef hungrið sótti á við lesturinn var hægur leikur að fara fram í búr og skera sér bita af kjötinu, finna kartöflu og rauðkál og meira jólaöl til að drekka. Oft var komið undir morgun þegar þessari eftirhátíð lauk. Ef sóknarpresturinn messaði í kirkjunni þeirra á jóladag þurfti að sinna því upp úr hádegi, ella á annan dag jóla. Hangikjötið var góð undirstaða fyrir þrumuræður þessa þekkta, hógværa prests, sem var framámaður í samtökum ungmennafélaga og hafði víst verið það frá því áður en magnarakerfi tókust upp. Engu skipti hvort verið var í kirkjunni eða ekki. Hann talaði alltaf eins og á útisamkomu. En það fór heldur ekkert framhjá neinum og hvert einasta orð var meitlað, boðskapurinn skýr og komið beint að kjarna málsins. Þjóðkirkjan á ekki nógu marga slíka presta. En hverjum má svo sem ekki standa á sama? Hún er að verða gamaldags. Það skorti víðsýni sveitaprestsins sem skildi nútímann betur en ungu prestarnir, sem greinilega héldu að guð færi í manngreinarálit. Kannski fóru borgarlífið og lánasjóðurinn svona með þá. Sá gamli hafði þurft að berjast við fátækt til þess að ljúka námi. Svo áttu þau hjónin mörg börn og nægt rými fyrir alla sem þurftu skjól hjá þeim. Hann var guðspjall jólanna í sjálfum sér og þess vegna hægt að taka mark á því sem hann sagði. Tónninn var hreinn og skær. Orð og gerðir fóru saman. Ekki hafði hann orðið ríkur af prestsverkum fyrir fjölskylduna þeirra. Ónei, alltaf var neitað að taka við greiðslu. Þær voru ekki taldar talenturnar á þeim bænum.

Svo skemmtu þeir sér við það í kirkjunni, bræðurnir, að hlusta á hvernig loftið lak út um götin á belg orgelsins sem gamla konan steig af miklum móð eins og til að yfirvinna lekann. Þeir voru vissir um það, félagarnir, að mýsnar sem leituðu skjóls hjá kirkjunni í kuldanum, eða að minnsta kosti í henni, hefðu nagað enn eitt gatið frá síðustu páskum. Hins vegar var kórinn lítill og hefði þurft fleiri æfingar. Það gleymdist því fljótt að hlusta á lekann. Hann varð hjóm eitt hjá söngnum, sem margraddaður en ekki alltaf í samhljómi. Oftast sátu þeir agndofa og hlýddu á predikunina, sem ávallt hafði skýr tengsl við nútímann. Löngu áður en nokkrum presti með sjálfsvirðingu datt í hug að fjalla um fíkniefni og hættuna af neyzlu þeirra talaði sá gamli um hvernig nýja rokkkynslóðin sóaði lífinu á altari eiturlyfjanotkunar og tók dæmi af hetjum ungu kynslóðarinnar. Einföld tenging við nútímann gerði þeim er á hlýddu ljósa hættuna af því að leiðast út á þá braut sem eiturlyfin stýrðu.

Á þessum árum datt engum í hug að heimta snjómokstur af Vegagerðinni í tíma og ótíma og allra sízt um jól. Það var brotist til kirkju á jeppum og farið út að moka þegar á þurfti að halda. Stundum þurfti að endurtaka leikinn á leiðinni til baka. En það var þess virði.

Það var eitthvað að sækja í sveitakirkjuna og til gamla prestsins.

Þannig liðu jólin og þegar kom fram á þriðja fóru þeir bræður að hitta vini og félaga, sjá hvað þeir höfðu fengið og bera saman bækur sínar. En eins og oft gerðist skildu leiðir síðar, of fljótt fannst honum. Skólinn og háskólinn tóku tímann og síðar vinna og svo rann allt saman í eitt. En alltaf var gott að koma heim og halda þar jól, hlusta á gamla prestinn, hlusta á sönginn sem hafði sinn brag, og götin á orgelinu höfðu stækkað eða þeim fjölgað. Það var gangur lífsins, rétt eins og örum á líkama manns fjölgar með árunum og áföllunum, sem allir hljóta með einum eða öðrum hætti. Síðar varð honum ljóst að örin sem sáust voru ekki alltaf þau ljótustu. Örin á skrokknum voru ekki endilega falleg, en þau vöndust. Þau sem sátu á sálinni urðu eftirminnilegri, bæði hjá honum og öðrum. Þeim fjölgaði sem hann kynntist með ör á sálinni og nú á fullorðinsárum sá hann að þau voru oftast óafmáanleg. Hann hafði sloppið vel. En það höfðu ekki allir gert.

– – –

Arnar var á leið upp á sjúkrahús að heimsækja gamlan félaga, sem var orðinn einn, þótt hann ætti enn fjögur ár í fimmtugt. Það fór hrollur um Arnar þegar hann leit yfir feril þessa félaga síns. Þeir höfðu reyndar ekki kynnzt fyrr en á unglingsárum. Þá hafði leiðir drengjanna úr sveitinni skilið og hver fór sína leið þó að tveir hefðu síðar komið til borgarinnar í menntaskóla. Til að byrja með þekkti hann fáa og flestir komu með stórum hópi félaga úr gagnfræðaskólum Reykjavíkur. Þannig héldu hóparnir úr hverfum borgarinnar saman eins og þeir höfðu gert frá upphafi barnaskólagöngu. Ekki var heiglum hent að komast inn fyrir ósýnilega hverfismúrana sem héldu ótrúlega vel til loka menntaskólagöngu, ef ekki lengur. Ekki svo að það skipti máli, sveitin hélt áfram að vera miðdepill lífsins og þeir hittust gömlu félagarnir, unnu saman á sumrin og svo komu þeir flestir heim um jól og páska. Þó þeir hefðu dreifzt var þeim sameiginlegt að festa lítt yndi í borginni. En böndin sem héldu þeim saman trosnuðu smám saman eftir því sem árin liðu.

Þeir sökktu sér niður í viðfangsefni daglegs lífs og sumir náðu sér í kærustur og fóru að búa, byggja og eignast börn.

Þegar litið var yfir farinn veg var óskiljanlegt hvernig æskufélagarnir höfðu tapað tengslunum. En svona hafði það farið. Sveitaskólinn þeirra hafði verið lítill og ekki hefð fyrir því að halda samkomur þeirra sem lokið höfðu þaðan námi. Hann hafði þó haft marga kosti, byrjaði seint á haustin og var rekinn með eins konar farskólasniði. Til þess að allir kæmust að voru nemendur yfirleitt hálfan mánuð í skóla og næsta hálfan mánuð heima og þá kom næsti hópur. Skipt var eftir aldri. Jólafrí og páskafrí voru í lengra lagi og svo lauk skólanum í lok apríl eða snemma í maí. Þessu fylgdi mikið frelsi og vinnulagið fylgdi honum alla tíð, að taka allt í skorpum. Þegar börnin höfðu verið send heim fylgdu verkefni með. Þá var um að gera að klára þau sem allra fyrst og svo var hægt að snúa sér að leik og öðrum enn skemmtilegri verkefnum. Þeir höfðu kannað umhverfið vel, þekktu alla hella, öll ónýt og illa nýtt hús og áttu sína leynistaði þar sem setzt var niður. Fyrstu árin með nesti, síðar með sígarettur sem einhver hafði stolið heima hjá sér eða annars staðar, og svo var fiktað við að reykja. Það féll honum reyndar ekki, en pukrið, leyndin og samkenndin yfir því að vera að gera eitthvað sem var bannað kitlaði dálítið. Seinni árin höfðu sveitaböllin haldið þeim félögum saman á sumrum og um hátíðir. Ekki mátti missa af jólaballinu í félagsheimili sveitarinnar og síðar í næstu sveitum. Auðvitað voru það stelpurnar sem heilluðu. Sjálfur hafði hann ekki mikinn árangur, var klaufalegur í samskiptum við hitt kynið, lítill á velli og minnti helzt á þessa drengi sem voru hafðir að háði og spotti í kvikmyndum draumaverksmiðjunnar i Hollywood og nú eru kallaðir nördar. En það var gaman að fylgjast með hljómsveitunum og hlusta á tónlistina, fylgjast með öðrum takast vel upp með stelpurnar og láta sig dreyma. Þetta leiddi til þess að fljótlega varð það hlutskipti hans að vera bílstjóri og aka hinum, sem vildu drekka. Oft var mikið fjör á leiðinni á ball en daufara á leiðinni til baka. Þá höfðu meltingarfærin yfirleitt látið í minni pokann fyrir drykkjunni og töffaraskapnum.

Það var einmitt á slíku balli sem hann sá Einar fyrst. Hann var mikill á velli, myndarlegur og kvennagull, dró að sér stelpurnar sem hópuðust að honum líkt og mý að mykjuskán. Samlíkingin vakti hlátur og hann mundi hvernig flugurnar sóttu í fjóshauginnn á bænum þar sem hann var í sveit á sumrum. Hann hafði verið að gera sér vonir um að dansa við stúlku, sem hann kannaðist örlítið við en þekkti ekki. Loks þegar kjarkurinn var kominn var hún að ganga út á gólfið með þessum myndarlega strák, sem reyndist vera Einar. Þau fóru saman af ballinu og á leiðinni heim var hann annars hugar, hló ekki með félögum sínum, einbeitti sér að akstrinum, bölvaði í hljóði og beit á jaxlinn. Með tímanum varð hann sáttur við að keyra og einbeitti sér að tónlistinni, horfði bara á stelpurnar og lét sig dreyma. Einar vafði þeim um fingur sér og var oftast með nýja um hverja helgi og þær yfirgáfu böllin með honum. Sveitaballin misstu aðdráttarafl sitt og námið og vinnan tóku meiri tíma og athygli.

Löngu síðar þegar Arnar var sjálfur kvæntur rakst hann á Einar aftur. Hann vann þá á bílaverkstæði, var enn stórmyndarlegur, en drykkjan var farin að há honum. Einhverra hluta vegna tóku þeir tal saman þegar þeir hittust í matvöruverzlun í hverfinu. Einar bjó nokkrum götum fjær og var í sambandi við bráðmyndarlega stúlku, en Arnar hafði oft séð hann í sundi með annarri mun yngri, sem líka var afar falleg. En hverjum kom það við nema þeim þremur? Reyndar varð hann mjög hissa þegar Einar heilsaði honum og hóf að tala við hann eins og ekkert hefði í skorizt, ræddi um gamlan vinnufélaga Arnars, sem hafði unnið með honum eitt sumar á dekkjaverkstæði. Smám saman þróaðist kunningsskapur með þeim, ekkert alvarlegt, en þeir heilsuðust alltaf og spjölluðu um daginn og veginn. Svo skildu leiðir þegar báðir fluttu út á land og settust að hvor á sínu landshorninu. Af til heyrði hann af Einari. Allt var við það sama, kvenhyllin fylgdi honum og hann eignaðist börn með nokkrum konum. Einhvern veginn fór svo að í glímunni við Bakkus beið Einar lægri hlut. Löngu seinna tók Einar upp þann hátt að hringja í Arnar, jafnvel um miðjar nætur, og vildi spjalla um tónlist eða konur, eða bara eins og oftast var, um vandamál sín. Oft var hann að leita ráða, sætti sig ekki við að hafa tapað ökuleyfinu vegna ölvunaraksturs og vildi að Arnar hjálpaði sér við að fá það aftur úr höndunum á þessum andskotum sem ekkert skildu og vissu. Lögreglan ofsótti hann að hans sögn og mörg dæmi fylgdu um sannleiksgildi þessarar fullyrðingar, flest afar ósannfærandi.

Kona Arnars var ekki mjög uppveðruð af þessum samtölum. Þegar í ljós kom að Einar átti barn með skólasystur hennar fór hún að rifja upp sögur um samskipti hans við konur.

Þær sögur voru flestar lítt fagrar. Og hún batt enda á þessar næturhringingar með því að svara sjálf símanum um nætur í nokkur skipti, vissi sem var að fæstir hringdu á þeim tíma nema Einar. Hún skildi ekkert í því hvernig Arnar nennti yfirleitt að tala við hann, drukkinn um hánótt. Hann skildi það reyndar ekki sjálfur.

En þarna kom þjálfunin af sveitaböllunum upp í honum. Oft hafði hann setið úti í bíl og hlustað bæði á stelpur og stráka hella yfir sig hjartasorgum sínum og vonbrigðum, einkum vegna samskipta við hitt kynið. Það var svo einkennilegt hvernig ódrukknir urðu fórnarlömb drukkinna við þessar aðstæður. Fyrst hafði hann reynt að haga sér skynsamlega og komið með vandlega hugsaðar athugasemdir, bent á að kannski væri nú snjallt að tala líka við fólk edrú í miðri viku og jafnvel að strákarnir hringdu og byðu stúlkunni í bíó. Skynsemin féll í grýttan jarðveg. Loks fann hann að gáfulegasta lausnin var að sitja og hlusta án þess að vera með leiðbeiningar um hvernig fólk ætti að haga sér.

Niðurstaðan var sú að flestir vissu nákvæmlega hvernig aðrir ættu að haga sér, bara ekki þeir sjálfir. Svo eltist þessi vandræðagangur af flestum

götin engu

Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Selfossi, hefur um langt árabil ritað jólasögur í Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986 og síðan hafa sögur hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist nýjasta jólasaga Ólafs Helga, *Ef tónninn er sannur skipta götin engu.*

sem náðu sér í maka, karl eða konu eftir atvikum. Þetta var löngu áður en fólk af sama kyni tók upp á því að krefjast giftingar hvort við annað af ríki og kirkju. Þá hefði það verið fráleitt. En í dag fannst honum það sjálfsagður og eðlilegur hluti lífsins og velti því fyrir sér hvernig gamli presturinn hefði tekið á slíku.

Arnar fylgdist lítið með Einari eftir að konan hafði slitið samskiptin. Sjálfur flutti hann aftur til borgarinnar og hóf störf hjá Félagsþjónustunni. Þá lágu leiðirnar aftur saman. Einar varð einn af skjólstæðingum hans. Þegar hann mætti á skrifstofuna til viðtals þekkti Arnar hann varla. Hann hafði látið á sjá. Ýmislegt hafði gengið á hjá Einari. Líf hans hafði ekki verið neinn dans á rósum.

Hann átti tvö hjónabönd að baki sem gátu af sér þrjú börn, auk þriggja sem fæddust áður og áttu hvert sína móðurina. Og nú var hann í sambúð með miklu yngri konu, sem átti von á sjöunda barni hans. Hann hafði komizt ítrekað í kast við lögin. Að öðru leyti var hann óbreyttur og var að reyna að hætta að drekka. Arnar hlustaði á raunasöguna án þess að segja orð lengi vel. Það var engu við þessa ótrúlegu sögu að bæta. Núna vissi hann þó að þetta var engan veginn einsdæmi. Upp úr stóð að Einar hafði lent í vinnuslysi, hafði misst vinnuna vegna afleiðinga þess og ekki fengið bætur og hafði ekki haft árangur sem erfiði við að sækja þær og rétt sinn. Arnar sagði ekkert annað en að hann skyldi koma aftur eftir viku.

Um leið og Einar var genginn út hringdi Arnar í Steinar lögfræðing, vin sinn, og rakti fyrir honum sögu Einars. Lögfræðingurinn hlustaði af athygli, spurði nokkurra spurninga og síðast þeirrar hvort Einar væri borgunarmaður. Svo var að sjálfsögðu ekki. Arnar sagði honum hins vegar af ungu konunni og barninu og því að hún hefði hótað að yfirgefa Einar og hve nærri sér hann tæki það. Hann hefði haft lítið af hinum börnunum sínum að segja en vildi nú taka sig á og breyta kúrsinum og legði allt undir til að hætta að drekka. Þetta síðasta hreif því lögfræðingurinn var sjálfur hættur að drekka og var fráskilinn með unga konu og tvö lítil börn. Hann lofaði að taka mál Einars að sér. Það eru jól einu sinni á ári, sagði hann og hló, kvaðst taka að minnsta kosti eitt mál árlega án þess að ætlast til greiðslu. Sér hefði gefizt það vel. Honum væri alltaf launað með einhverjum hætti. Þeir sammæltust um tíma til að koma á fund lögfræðingsins og í næstu viku fóru þeir saman félagarnir og hittu Steinar, sem leit út eins og verkamaður sem hefði farið í sparifötin og væri ekki vanur því. En eftir að hafa hlustað á þá félaga ákvað hann að taka að sér mál Einars. Þetta hafði verið fyrir nærri níu mánuðum.

Eina skilyrði Steinars var að Einar hætti að drekka. Ef ekki, þá yrði hann að borga allan kostnað af málarekstri. Stæði bindindið myndi Steinar einskis krefjast nema málskostnaðar af vinnuveitandanum ef málið ynnist, annars væri vinnan gefin í þágu góðs málstaðar.

Símtölin um miðjar nætur voru löngu hætt en mál Einars rændi Arnar stundum svefni að næturlagi. Í ljós kom að hann var lesblindur og þar af leiðandi ekki góður nemandi og var hafður út undan í skóla. Hafði verið lítill og væskislegur þar til um fermingu að hann fór að stækka mikið og varð þessi myndarmaður, sem allar stelpur kiknuðu í hnjánum fyrir. En menntunin var lítil og sjálfstraustið enn minna, þótt ekki sæist það utan á honum. Að eðlisfari var Einar þokkalega greindur en hafði ekki notið tækifæra til þess að nýta sér greindina. Hann átti á hinn bóginn auðvelt með að halda uppi samræðum vegna almennrar skynsemi, sem þó dugði honum ekki í lífsbaráttunni þegar til lengdar lét. Þannig höfðu konurnar gefizt upp á honum hver á fætur annarri þegar í ljós kom að hann skorti ýmislegt varðandi menntun og uppfræðslu og átti það til að vera uppstökkur þegar hann komst í varnarstöðu, sem var oft. Hann sneri sér því að félagsskap Bakkusar, sem nú hafði staðið nánast óslitið með örhléum í áratugi, kostað hann tvö hjónabönd, töpuð samskipti við sex börn sem sum vildu ekki af honum vita, og líkur á því að sjöunda barnið myndi hverfa úr lífi hans líka.

Vinnufélagar Arnars skildu ekkert í því af hverju hann tók Einar að sér með þessum ákafa og leitaði allra lausna. Þeir sögðu hann bara eina fyllibyttuna enn sem ekki tæki að arða upp á. En Arnar var sannfærður um að hægt væri að leysa málið og setti sig í samband við gamlan skólabróður sinn, taugalækni sem hafði stundað þroskavanda barna og rannsakað þau mál nokkuð. Einhvern tíma hafði Arnar heyrt að Áslákur, en það var nafn læknisins, hefði haldið því fram að athyglisbrestur og ofvirkni væru engan veginn bundin við börn. Þessi vandamál fylgdu fólki gjarnan á fullorðinsár. Þá væru þau hins vegar mikið felumál sem enginn vildi ræða, enda er fátt hægt að gera við fullorðinn vandræðaungling. Eina ástæðan fyrir því að margir neituðu að horfast í augu við þessi vandamál, bæði sérfræðingar og sjúklingar, væri sú að gjarnan hefði komizt á hegðunarmynztur sem væri til þess fallið að fela vandann, eins og vinnufíkn, óhófleg brennivínsdrykkja eða fíkniefnaneyzla.

Jú, Áslákur var til í að skoða Einar og athuga hvað kæmi út úr því.

Svo fór af stað ferli sem hafði verið hratt og athyglisvert. Einar, þessi maður sem hafði tapað flestum sínum tækifærum hingað til, fór í rannsókn. Hann reyndist illa haldinn af ofvirkni og athyglisbresti og var settur í viðeigandi meðferð og látin taka rítalín eins og börnin. Greindin var vel yfir meðallagi. Eftir nokkrar vikur tók hann stakkaskiptum og þá fyrst fór áfengismeðferðin að virka.

Honum tókst að skilja við Bakkus. Og þótt sá skilnaður væri sá sem varað hafði stytzt um ævi hans virtust allir, þar á meðal Einar sjálfur, trúa því að hann væri varanlegur. Þannig birti upp og sambandið við nýju konuna virtist batna mikið. Áslákur vildi rannsaka Einar betur og fékk með sér sálfræðing og geðlækni til þess. Einar hafði aldrei notið viðlíka athygli fyrr nema frá stelpunum. Hann naut þess greinilega að sumu leyti, þrátt fyrir meðfædda feimni. Arnar hafði talið hann inn á að fara aftur í skóla og læra að lesa til að sigrast á lesblindunni. Allt var á góðu skriði.

Þá gerðist það. Á leið heim eftir vinnu varð Einar fyrir bíl.

Drukkinn ökumaður, sem sviptur var ökuleyfi ævilangt, ók á hann utan við hverfisverzlunina þegar hann var að koma frá því að kaupa í kvöldmatinn. Kona Einars hringdi í Arnar og sagði honum tíðindin. Hann var talinn illa brotinn og með innvortis meiðsl og óvíst hvort hann lifði nóttina af. Barnið átti að fæðast eftir nokkra daga. Læknarnir höfðu ætlað því sama fæðingardag og nú er eignaður frelsaranum. Hún grét í símann og niðurstaðan varð sú að Arnar fór upp á sjúkrahús til að heimsækja þennan félaga sinn.

Hann hætti að setja upp jólaskrautið og sagði konunni sinni hvers kyns var. Hún hafði fylgzt með því hvernig þessi sérstaka barátta hafði náð tökum á Arnari og sagði honum að fara, hún réði vel við jólaskrautið í þetta skiptið eins og öll hin.

Það var einkennileg tilfinning að ganga út í myrkrið og sjá jólaljósin speglast í pollunum á götunni. Það minnti á jólin við rafstöðina heima í sveitinni. En hér var enginn friður og sízt í sálinni. Arnar hafði áhyggjur af Einari. Það var einkennilegt að hugsa til þess, að þegar þeir hittust fyrst hafði honum fundizt Einar eiga allt, og þar skipti mestu aðdáun stelpnanna og reyndar strákanna líka. Arnari hafði á hinn bóginn fundizt hann sjálfur vera afskiptur að mörgu leyti, en það er ekki allt sem sýnist. Arnar hafði nú allt, góða konu og yndisleg börn, sem ýmist voru heima eða farin að heiman en komu reglulega og létu vita af sér og sinntu foreldrum sínum vel og alúðlega. Einar vissi varla hvar hans börn voru og þau vildu ekkert af honum vita. Nú var óvíst hvort hann lifði að sjá yngsta barnið fæðast, barnið sem hann hafði oft talað um að væri svo velkomið. Unga konan, sem hafði snúizt á sveif með honum, yrði kannski að ala þetta barn upp ein. Hvaða minningar myndi barnið eiga um föður sinn?

Nei, það þýddi ekki að hugsa svona. Það má aldrei gefast upp. Þau voru þung sporin upp á sjúkrahús og margar hugsanir flugu um huga hans. Sú tilfinning var undarleg, að hafa tapað æskufélögunum en setið uppi með Einar og öll hans vandamál með einum eða öðrum hætti. Þegar loks rofaði svo til í lífi þessa gamla félaga var eins og öllu því góða, sem hann virtist nú eiga kost á að njóta, væri kippt undan honum í einu vetfangi. Þetta var undarlegt líf. Aftur varð honum hugsað heim í sveitina og hann sá fyrir sér spegilsléttan vatnsflötinn með blikandi marglitum jólaljósum. Þannig vildu menn hafa lífið. En það var draumsýn og þegar það gerðist, þótt um skamma stund væri, varð það ævintýri, galdur lífsins, eins konar jól í ævi manns, hvenær svo sem augnablik töfranna bar upp í árinu.

Nú hafði hillt undir jól Einars, bæði í eiginlegum og óeiginlegum skilningi. Allt var svo hrifsað burt fyrir tilverknað drukkins ökumanns. Hvað skyldi hafa orðið um þann vesalings mann? Það ætlaði Arnar að athuga síðar. En nú var hugurinn hjá Einari og ungu óléttu konunni, sem hafði verið farin að tala um að kannski myndu þau giftast ef allt gengi upp. Hún hafði margþakkað Arnari fyrir það sem hann gerði fyrir þau, ekki bara fyrir Einar, heldur líka hana og barnið.

Arnari fannst eins og eitthvað mjög mikilvægt hefði verið tekið frá honum. Sem betur fer var nærri hálftíma gangur á sjúkrahúsið og það gæfi honum færi á að jafna sig aðeins áður en hann hitti Eyrúnu, sambýliskonu Einars.

Hann kveið því og kannski mest viðbrögðum sín sjálfs. Af og til spegluðust jólaljós í blautri götunni og nú sá hann hvernig Tjörnin lék sér að þeim, gaf þeim dulúð og nýja merkingu eftir því hvernig hún blasti við honum hverju sinni á göngunni. Og hugsunin leitaði heim í sveitina. Kirkjan stóð við hinn enda vatnsins og fátækleg jólaskreytingin á henni speglaðist í vatninu. Honum fannst hann svífa yfir vatnið inn í kirkjuna og setjast þar, hlusta á götótt orgelið og síðan prestinn biðja og predika um hættur ofneyzlunnar bæði á áfengi og eiturlyfjum og segja frá því að kristinn maður ætti alltaf von, sá væri boðskapur jólaguðspjallsins.

Áður en hann vissi af var hann farinn að biðja upphátt til guðs, fyrir Einari, Eyrúnu, ófædda barninu þeirra og ólánsama drukkna ökumanninum. Eitt augnablik efaðist Arnar um að guð væri góður. Það var illmennska að keyra á fólk og slasa það eða deyða. Það gat ekki verið verk guðs, þótt vegir hans væru óransakanlegir. Reyndar var erfitt að skilja baráttu góðs og ills. Hið síðara virtist svo oft hafa betur. Hann hélt áfram að biðja og gekk inn í anddyri sjúkrahússins, spurði eftir Einari og var vísað á biðstofu þar sem Eyrún beið grátandi. Einar var í aðgerð og ekki vitað hvenær henni lyki. Hann faðmaði Eyrúnu og reyndi að segja einhver huggunarorð, vissi ekki hvað hann gat gert, stóð bara og hélt utan um ungu konuna og leyfði henni að gráta við öxl sér.

Þannig höfðu þau staðið smástund þegar hjúkrunarfræðingur kom og spurði hvort hann væri ekki Arnar. Bað hann síðan að koma með sér en Eyrúnu að bíða. Fyrst hélt hann að hún ætlaði að segja vond tíðindi af Einari, en það var ekki. Hún leiddi hann fram og sagði að maður vildi tala við hann. Þegar þau komu fram á ganginn var þar maður sem honum fannst hann ætti að þekkja, drukkinn og skjálfandi í fylgd tveggja lögregluþjóna. Eftir litla stund rann upp fyrir honum að þetta var Bjarnþór, skólafélagi hans úr sveitinni, sem tapað hafði stríðinu við Bakkus eins og fleiri. Annar lögregluþjónninn spurði hann að nafni. Þegar ljóst var að réttur maður var á ferðinni spurði lögregluþjónninn hvort hann vildi tala við Bjarnþór og bauð þeim að vera einir á skrifstofu þar skammt frá. Samtalið var stutt, en erfitt.

Bjarnþór hafði ekið á Einar og var niðurbrotinn og bað um hjálp. Arnari sortnaði fyrir augum. Þetta var of mikið á einum degi. Þá sá hann fyrir sér gamla prestinn sem alltaf hafði talað um gildi fyrirgefningar, gildi þess að dæma ekki aðra heldur hjálpa þeim. Svo hlustaði hann með þjálfuðu eyra sálfræðingsins, sem er öllu vanur, en getur ekki vanist því sem hann heyrir.

Bjarnþór grét sáran og bað Arnar um að losa sig frá lögreglunni. Það sagðist hann ekki ráða við en lofaði að tala við konu Bjarnþórs og segja henni hvernig málum væri komið. Það var átakanleg sjón að sjá myndarlega lögregluþjónana leiða Bjarnþór burtu, skjálfandi með ekkasogum, niðurbrotinn og auman. Hann tók upp farsímann og hringdi í konu Bjarnþórs. Það samtal var erfitt, jafnvel erfiðara en við Eyrúnu fyrir tuttugu mínútum. Konan féll saman, grét og bað guð og Arnar að hjálpa sér.

Hann hringdi svo í sóknarprestinn í hverfinu og bað hann að fara heim til konunnar. Svo fór hann aftur fram.

Eyrún grét stöðugt. Þess á milli bað hún guð að gefa Einari líf og bölvaði honum svo á milli bæna. Arnar sat þegjandi, tók svo upp símann og hringdi í konuna sína og sagði henni að það yrði bið á því að hann kæmi heim, bauð henni góða nótt, bað hana að kyssa börnin frá sér og bað guð að geyma þau öll. Undir morgun fengust þær fréttir að Einar myndi sennilega lifa af. Næsti sólarhringur myndi skera úr um það. Þá fór Arnar upp á lögreglustöð að vitja Bjarnþórs. Hann hafði fengið heimsókn læknis og róandi sprautu og bað um hjálp til að komast á Vog. Arnar lofaði að gera það sem hann gæti til þess.

Hann gekk heim þegar aðrir voru að fara til vinnu, kom við á skrifstofunni og sagðist ætla heim að sofa.

Næstu dagar voru undarlegir. Oft stóð gamli presturinn honum fyrir hugskotssjónum, ljóslifandi. Hann hafði farið í kirkjuna og beðið fyrir þessum tveimur ólánsmönnum. Á Þorláksmessu gerðist margt. Bjarnþór fór á Vog, niðurbrotinn. Þær góðu fréttir fengust frá læknum Einars að hann myndi ná sér á löngum tíma. Jafnframt höfðu þeir séð að fótbrotið eftir vinnuslysið hafði ekki gróið rétt saman, brotið það upp og lagað með öðrum brotum. Steinar hringdi og sagði að vinnuveitandinn og tryggingafélagið myndu milli jóla og nýárs setjast að samningaborði um bætur, og jafnvel að Einar fengi fyrra starf aftur. Arnar var oft þreyttur og bað konu sína afsökunar, en hún spurði bara hvort hann yrði ekki örugglega heima á jólunum. Seint að kvöldi Þorláksmessu hringdi síminn, Eyrún sagðist vera á 9, á sjúkrahús og bað Arnar að koma. Hann þagnaði, en þegar konan sagði um leið og hún vissi hvers kyns var að hún skyldi koma með, þá svaraði hann að þau væru á leiðinni.

Undir morgun fæddist lítill drengur, heilbrigður og friskur. Rúmi Einars var rennt inn til Eyrúnar. Gleði foreldranna var einlæg. Hann verður látinn heita Arnar, sagði Einar, og Eyrún kinkaði kolli. Arnari varð hugsað heim að rafstöðinni og kirkjunni. Hverju skiptu götin á orgelbelgnum á meðan tónninn var sannur og vatnið speglaði skreytingar jólanna? Hann þakkaði guði, kyssti konuna og þau kvöddu. Jólin biðu þeirra heima með börnunum. Hann sá og heyrði gamla prestinn segja amen.

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga vænan lífeyrissparnað hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga! Þú sleppur við jólaköttinn ef þú gengur frá samningi fyrir áramót! Það gerir þú á netinu www.lvest.is Þar getur þú líka greitt iðgjöld og skoðað réttindi þín í Lífeyrissjóði Vestfirðinga, fengið yfirlit yfir stöðu þína og margt fleira.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga óskar Vestfirðingum árs og friðar

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði • Sími 456 4233 • Fax 456 4715 • Netfang: afgr@lvest.is • Heimasíða: www.lvest.is

Skáldið með hattinn er helvíti góður á því

Ísfirska skáldið með hattinn, Eiríkur Örn Norðdahl, er með mörg járn í eldinum um þessar mundir. Eins og frægt er orðið gefur Mál og menning út skáldsögu hans Hugsjónadrusluna fyrir þessi jól en Eiríkur er að fást við fleira. Auk þess að kynna nýútkomna skáldsögu sína hefur hann hafist handa við smíði ljóðabókar og annarrar skáldsögu sem stefnt er á að komi út fyrir næstu jól að ári.

Eiríkur tók sér frí frá önnum sínum til að ræða við blaðamann Bæjarins besta um það sem hann hefur haft fyrir stafni upp á síðkastið og það sem er á dagskránni í fyrirsjáanlegri framtíð.

Heimurinn tók eftir túrnum

– Hvað ertu að gera í augnablikinu?

„Í augnablikinu er ég að vinna að ljóðabók og skáldsögu, auk þess sem ég er á fullu að kynna Hugsjónadrusluna. Kynningin hefur gengið vel. Ég hef farið í viðtal í Silfri Egils og tímaritunum Birtu og Orðlaus, svo fátt eitt sé nefnt.

Svo var ég náttúrlega að túra með Mugison, Erni Elíasi Guðmundssyni. Það var alveg meiriháttar og það tók allur heimurinn eftir þessu ferðalagi. Réttara væri kannski að segja að allur heimurinn hafi tekið eftir Erni en það var kannski minnst á mig í annarri hverri umfjöllun. Sem er svo sem ágætt, þetta var náttúrlega hans túr. Ég var bara upphitunaratriði.“

Púaður af sviði

– Hvernig tóku tónleikagestir því að lesið væri upp úr skáldsögu á undan aðalatriðinu?

„Þeir tóku því bara mjög vel, í það minnsta allir sem ég talaði við. Örn er líka með þannig prógramm, byrjar á rólegum lögum og færir sig svo upp á skaftið. Það myndi vera hálf asnalegt að láta eitthvað þungarokksband hita upp fyrir hann.“

– Þú hefur ekki verið púaður af sviði?

„Ekki á þessum túr, en ég hef verið púaður af sviði. Það gerðist einu sinni í Þjóðleikhúskjallaranum þegar ég var að lesa þýðingar mínar á ljóðum Allen Ginsberg. Eins og menn vita var Ginsberg hommi og orti nokkuð um samkynhneigð sína. Ég endaði á ljóði sem heitir Endaþarmur og fjallar um hina og þessa hluti sem farið hafa upp í rassgatið á honum.

Einhverjir úr salnum voru eitthvað að misskilja mig, kölluðu mig hommahatara og heimtuðu að ég stigi tafarlaust af sviði. En það eina sem ég gerði var að lesa ljóð um samkynhneigð eftir samkynhneigðan mann.“

Í góðum gír

– En hefur þessi bókakynning borið árangur? Hvernig hefur bókin selst og hvaða væntingar eru gerðar til hennar?

„Hún er bara í góðum gír eins og stendur. Venjulega er fyrsta skáldsaga rithöfundar prentuð í 1.200 eintökum. Ef 800 þeirra seljast telst það yfirleitt nokkuð gott. 6-700 eru heldur engin vonbrigði, en allt fyrir neðan það þykir víst slakt.

Ég nýt líka góðs af því að hún kemur út í Royal-kiljuformi og er þar af leiðandi ódýrari en aðrar nýjar skáldsögur. Það má því búast við því að hún hætti ekki að seljast strax eftir jól, eins og verða vill með harðkápubækur.

Hugsjónadruslan fjallar um ungan mann frá Ísafirði sem ferðast austur um haf með Norrænu til að hitta fjölásta stelpu sem hann hitti á Netinu. Á leiðinni hittir hann fjöldann allan af áhugaverðum persónum.“

Þýðir bækur Michaels Moore

– Þú þýddir bók Michaels Moore fyrir síðustu jól, bókina Heimskir hvítir kallar. Nú ertu að þýða aðra bók eftir hann sem heitir á frummálinu Dude, where´s my country?

„Ég var að vinna í henni í haust en er búinn að skila henni af mér. Hún kemur út eftir áramót, en ég veit ekki nákvæmlega hvenær.“

– Er ekki óhefðbundið að gefa út bækur um áramótin?

„Jú, en að vísu er þessi bók þess eðlis að hún er líkleg til að seljast allt árið um kring. Í því sambandi má geta þess að bókin Heimskir hvítir karlar er ennþá að seljast.“

Eitrað fyrir byrjendum

– Þú ert líka að skrifa eitthvað meira, ekki satt?

„Jú, ég er byrjaður að vinna að ljóðabók sem á að heita Blandarabrandarar. Í henni fer ég um víðan völl og yrki meðal annars um eina liðhlaupann úr Þorskastríðinu. Það er óvíst hvenær þessi bók kemur út. Það fer einfaldlega eftir því hvenær ég klára hana.“

– Þú ert einnig farinn að leggja drög að næstu skáldsögu, er það ekki?

„Jú, einmitt. Hún gengur undir vinnuheitinu „Eitrað fyrir byrjendum“. Það eina sem ég þori að segja um söguþráð hennar er að hún fjallar um par sem kaupir sér eitraða plöntu. Það er stefnt á að koma skáldsögunni út fyrir næstu jól.

Ég vinn næturvaktir á Hótel Ísafirði og get einbeitt mér að skrifum yfir jólatímann meðan hótelið er lokað. Síðan fer að hægjast um hjá mér eftir áramót þegar ég þarf ekki lengur að sinna Hugsjónadruslunni. Þá get ég farið að einbeita mér betur að skrifum.“

VERKVEST
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Vestfirðingar, ferðafólk!
Hugheilar jóla- og nýárskveðjur frá Reykjanesi. Innilegar þakkir fyrir samstarf og viðskiptin á árinu sem er að líða.
Ferðaþjónustan Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sími 456 4844.

PÓSTURINN
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ODDI
Prentsmiðjan Oddi hf.
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

SPVF SPARISJÓÐUR VESTFIRÐINGA
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

EIMSKIP
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Lögmaður Ísafjarðarbæjar hafnar kröfum lögmanns Orkunnar

Úthlutanir lóða undir bensínstöðvar verða ekki afturkallaðar

Andri Árnason lögmaður Ísafjarðarbæjar hefur hafnað kröfu lögmanns Bensínorkunnar um að úthlutun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á lóðum undir bensínstöðvar verði afturkölluð. Þetta kom fram í bréfi Andra sem lagt var fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á dögunum. Sem kunnugt er sóttu fjögur olíufélög um lóðir undir bensínstöðvar á Ísafirði. Bæjarstjórn ákvað að viðhafa útboð á tveimur lóðum. Síðar var fallið frá þeirri ætlan og ákveðið að úthluta lóðunum til Atlantsolíu annars vegar og Olís hins vegar. Forsvarsmenn Bensínorkunnar ehf., sem rekur bensínstöðvar undir nafni Orkunnar, sættu sig ekki við þessa stefnubreytingu bæjarstjórnar og fólu lögmanni sínum, Einari Þór Sverrissyni, að leita réttar fyrirtækisins.

Í bréfi sem Einar ritaði Ísafjarðarbæ var þess krafist að ákvörðunin um úthlutun lóðanna tveggja yrði afturkölluð og „lögleg ákvörðun bæjarstjórnar frá 7. október s.l. verði látin halda gildi sínu“, eins og segir í bréfi lögmannsins. Í bréfi lögmanns Ísafjarðarbæjar kemur fram „að ekki sé unnt að líta svo á að umrædd samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 25. október hafi falið í sér stjórnvaldsákvörðun. Af hálfu Ísafjarðarbæjar er vakin athygli á þeirri staðreynd að í stjórnsýslurétti hefur það verið talið skilyrði þess að ákvörðun verði talin stjórnvaldsákvörðun, að ákvörðunin bindi enda á tiltekið stjórnsýslumál“.

Jafnframt fór lögmaður Bensínorkunnar ehf. þess á leit að hann fengi afhent öll þau gögn er varða lóðaúthlutunina. Voru honum afhent þau gögn að undanskildum þeim gögnum sem teljast vinnugögn. Meðal þeirra gagna sem lögmaður bæjarins telur vinnugögn er það sem hann kallar minnisblað sitt til bæjarstjórnar vegna umræddrar lóðaúthlutunar.

Þess má geta að Bensínorkan opnaði bensínstöð undir nafni Orkunnar í Súðavík til þess að staðfesta þann vilja fyrirtækisins að selja eldsneyti við Djúp og einnig til þess að mótmæla þeirri ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að veita þeim ekki lóð. Fyrir skömmu síðan óskaði Bensínorkan svo eftir leyfi til þess að opna bensínstöð á lóð verslunarmiðstöðvarinnar Ljónsins á Skeiði skammt frá þeim stað sem Atlantsolíu var úthlutað lóð.

– hj@bb.is

Á myndinni má sjá lóð þá sem úthlutað var undir bensínstöð á Skeiði.

Kór barna söng jólalög.

Ljósin tendruð á jólatrénu á Flateyri

Ungir sem aldnir Flateyringar voru komu saman til að fylgjast með því þegar ljósin á jólatrénu við Flateyrarkirkju voru tendruð. Eiríkur Finnur Greipsson, Flateyringur og menningarjöfur, flutti ávarp áður en hann kveikti á trénu með aðstoð viðstaddra barna. „Þetta var mjög hátíðlegt og skemmtilegt“, segir Inga S. Ólafsdóttir, formaður menningamálanefndar Ísafjarðarbæjar sem var viðstödd tendrunina. Kór barna undir stjórn Hafdísar Pálsdóttur söng nokkur lög og að sjálfsögðu mættu jólasveinar til að gleðja börnin með góðgæti. Að athöfn lokinni var markaður í félagsheimilinu á Flateyri þar sem seldur var varningur og heitt súkkulaði.

– thelma@bb.is

Jólasveinarnir voru að sjálfsagðir mættir og skemmtu viðstöddum með söng og gleðilátum. Myndir: Páll Önundarson.

Skolplagnir á eyrinni á Ísafirði

Klæddar með plastsokkum

Endurnýjun skolplagna á eyrinni á Ísafirði gengur vel, en klæddar hafa verið lagnir í Hafnarstræti og í Mánagötu. „Byrjað er á því að setja myndavél ofan í rörin, lagnirnar myndaðar innan frá og teiknaðar upp í tölvu“, segir Þorbjörn H. Jóhannesson, verkstjóri hjá áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar. „Síðan er blásið TVC-plastsokki í lagnirnar með 80 gráðu heitu vatni. Sokkurinn er síðan kældur í 5-6 tíma áður en myndavélin er sett aftur í rörin með fræsara með sér sem opnar fyrir allar hliðargreinar lagnarinnar. Þegar þessu er lokið má segja að komin sé ný skolplögn í götuna. Líftími klæðningarinnar er áætlaður 70 ár.“

„Þessu, eins og öllum öðrum framkvæmdum, fylgja óþægindi. Af þessu kemur smá plastlykt, en óþægindin eru ekkert miðað við þau sem yrðu ef grafa þyrfti þetta allt upp“, segir Þorbjörn. Flestar skolplagnir á Eyrinni eru frá árinu 1940. Eins og áður sagði hafa þær verið endurnýjaðar í Hafnarstræti og í Mánagötu. „Eftir áramót verður haldið áfram í Fjarðarstræti frá Norðurvegi að Norðurtanga, í Sundstræti, Pólgötu og Mjallargötu“, segir Þorbjörn H. Jóhannesson.

Verktakafyrirtækið Hreinsibílar sér um endurnýjun lagnanna í samvinnu við starfsmenn áhaldahúss bæjarins.

Unnið að endurnýjun skolplagna í Hafnarstræti.



Flugturninn hefur verið tekinn í notkun.

Nýr flugturn tekinn í notkun á Ísafirði

Nýr flugturn hefur verið tekinn í notkun á Ísafjarðarflugvelli. Að sögn Heimis Más Pétursssonar, upplýsingafulltrúa Flugmálastjórnar, hafa öll tæki og tól verið flutt úr gamla turninum yfir í hinn nýja. „Það á að vísu eftir að ganga frá ýmsu, en turninn hefur verið tekinn í notkun“, segir Heimir. Aðspurður segir hann þetta hafa gerst föstudaginn 10. desember. Formleg vígsla verður þó ekki fyrr en í maí, á flugdegi sem áætlað er að halda á Ísafirði. Ekki er vitað hvernig gamli turninn verður nýttur í framtíðinni.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar veitti byggingarleyfi fyrir flugturninum í ágúst árið 2002 og var upphaflega ráðgert að hann yrði tilbúinn fljótlega á árinu 2003 en af ýmsum ástæðum hefur framkvæmdin tafist, bæði á útboðsstigi og á framkvæmdastigi. Í byrjun ágúst 2004 var sagt að turninn yrði tekinn í notkun á næstu vikum, líklega í september. Bið varð þó á því, aðallega vegna anna tæknimanna Flugmálastjórnar.

Nýi flugturninn þykir glæsilegur en hann er sambyggður húsi Flugmálastjórnar á Ísafjarðarflugvelli og setur sterkan svip á flughlaðið. Kol og salt ehf. sá um hönnun turnsins en verktaki við byggingarframkvæmdirnar var Ágúst og Flosi ehf.

– halfdan@bb.is

Góð sala hjá Vestfirska forlaginu

Bækurnar sex sem Vestfirska forlagið gefur út fyrir þessi jól virðast ætla að fljóta ofan á jólabókaflóðinu að sögn Hallgríms Sveinssonar forleggjara. „Okkar bækur hafa farið mjög vel af stað í ár. Svo virðist sem hóflegt markaðsstarf á liðnum árum sé nú að skila sér í vaxandi eftirspurn og þrátt fyrir að bækurnar séu um margt ólíkar þá virðist áhugi á þessum vestfirska veruleika fara vaxandi.“ Hallgrímur segir að bók Gísla Hjartarsonar „101 ný vestfirsk þjóðsaga“ sem nú kemur út í sjöunda sinn fari mjög vel af stað að vanda. „Einnig hefur bókin „Frá Bjargtöngum að Djúpi“ vakið töluverða athygli og þó sérstaklega grein Ara Ívarssonar um kolavinnslu í Stálfjalli á fyrri hluta liðinnar aldar. Fyrir þeirri vinnslu stóð Guðmundur E. J. Guðmundsson sem kallaður var kolakóngur Vestfjarða. Þessi vinnsla var sannkölluð stóriðja á Vestfjörðum og grein Ara er gott innlegg í þá umræðu sem nú á sér stað um atvinnumál vestra. Það er greinilega ýmislegt hægt ef viljinn er fyrir hendi“. Þar sem stærstu söludagar fyrir jól eru eftir segist Hallgrímur vera orðinn mjög bjartsýnn á gengi bókanna að vestan.

– hj@bb.is

Óskum starfsfólki okkar til sjós og lands gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum árið sem er að líða.

Sparisjóður Bolungarvíkur
Bolungarvík – Suðureyri
Sendum Bolvíkingum, Súgfirðingum og öðrum Vestfirðingum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin

ÍSAFJARÐARBÆR
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

FJÖLNIR HF
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

ÍSLANDSBANKI
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Bæjarstjórn Bolungarvíkur sendir íbúum sveitarfélagsins og viðskiptavinum sínum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir hið liðna.
Bæjarstjórinn.

Sjúkrahúsið fært í hátíðarbúning fyrir þá sem ekki komast heim yfir jólin

Jólahald á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði (FSÍ) er nú í undirbúningi eins og víðast hvar annars staðar og verður reynt að gera jólin sem hátíðlegust fyrir þá sem ekki geta verið heima hjá ástvinum sínum.

„Við reynum að gera sjúkrahúsið sem jólalegast og koma þeim heim sem þangað geta farið“, segir Auður Helga Ólafsdóttir, deildarstjóri hjá FSÍ. Um helgina verða jólatré á deildum sjúkrahússins skreytt og verður þá væntanlega kominn hátíðlegur blær á vistaverur sjúklinga. Jólatréð í dagstofunni verður skreytt þann 22. desember.

Aðstandendur eru hvattir til að dvelja sem mest hjá sjúklingum yfir hátíðirnar. „Heimsóknartímar eru frjálsir og við hvetjum ættingja til að koma og vera sem mest með sínu fólki, lesa með þeim jólakort og opna jólapakka“, segir Auður Helga.

Á Þorláksmessu verður að sjálfsögðu boðið upp á skötu í hádegismat fyrir þá sem vilja. Á aðfangadag klæðast sjúklingar sparifatnaði og snæða ásamt starfsfólki í borðsal sjúkrahússins sem verður gerður hátíðlegur með dúkum og kertaljósum.

Hátíðarguðsþjónusta verður á jóladag. Að messu lokinni verður boðið upp á kaffi, öl, smákökur og konfekt.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Landsbankinn
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ÍSLANDSSAGA
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Súðavíkurhreppur
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Ísafjarðarbær þátttakandi í Listahátíð í Reykjavík 2005?

Ísafjarðarbær verður hugsanlega þátttakandi í Listahátíð í Reykjavík sem haldin verður dagana 14. maí til 15. júní á næsta ári. Þátttakan felst í því að vissir atburðir hátíðarinnar verða haldnir á Ísafirði. „Forsvarsmenn listahátíðar óskuðu eftir samstarfi við okkur. Væntanlega verða þá tveir stórir atburðir haldnir á Ísafirði í tengslum við myndlist og tónlist, og jafnvel fleiri smærri viðburðir“, segir Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Listahátíðin mun að þessu sinni verða dreifðari en áður. „Áætlað er að í tengslum við hátíðina verði stórt myndlistarverkefni sem dreift verður um allt land. 15 erlendir myndlistarmenn, sem eru stór nöfn í listaheiminum, koma til Íslands og fái innblástur frá þeim ýmsu stöðum sem þeir fara til. Þá myndu listamenn koma til Ísafjarðar“, segir Rúnar. Aðsögn Rúnars mun koma í ljós mjög bráðlega hvort Ísafjarðarbær verði þátttakandi í hátíðinni. „Það gæti þess vegna skýrst fyrir jól.“

Listahátíð í Reykjavík var fyrst haldin árið 1970 og hefur verið haldin annað hvert ár síðan þá. Markmið hátíðarinnar hefur frá upphafi verið að undirbúa og halda í Reykjavík hátíðir þar sem fram fara kynningar á sviði tónlistar og söngs.

– thelma@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Gleðilega jólahátíð!

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Stærsta hátíð kristinna manna er í nánd. Jólin ná reyndar út fyrir kristna trú, því enginn kemst hjá því í hinum vestræna heimi að taka eftir því að þau ganga í garð með skrauti og mikilli umgjörð, að ógleymdum jólagjöfunum. Hátið á mörkum ljóss og skugga, ef þannig má að orði komast, má finna langt aftur fyrir kristni. Heiðnir menn fögnuðu komu ljóssins, hækkandi sól á þessum tímamótum er myrkrið lætur undan birtunni. Ekki skal gert lítið úr öllu tilstandinu, en minnt á, að fyrst og fremst er okkur öllum nauðsynlegt að tileinka okkur boðskap friðar og kærleika um jól og reyna að geyma hann í hug okkar og hjarta til næstu jóla. Efnishyggjan og búksorgirnar eiga sinn rétt í mannlífinu, ef ekki, þá hyrfi það og trúin með.

Frá síðustu jólum hefur margt gerst á Íslandi, sumt gott, margt betra og sitt hvað verra eins og gerist. Hvernig sem líf okkar allra hefur verið síðasta árið er það einlæg von, að allir eigi einhverjar góðar minningar og helst fleiri en hinar. Við höfum orðið vitni að því að enginn er óhultur fyrir áföllum, og nægir að nefna að fyrrverandi forsætisráðherra mátti reyna alvarlegan heilsubrest. Jólin eiga að vera okkur tækifæri til að líta yfir farinn veg og skoða hug okkar og njóta þess innri friðar, sem þau sannarlega boða. Hinu skal ekki gleymt, að sá sem þau eru kennd við, Jesú Kristur, átti ekki alltaf góða ævi, heldur var hundeltur af þeim sem stjórnuðu og lét að lokum líf sitt vegna boðskapar síns. Engu að síður lagði hann megináherslu á frið við guð og menn.

Íslenska þjóðin hefur upplifað mikla velsæld á liðnu ári, þótt margir haldi því fram að ekki njóti hennar allir og alls ekki jafnt. Lífið hefur aldrei verið jafnt, en okkur ber að leggja áherslu á jafnræði, jafna kosti allra til lífs og lífsgæða svo sem framast er unnt. Hluti þess er að sjálfsögðu að allir landsmenn eigi kost á góðu lífi við þær aðstæður sem þeir kjósa sér, svo fremi þeir skaði ekki aðra. Vestfirðingum er líkt farið og mörgum þeim einstaklingum sem telja sig bera skarðan hlut frá borði, að þeim finnst þeir verða útundan á kostnað heildarinnar. Hvað skyldi Kristur hafa sagt um það? Því verður ekki svarað hér, en hvatt til samstöðu og þess að glata ekki trú á framtíð Vestfirðinga. En Kristur hvatti menn til að rækta skyldur sína við yfirvöld og guð, gjalda keisaranum það sem hans væri og guði það sem honum bæri.

Frið fáum við ekki nema að rækta bæði sál og líkama og þá þannig að vera þess minnug að saman fara veraldlegar og andlegar þarfir hvers manns. Margir hafa reynt að neita trúarbrögðum, en ekki öðlast hamingju í staðinn. Ekki er ætlunin að hefja umræðu um trúarbrögð, en því er ekki neitað að fyrr eða síðar kemur að því í ævi hvers manns að spyrja um tilgang lífsins og hvers vegna við séum hér og hvað okkur sé ætlað. Þá verður því ekki gleymt að trúin flytur fjöll, að vísu í óeiginlegum skilningi.

Þær óskir eru settar hér fram að við eigum öll í vændum jól friðar og kærleika og megum njóta þess að vera með þeim sem okkur þykir vænst um. Þeim sem misst hafa ástvini eru færðar samúðarkveðjur. Vestfirðingum eru færðar óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Gefum okkur næði til þess um jól að hugsa til þeirra sem minna mega sín og getum við rétt þeim hjálparhönd, að gera það svo lítið beri á. Ræktum frið og elsku til allra manna um jól og gleymum ekki elsku til okkar sjálfra um jól. Megi friður jólanna ríkja meðal lesenda BB sem allra annarra.

Samkaup úrval Ísafirði
Við uppfyllum þínar óskir
Allt sem þú þarft í jólamatinn
Glæsilegt kjötborð - Gæði í gegn
Tilboðsverð
135 kr/kg
Tilboðsverð
499 kr
Tilboðsverð
599 kr
Tilboðsverð
99 kr/kg
Tilboðsverð
399 kr
Tilboðsverð
99 kr/kg
Tilboðsverð
99 kr/kg
Samkaup úrval

Jólaveðrið

Horfur Þorláksmessu: Norðlæg átt með éljum á norðanverðu landinu, en björtu veðri sunnan til. Kalt í veðri, frost bíða 13-18 stig til landsins.

Horfur á aðfangadag: Áfram búist við norðlægri átt með ofankomu norðanlands, en björtu veðri syðra og minnkandi frosti.

Horfur á jóladag: Áfram búist við norðlægri átt með ofankomu norðanlands, en björtu veðri syðra og minnkandi frosti.

Horfur 2 í jólum: Gengur líklega í suðaustanátt með slyddu og síðar rigningu og hlýnar.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Aftansöngur kl. 23:30 á aðfangadag. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00 á jóladag.

Hnífsdalskapella: Aftansöngur kl. 18:00 á aðfangadag

Spurningin

Hversu miklu eyðir þú í jólagjafir?

Alls svöruðu 486.

0-10 þús. kr. sögðu 53 eða 11%

11-20 þús. kr. sögðu 85 eða 17%

21-50 þús. kr. sögðu 172 eða 35%

51-100 þús. kr. sögðu 116 eða 24%

Meira en 100 þús. kr. sögðu 66 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Smáauglýsingar

Til sölu eru Michelin dekk 205/80 R16, á 16" sex gata felgum. Passa undir MMC L 300. Uppl. í síma 892 1755.

Til sölu er lítil íbúð á miðhæð, norðurenda að Túngötu 3 á Ísafirði. Uppl. í símum 557 8561 eða 584 0035.

Lítið sófasett óskast í skiptum fyrir trélistaverk. Upplýsingar í síma 456 8333.

Á laugardag töpuðust gleraugu í svörtu hulstri á Ísafirði. Finnandi er vinsamlegast beðinn að hringja í síma 456 7459.

Til sölu er hornsófi, 2+1 og Lazy Boy leðurstóll. Selst saman á kr. 75 þús. Uppl. í síma 895 1594.

Eldur í mannlausum bát

Í síðustu var tilkynnt um eld í káetu mannlauss báts sem lá við bryggjukant í Sundahöfn á Ísafirði. Slökkviliðið var kvatt á vettvang en áður en það var komið á staðinn höfðu vegfarendur, sem urðu eldsins varir, náð að slökkva eldinn með duftslökkvitæki. Tjón varð ekki mikið, en svo virðist sem of mikill bruni hafi orðið í „sólóeldavél."

Minnisstæðustu jólin

Minningar sem skapast um jól eru ætíð sérstakar í hugum manna. Flestir hafa skapað sér hefðir í gegnum tíðina og oft eru jólin í föstum skorðum. Þó koma stundum jól sem eru einhverra hluta vegna eftirminnilegri en önnur. Blaðamaður Bæjarins besta fór á stúfana og bað fjóra einstaklinga um að segja frá minnisstæðustu jólum þeirra. Fyrir valinu urðu þau Bryndís Friðgeirsdóttir, Guðmundur M. Kristjánsson, Guðjón Már Þorsteinsson og Jóna Símonía Bjarnadóttir sem deila hér með lesendum blaðsins jólaminningum sínum.

– Guðmundur M. Kristjánsson, yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar segir frá jólum sem hann eyddi með prinsi í sameinuðu arabísku furstadæmunum (SAF).

Einn í múslimalandi um jólin

„Síðustu jól voru mjög eftirminnileg. Þá var ég að vinna í Abu Dhabi í SAF við að aðstoða meðlim konungsfjölskyldunnar, einn prinsanna, við veiðar. Á jólunum vorum við út á sjó á snekkju að veiða í troll sem ég útbjó fyrir prinsinn. Á aðfangadag var ég kominn í land um miðjan dag og fékk fína steik í kvöldmat á hótelinu sem ég dvaldi á. Að vera einn í múslimalandi þar sem ekkert minnti á jólin hæfði mér mjög vel. Ég hef nefnilega aldrei verið mikið jólabarn. Mér finnst jólin vera sóun á tíma og óþarfa peningaeyðsla í kringum þau. Það kom þannig til að ég var úti á sjó við Persaflóa um jól þegar leitað var til mín og ég spurður hvort ég gæti ekki leyst úr ákveðnu vandamáli fyrir einn meðlim konungsfjölskyldunnar í Abu Dhabi. Prinsinn var orðinn þreyttur á að fara út á snekkjunni sinni og veiða á stöng. Hann fékk lítinn afla á stöngina og var í keppni við bróðir sinn sem var á annarri snekkju. Markmið hans var að fiska meira en bróðir sinn. Prinsinn frétti af mér í gegnum kunningja minn en þar sem ég hef unnið út um allan heim þekki ég fólk víða. Ég var sem sagt spurður hvort ég gæti leyst úr vanda prinsins og ég taldi það vera lítið mál. Ég bjó til lítið troll sem hægt var að hengja aftan í snekkju. Hann átti yfir tuttugu snekkjur en sú sem við fórum á var smíðuð hérna á Íslandi í Trefjum í Hafnarfirði og var sérútbúin fyrir þetta verkefni. Jólin í Abu Dhabi eru ekkert í líkindum við það sem við þekkjum. Ég hafði það mjög gott var á nýju hóteli og dvaldi á efstu hæð í álmu sem einungis var ætluð gestum konungsfjölskyldunnar. Ég dvaldi þar í tíu daga og kom heim á gamlársdag. Það er aftur á móti minn dagur. Þó mér leiðist yfir jólin sjálf er ég alltaf í góðu stuði á gamlársdag."

„Ég hef átt jól út um allan heim og þá voru ein jól í Argentínu einnig mjög eftirminnileg og skemmtileg. Ég var þar að vinna að verkefni fyrir fyrirtæki sem Carlos Menem, þáverandi forseti Argentínu, átti. Ég var staddur á litlu strandhóteli. Þetta var ekki á ferðamannatíma þar sem Argentínumenn eru mjög heimakærir yfir jólin og njóta þess að vera með fjölskyldunni. En hótelinu var haldið opnu fyrir okkur sem voru að vinna að verkefninu. Hjónin sem áttu hótelið, Jorge og Olga Natali, smöluðu á hótelið allri fjölskyldu sinni. Þar voru bræður, systur, börn og barnabörn, sem sagt stórfjölskyldan. Eftir máltíð sem tekur 3-4 tíma að torga fengu menn sér rauðvín, kaffi eða viskí og fóru að syngja tangó. Í Argentínu gengur söngurinn á milli manna og alltaf þegar margir koma saman er mikið um söng og jafnvel taka einhverjir sig til og dansa tangóinn. Annars situr fólk bara í hring og hlustar. Ástæðan fyrir því að ég hef átt kost á því að upplifa jólin á margvíslegan hátt er líklega sú að ég er lítið gefinn fyrir jólatímann og allt sem honum fylgir. Ég hef þó alltaf vorkennt börnunum mínum að þurfa upplifa jól með mér. Ég bíð eftir barnabörnunum til að taka mig á og mun bæta þetta upp með þeim", segir Guðmundur M. Kristjánsson.

Þegar jólakötturinn rústaði jólatrénu

„Fyrsta veturinn minn í Háskólanum eignaðist ég kött sem spásseraði með mér um götur borgarinnar í ól eins og hunda er siður. Þar sem ég hafði engan til að líta eftir honum ef ég skrapp af bæ var ekki um annað að ræða en taka hann með. Var hann orðinn vanur því að fljúga og keyra og reyndar sólginn í að fara í bíltúra. Þessi umræddu jól vildi svo illa til að flugið var vont og kötturinn mjög flugveikur. Hremmingum hans var þó ekki lokið. Eins og títt er með ketti var hann forvitinn með afbrigðum. Á Þorláksmessukvöld fór litla systir mín í bað og setti í það ilmandi baðsalt sem gerði vatnið grænt á lit. Kötturinn stóðst ekki mátið að spígspora á brúninni með þeim afleiðingum að hann datt í karið. Ekki veit ég í hvoru heyrðist hærra, kettinum eða litlu systur en skrækirnir voru ógurlegir. Þegar kettinum hafði verið bjargað úr baðkarinu var ekki sjón að sjá hann, hvíti feldurinn allur grænn, sem auðvitað varð að þvo úr, og í ljós kom að undir veglegum feldinum leyndist horaður köttur. Aðfangadagskvöld leið í rólegheitum og skemmti kötturinn sér við að tæta jólapappírinn. Hluti fjölskyldunnar ákvað að fara í miðnæturmessu, þar með talið eigendur kattarins. En þegar heim var komið blasti við furðuleg sjón. Neðri hluti jólatrésins var rústir einar, skraut brotið og seríurnar og jólalengjurnar úr lagi gengnar. Kötturinn alveg brjálaður á gólfinu að leika sér með jólaskrautið og í sófanum sat heimilisfólkið skelfingu lostið. Kattarskömmin hafði sumsé notað tækifærið þegar eigendurnir fóru og farið á algert flipp og eyddi svo mikilli orku að hann lá fyrir næstu daga. Því miður lifði hann ekki fleiri jól en mikið hefur verið hlegið að þessum kattarjólum í fjölskyldunni", segir Jóna Símonía.

– Jóna Símonía Bjarnadóttir hefur alltaf verið talin mikið jólabarn og því fannst blaðamanni Bæjarins besta alveg tilvalið að forvitnast um það hvernig eftirminnilegustu jól hennar voru.

Skondnustu jól sem ég hef upplifað

„Ég er einn af þeim sem elska jólin og hef reynt að láta þau vera þann tímapunkt í lífi mínu þar sem ég sættist við Guð og menn og þess vegna ætla ég að rifja upp ein skondnustu jól sem að ég hef upplifað. Jólin 2001 verða alltaf ofarlega í huga mínum. Að loknum vinnudegi dreif ég mig heim enda jólin að bresta á. Vídeóleigan var opin frá 10-16 og alltaf er jafnmikið að gera á þessum degi sem einnig er skemmtilegasti vinnudagur ársins. Allir eru í jólaskapi og eftirvæntingin fyrir kvöldið skín úr augum barnanna sem koma með mömmu og pabba. Þegar ég kom heim var búið að láta renna í baðið. Eftir raksturinn að baði loknu skoppaði ég í eldhúsið til þess að leggja lokahönd á matargerðina sem er það skemmtilegasta við jólin að mínu mati. Sérstaklega eftir að börnin fara að vaxa úr grasi. En þessi jól gengu nú ekki alveg eins og ætlað var. Þannig vildi til að kl. 17:55 tók rafmagnið upp á því að hverfa og þá voru góð ráð dýr. Ekkert rafmagn og ég að reyna að ljúka við matargerðina. Krakkarnir urðu fúlir og þá sérstaklega strákurinn minn enda var hann átta ára gutti sem gerði sér grein fyrir því að ekki yrði byrjað að opna pakkana fyrr en eftir matinn. Nú voru góð ráð dýr og ég reyndi að finna leið til að ljúka við matseldina og datt þá útigrillið í hug en eftir nokkra umhugsun ákvað ég að það væri ekki góð hugmynd. Ég sagði öllum að rafmagnið hlyti að koma á aftur bráðlega og við skyldum bíða róleg. Tíminn leið og að 40 mínútum liðnum var ég orðinn ákaflega svartsýnn og krakkarnir að detta í fýlugírinn. Þegar liðinn var heill klukkutími án rafmagns ákvað ég að byrja á forréttinum, enda kaldur rækjukokteill og graflax í boði. Við borðuðum það með góðri lyst og nú var bara að fá rafmagn til að klára aðalréttinn, en ekkert bólaði á því. Ég stakk því upp á því að sleppa aðalréttinum í bili, enda klukkan orðin hálf níu, og fara beint í heimalagaða ísinn og taka upp pakkana í leiðinni. Allir voru sammála og borðuðum við eftirréttinn við kertaljós og jólatónlist í ferðaútvarpinu og tókum upp pakkana í stóískri ró. Yndisleg stund, ekkert stress og ekkert uppvask. Nú þegar búið var að taka upp pakkana og innbyrða ísinn kom rafmagnið og klukkan langt gengin í ellefu um kvöldið. Þá var ekkert annað að gera en að klára sósuna, stinga hryggnum í ofninn og borða aðalréttinn. Þetta voru ein skemmtilegustu jól sem ég hef upplifað. Allir voru sáttir við sitt hlutskipti og ég er ekki frá því að rafmagnsleysið hafi afstressað alla meðlimi fjölskyldunnar og gert jólin enn skemmtilegri fyrir vikið“, segir Guðjón.

– Guðjón M. Þorsteinsson, verslunarmaður og formaður Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar rifjar upp skondin jól þegar ekkert virtist ætla að ganga upp en að lokum urðu þau ein af hans bestu jólum.

Húsbóndann vantaði við jólaborðið

„Eftirminnilegustu jólin í mínum huga og reyndar barnanna minna líka eru þegar húsbóndann vantaði við jólaborðið á aðfangadagskvöld. Það voru skrítin jól. Már var á sjó og var að koma með togara sem verið var að kaupa til Ísafjarðar. Már ásamt hinum um borð sigldu með togarann frá Danmörku þar sem hann hafði verið í viðgerð og lentu þeir í vondu veðri og töfðust um tvo sólarhringa á leiðinni heim. Þeir lágu í vari við Færeyjar og sættu svo lagi og voru ekki komnir til Ísafjarðar fyrr en á annan í jólum. Börnin veltu því mikið fyrir sér hvort það væri jólatré um borð í skipum ef svona kæmi uppá og hvort jólasteikin væri nógu hátíðleg. Svo var jólagjafaleysið líka áhyggjuefni hjá þeim. Þeim fannst sjálfsagt að svona hlutir væru meðal neyðarbirgða í skipum. Ég velti hins vegar öðrum hlutum fyrir mér sem ég ræddi auðvitað ekki við börnin. Á þeim tíma var ekki eins auðvelt að ná símasambandi eins og nú er og þess vegna gátu þau ekki spurt pabba sinn um alla þessa hluti. Við hringdum í þulinn sem les jólakveðjurnar í útvarpinu og báðum hann um að skjóta inn kveðju til áhafnarinnar og vonuðum að þeir næðu útsendingunni á langbylgjunni um borð. Þá kom það í minn hlut að elda matinn og er það í eina skiptið í okkar búskap sem ég hef fengið það hlutverk á aðfangadag. Þegar húsbóndinn á heimilinu var loks kominn í höfn, tveimur sólarhringum of seint, var haldin önnur hátíð með tilheyrandi hátíðarmat, kertaljósum og gjöfum sem hann átti eftir að opna.“

– Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ og svæðisfulltrúi Rauða Kross Íslands á Vestfjörðum segir frá eftirminnilegustu jólum sínum er Már Óskarsson eiginmaður hennar komst ekki heim um jólin.

ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Laus störf frá áramótum til loka skólaárs. Ein staða **íþróttakennara**, einkum sundkennsla í byrjun og leikfimi síðar. Ein staða **stuðningsfulltrúa** í sérdeild. **Pólskukennsla**. Um er að ræða stundakennslu (nokkrar stundir á viku).
Umsóknir skal senda til skólans fyrir 29. desember.
Skólastjóri veitir frekari upplýsingar í síma 456 3170.

Það borgar sig að vera áskrifandi!

Sendi viðskiptavinum mínum sem og Vestfirðingum öllum, bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 · Ísafirði · Sími: 456 4144 · Fax: 456 4243

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu. Sjá einnig www.snerpa.is/fasteignir

Sportið í beinni

SkjárEinn:
Sunnudagur 26. des.:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Arsenal – Fulham.
Kl. 15:00– Enski boltinn: Man. Utd. – Bolton
Kl. 18:00 – Enski boltinn: WBA – Liverpool.

Þriðjudagur 28. des.:
Kl. 16.30 – Enski boltinn: Liverpool – Southampton
Kl. 20:00 – Enski boltinn: Aston Villa – Man. Utd.

Miðvikudagur 29. des.:
Kl. 20:00 – Enski boltinn: Newcastle – Arsenal.

Sýn:
Miðvikudagur 22. des.:
Kl. 19:50 – Spænski boltinn: Real Madrid – Sevilla.

Laugardagur 25. des.:
Kl. 19:55 – NBA karfan: LA Lakers – Miami Heat.

Sunnudagur 26. des.:
Kl. 10:50 – Enski boltinn: Reading – Watford.

Canal + sport:
Sunnudagur 26. des.:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Arsenal – Fulham
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Everton – Man. City
Kl. 18:00 – Enski boltinn: WBA – Liverpool

Þriðjudagur 28. des.:
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Charlton Athl. – WBA

Canal+ Norge:
Sunnudagur 26. des.:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Charlton – Aston Villa.
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Bolton.

Þriðjudagur 28. des.:
Kl. 20:00 – Enski boltinn: Aston Villa – Man. Utd.

Kanal 5 Danmark:
Miðvikudagur 22. des.:
Kl. 20:00 – Spænski boltinn: Real Madrid – Sevilla.

Sunnudagur 26. des.:
Kl. 13:00– Enski boltinn: Chelsea – Aston Villa.

Eldur í kertaskreytingu

Síðdegis á föstudag fékk lögreglan á Ísafirði tilkynningu um að eldur hefði kviknað í kertaskreytingu í húsi á Ísafirði og var slökkviliðið kvatt á vettvang. Eldurinn náði ekki að læsa sig í annað en skreytinguna, en litlu mátti þó muna. Lögreglan vill hvetja alla til að fara með mikilli varúð með opinn eld. Tveir ökumenn voru stöðvaðir í síðustu viku, grunaðir um ölvun við akstur. Mál þessara manna fær hefðbundna afgreiðslu með hliðsjón af niðurstöðu rannsókna á alkóhólmagni í sýnum. Þá þykir það tíðindum sæta að enginn ökumaður var stöðvaður í vikunni fyrir of hraðan akstur.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

Skutulsfjörður

Valt og hafnaði út í sjó

Mikil mildi þykir að enginn skyldi slasast alvarlega er bíll valt út af Skutulsfjarðarbraut við Tunguá um kl. 3 aðfaranótt sunnudags og hafnaði úti í sjó. Tveir menn voru í bílnum og komust þeir af eigin rammleik út úr bílnum og gátu hringt á hjálp. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar hlutu þeir minniháttar meiðsl en bíllinn er mikið skemmdur. Mikil hálka var er slysið varð.

Héraðsdómur

Fimm menn dæmdir

Fimm menn voru dæmdir í Héraðsdómi Vestfjarða á fimmtudag, ýmist fyrir líkamsárásir, umferðarlagabrot og/eða fíkniefnalagabrot.

Mennirnir voru dæmdir til greiðslu sekta, samtals ríflega 800 þúsund kr., auk þess sem tveir þeirra voru dæmdir til skilorðsbundinnar fangelsisvistar og einn var sviptur ökurétti. Þá voru gerð upptæk hass, hnífur og 108 þúsund krónur sem tengdust hluta málanna.

Héraðsdómur

Gítar gerður upptækur

Maður var í Héraðsdómi Vestfjarða á föstudag dæmdur til greiðslu 80 þúsund króna sektar fyrir að hafa breytt tilgreindu söluverði rafmagnsgítars sem keyptur var erlendis frá og reynt þannig að komast hjá greiðslu tæplega 16 þúsund króna aðflutningsgjalds. Þá var umræddur gítar gerður upptækur.

„Samkvæmt 136. gr. tollalaga er heimilt að gera upptæka vöru sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laganna. Með fölsuninni veitti ákærði tollstjóra af ásetningi rangar upplýsingar um verðmæti vörunnar. Þykir óhjákvæmilegt að fallast á kröfu ákæruvaldsins um upptöku hennar“, segir í dómnum.

Hugmyndir um samstarf við íbúa Austur-Grænlands lagðar fram

Brýn nauðsyn á að koma upp samstarfi milli landanna

Sjálfskipuð nefnd sem unnið hefur að hugsanlegum samstarfsmöguleikum við íbúa Austur-Grænland telur brýna nauðsyn á að komið verði upp markvissu verkefni er varðar mögulegt samstarf íbúa á svæðinu við Ísfirðinga. Á fundi atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar á dögunum voru lagðar fram tillögur nefndarinnar um samstarf á sviðum ferðaþjónustu, útvegs, sorpþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Nefndina skipa aðilar úr atvinnulífi Ísafjarðar sem hafa í kjölfar ráðstefnu í sumar um aukin samskipti milli íbúa svæðanna unnið í sjálfboðavinnu að hugmyndunum.

Í tillögum þeirra kemur fram að hugsanlegur árangur þessa verkefnis sé fólginn meðal annars í bættri nýtingu á Ísafjarðarhöfn með aukinni þjónustu við grænlenskar útgerðir og að viðkoma áhafna útgerða hafi áhrif á verslun og þjónustu Ísafjarðar. Á ráðstefnunni sem haldin var í tengslum við Siglingadaga þann 20. júlí kom fram að samstarf milli Austur-Grænlands og Vestfjarða væri vel mögulegt, ekki síst vegna þess að Ísafjörður er næsti nágranni nokkurra þéttbýlisstaða á Austur-Grænlandi.

Atvinnumálanefnd fól Rúnari Óla Karlssyni, atvinnu- og ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar, að kanna vilja hagsmunaaðila og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða til að gera forkönnun á málinu.

Kortið sýnir siglingaleiðir milli Ísafjarðar og Austur-Grænlands.

Jón tók nokkur lög fyrir búðargesti og fékk Steingrím Rúnar Guðmundsson sér til aðstoðar. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Jón Sigurðsson tók lagið

Söngvarinn Jón Sigurðsson kom í verslunina BT á Ísafirði á sunnudag til þess að árita nýútkominn disk sinn og við það tækifæri tók hann nokkur lög við mjög góðar undirtektir viðstaddra. „Jón átti hér aðdáendur á öllum aldri og tók nokkuð mörg lög fyrir búðargesti. Hann tók lög af plötunni sinni, jólalög og er hann hafði lokið prógramminu tók hann við óskalögum. Þetta var virkilega skemmtilegt“, segir Rúnar Rafnsson, verslunarstjóri BT á Ísafirði. Jón vakti mikla lukku í sjónvarpsþættinum Idolstjörnuleit á Stöð 2 síðasta vetur og hafnaði í öðru sæti. Hann hefur nú gefið út geisladisk sem ber nafnið Our love og inniheldur safn erlendra laga.

– thelma@bb.is

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi

„Skoða ber hugmynd bæjarstjórans í Bolungarvík af fullri alvöru“

Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi segir fréttir um fyrirhugaðar uppsagnir starfsmanna ratsjárstöðva Ratsjárstofnunar hafa komið sér í opna skjöldu.

„Mér vitanlega hafa þessar breytingar ekki komið á borð þingmanna og því verður fyrsta skrefið að afla sér upplýsinga um málið. Mér virðist vera nokkuð óljóst hvað gera skal í starfsmannamálum og hversu umfangsmiklar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi stofnunarinnar“, segir Kristinn.

Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík sagði í samtali við blaðið að breytingar á starfsemi stofnunarinnar gætu falið í sér ákveðin sóknarfæri því alveg eins mætti fjarstýra ratsjárstöðvunum frá Bolafjalli eins og frá Miðnesheiði. Aðspurður um þessa hugmynd segir Kristinn að það geti varla skipt neinu máli frá sjónarhóli kaupanda þjónustunnar hvort útstöð ratsjárstöðvanna heiti Bolafjall eða Miðnesheiði. „Það ber því að skoða hugmynd bæjarstjórans af fullri alvöru“, segir Kristinn. *– hj@bb.is*